FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

284. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 1. DESEMBER 2016




Bjarni Benediktsson ræddi við Steingrím J. Sigfússon, fyrrverandi formann VG, á leið sinni til fundar við Katrínu Jakobsdóttur, formann VG, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gæti verið erfitt að finna samstarfsflokk

**Formaður Samfylkingarinnar segir að þrátt fyrir að flokkurinn sé í viðkvæmri stöðu komi ekki til greina að fórna málefnum sem hann leggur mesta áherslu á. Reynt hefur verið að slíta samstarfi Viðreisnar og Bjartrar framtíðar án árangurs. Alþingi kemur saman 6. desember.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarmyndunarviðræður Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks gætu strandað á viljaleysi annarra flokka til að vera þriðja hjól í samstarfinu. Reynt hefur verið að reka fleyg á milli Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, til að máta síðarnefnda flokkinn við þriggja flokka stjórn sem næði frá vinstri til hægri, en án nokkurs árangurs. Þingmenn Bjartrar framtíðar meta stöðu sína sterkari í samstarfi við Viðreisn.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Vinstri græn leggi á það áherslu að Samfylkingin komi inn í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki. Vinstriblokk stjórnarinnar hefði þá þrettán þingmenn en Sjálfstæðisflokkur 21. Ekki komi til greina að fá Pírata í stjórn af hálfu Sjálfstæðisflokks og ekki komi til greina að Framsóknarflokkur verði þriðji flokkur í stjórn, af hálfu Vinstri grænna. Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segist sjálfur hafa heyrt að sá möguleiki hafi verið ræddur.

„Staðreyndin er sú að það er mjög langt á milli okkar og Sjálfstæðisflokksins í mjög mörgum málum og ýmislegt á milli okkar og Vinstri grænna í öðrum málum. Ég ímynda mér í fljótu bragði að það séu svo stór mál að þetta komi ekki til greina.“

Í samtali við fréttastofu í gær sagði Bjarni Benediktsson að hans vonir stæðu til að hægt væri að gera vopnahlé um ákveðin mál sem ágreiningur er um.

„Og leggja til hliðar þau mál sem flokkarnir, sem eiga að starfa með honum, berjast fyrir? Ef það eru stjórnarskráin, Evrópumálin og sjávarútvegurinn þá segi ég bara nei, við munum ekki gera vopnahlé um slík mál,“ segir Logi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Viðreisn, Píratar, Samfylking og Björt framtíð séu jafnvel tilbúin að reyna aftur við fimm flokka stjórn.

Ákveðið hefur verið að þing komi saman 6. desember næstkomandi, óháð því hvort ný ríkisstjórn hafi verið mynduð eða ekki. – snæ

## Seldu kjöt af varphænum

**NEYTENDAMÁL** Brúnegg hefur selt varphænur sínar sem vistvænar unghænur. Þetta kemur fram í umfjöllun Fréttablaðsins um fyrirtækið. Engu var slátrað frá fyrirtækinu til manneldis árið 2015, þegar afskipti Matvælastofnunar af rekstrinum voru sem mest, en á fimmta þúsund fuglum á þessu ári.

Í umfjölluninni kemur líka fram að nokkur fyrirtæki hafa þegið boð forsvarsmanna Brúneggja um að skoða aðstæður á búum fyrirtækisins áður en þau taka endanlega ákvörðun um að hætta viðskiptum með öllu. – shá / sjá síðu 10

**❯❯ Nokkur fyrirtæki hafa þegið boð forsvarsmanna Brúneggja um að skoða aðstæður á búunum.**

## Fréttablaðið í dag




**FRÉTTIR** Helmingur þingmanna fær tvöföld laun. 2

**SKOÐUN** Þórunn Sveinbjarnardóttir spyr hvort það borgi sig að fara í háskóla. 26

**SPORT** Hamskipti Haukanna í handboltanum. 36

**LÍFIÐ** Eyþór snýr aftur í Tappa tíkarrass. 68

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg suðaustlæg átt og súld eða rigning á sunnanverðu landinu en úrkomulítið norðan til fram á kvöld. Hlýnandi veður og frostlaust um allt land um kvöldið.

SJÁ SÍÐU 44

# Jólastjörnur í Hveragerði



Bryndís Eir Þorsteinsdóttir var að hlúa að fjölmörgum jólastjörnum þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í Garðyrkjustöð Ingibjargar í Hveragerði. Alls eru á milli sjö og átta þúsund plöntur ræktaðar þar fyrir jólin ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Eggjakvóti verði gefinn frjáls

**NEYTENDAMÁL** „Vegna þess trúnaðarbrests sem orðið hefur á milli neytenda og verslunar annars vegar og eggjaframleiðandans Brúneggja hins vegar vegna illrar meðferðar á dýrum er fyrirsjáanlegt að framboð á eggjum í verslunum dragist saman um allt að 20% í mestu baksturstíð ársins.“ Þetta segir Félag atvinnurekenda, sem skorar á stjórnvöld að gefa þegar í stað út opinn, tollfrjálsan innflutningskvóta á ferskum eggjum til að bregðast við fyrirsjáanlegum eggjaskorti fyrir jólin. – jhh

**20%**

**samdráttur í framboði er fyrirsjáanlegur að mati Félags atvinnurekenda.**

## Líkja vel eftir vörum frá Lego

**DANMÖRK** Danski leikfangaframleiðandinn Lego ætlar að grípa til lagalegra aðgerða gegn kínverska fyrirtækinu Lepin, sem framleiðir eftirlíkingar af legókubbunum. Eftirlíkingarnar eru ódýrari en Lego. Forsvarsmenn Lego telja þær hins vegar vera ólöglegar og brjóta gegn réttindum Lego.

„Lepin kóperar í stórum dráttum alla okkar framleiðslu og það erum við ekki ánægð með,“ segir Peter Kjær, aðstoðarframkvæmdastjóri lögfræðideildar Lego, við fréttastofu DR. Hann segir að framleiðslan geti verið léleg og í versta falli hættuleg.

DR segir að merki, umbúðir, notendaleiðbeiningar og vörurnar frá Lepin minni svo mikið á Lego að notendur sjái ekki muninn. – jhh

**» Leikföng Lepin eru sögð svo lík Lego að notendur geti ekki greint muninn.**

## Pelosi leiðir Demókrata enn

**BANDARÍKIN** Nancy Pelosi var endurkjörin leiðtogi Demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings í gær í sjöunda sinn. Hún fékk rúmlega tvöfalt fleiri atkvæði en áskorandi hennar frá Ohio, Tim Ryan.

Sá er á sínu sjöunda kjörtímabili í þinginu en bauð sig fram vegna þess að gengi flokksins í kosningunum þann 8. nóvember olli honum vonbrigðum.

Pelosi fékk 134 atkvæði en Ryan 63. Fjöldi þeirra sem greiddu atkvæði gegn Pelosi gefur til kynna óánægju með áframhaldandi leiðsögn hennar eftir fjórtán ára valdatíð, ef marka má greiningu Washington Post.

Þegar úrslitin voru ljós tók Pelosi til máls og sagði við fjölmiðla að Ryan hefði staðið sig vel í kosningabaráttunni. „Ég held að vandamál samtímans nái út fyrir stjórnmálin. Þau snúast um eðli Bandaríkjanna,“ sagði Pelosi. – þea




# 32 þingmenn fá greidd tvöföld laun í dag

**Alþingismenn fá nú greidd laun eftir nýjum úrskurði kjararáðs. Þingmenn sem taka sæti í fyrsta sinn, um helmingur þingmanna, fá greitt fyrir tvo mánuði. Þingmaður Bjartrar framtíðar hefur fundið fyrir kvíða yfir útborgunardeginum.**

**ALÞINGI** Alþingismenn Íslendinga fá í dag greidd laun fyrir unnin störf samkvæmt nýjum úrskurði kjararáðs. Laun þingmanna hækkuðu daginn eftir kjördag um 44 prósent og eru rétt rúm 1,1 milljón króna á mánuði. Þing hefur enn ekki komið saman eftir kosningar en líklegt er að það komi saman í næstu viku.

Ofan á þingfararkaupið fá þingmenn einnig greiddar 83.853 krónur skattfrjálst vegna ferðakostnaðar í eigin kjördæmi samkvæmt þingfararkostnaði sem ákveðinn er af forsætisnefnd þingsins. Einnig fá þingmenn 90.636 krónur greiddar í starfskostnað en af þeirri upphæð er greiddur skattur. Þingmenn landsbyggðarkjördæma geta einnig fengið greitt fyrir húsnæði í borginni eins og venjan er.

Nýir þingmenn sem ekki sátu á þingi á síðasta kjörtímabili fá tvöfalt kaup greitt út í dag. Þingmenn eru venjulega á fyrirframgreiddum launum en nýir þingmenn fá nú bæði greitt fyrir nóvembermánuð og desembermánuð. Fá þeir því 2.202.388 krónur í þingfararkaup, tvöfaldan skattfrjálsan ferðakostnað greiddan sem er rúmlega 167.000 krónur, og um 181 þúsund krónur í starfskostnað.

„Það verður að segjast að þingfararkaupið eins og það var hefði vel dugað mér. Ég hef aldrei fengið svona laun í einni útborgun,“ segir Andrés Ingi Jónsson, nýr þingmaður VG. „Einnig horfir fólk í þessa hækkun sem er eðlilegt og í vændum kjarabarátta á almennum vinnumarkaði.“

Nichole Leigh Mosty er nýr þingmaður Bjartrar framtíðar. Hún segist hafa verið kvíðin fyrir útborgunardeginum. „Ég hef eiginlega sem minnst viljað hugsa um þetta. Nú vil ég bara að þing komi saman sem fyrst þannig að við getum rætt þetta. Mér finnst þetta ósanngjarnt,“ segir Nichole. „Ég var leikskólastjóri í litlum leikskóla og ég vil að þingið taki á þessu máli.“

sveinn@frettabladid.is



Nú styttist í að þing komi aftur saman. Þingmenn fá hins vegar launin sín þótt engir fundir séu haldnir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Ég hef eiginlega sem minnst viljað hugsa um þetta. Nú vil ég bara að þing komi saman sem fyrst þannig að við getum rætt þetta. Mér finnst þetta ósanngjarnt.**

Nichole Leigh Mosty, þingmaður Bjartrar framtíðar



Andrés Ingi Jónsson


HJARTANLEGA
VELKOMIN
**Njóttu þess** að undirbúa jólin í hlýju og notalegu umhverfi. Fjölbreytt úrval verslana, veitingastaða og ókeypis bílastæði.
**Yfir 1000 góðar hugmyndir.** Taktu jólagjafahandbókina með í innkaupaleiðangurinn.
OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD
JÓLAGJAFA HANDBÓK
Kringlan
Af öllu hjarta
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Steinþór hættir sem bankastjóri Landsbankans

**STJÓRNSÝSLA** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, og bankaráð bankans hafa náð samkomulagi um að hann hætti störfum hjá bankanum.

Tilkynning þessa efnis var send út í gær. Ekki kemur fram í tilkynningu hverjar séu ástæður þess að Steinþór hættir, en bankinn hefur mikið verið gagnrýndur vegna sölu eignarhlutar í Borgun, meðal annars í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Haft er eftir Steinþóri í tilkynningu frá bankanum að síðastliðin sex og hálft ár hafi verið viðburðarík og gríðarlega mikið hafi áunnist við að endurreisa fjárhag heimila og fyrirtækja. „Landsbankinn hefur tekið stakkaskiptum á þessum tíma og ég skil sáttur við mín störf,“ segir Steinþór í tilkynningunni. Hann vildi ekki tjá sig frekar um starfslokin þegar eftir því var leitað og vísaði í tilkynningu bankans.

Haft er eftir Helgu Björk Eiríksdóttur í tilkynningunni að mörg krefjandi úrlausnarefni hafi verið leidd til lykta undir forystu Steinþórs og staða bankans styrkst. Við starfi Steinþórs tekur tímabundið Hreiðar Bjarnason, framkvæmdastjóri fjármála, en staða bankastjóra verður auglýst fljótlega.

Rekstur Landsbankans var góður undir stjórn Steinþórs og ljóst er að hann er ekki að hætta hjá bankanum af því að hann stóð sig ekki vel við rekstur hans. Er afkoma bankans besti vitnisburður þess en hann naut trausts bankaráðsins alveg þangað til í síðustu viku.



Steinþór Pálsson hættir sem bankastjóri eftir að hafa stýrt Landsbankanum í á sjöunda ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**» Rekstur Landsbankans var góður undir stjórn Steinþórs og ljóst er að hann er ekki að hætta hjá bankanum af því að hann stóð sig ekki vel við rekstur hans.**

Samanlagður hagnaður Landsbankans á starfstíma Steinþórs Pálssonar í bankanum nemur um 170 milljörðum króna samkvæmt ársreikningum bankans frá 2010 og til dagsins í dag og níu mánaða uppgjöri þessa árs. Á sama tímabili hefur bankinn greitt ríkissjóði 82 milljarða króna í arð. **– hh / þþ**

## GoPro ræðst í niðurskurð

**TÆKNI** GoPro hyggst reka fimmtán prósent starfsmanna sinna og loka afþreyingardeild fyrirtækisins. Fyrirtækið, sem skilar ekki hagnaði, mun þannig skera niður um 200 störf. Frá þessu var greint í fréttatilkynningu sem GoPro sendi frá sér í gær.

Afþreyingardeild GoPro hefur leitast við að markaðssetja íþróttamyndbönd, tekin á myndavélar fyrirtækisins. Það hefur ekki gengið sem skyldi og mun fyrirtækið því beina sjónum sínum eingöngu að framleiðslu myndavéla og myndavéladróna.

„Eftirspurn eftir vörum GoPro er mikil og við höfum nú breytt áherslum okkar til að einbeita okkur að kjarna fyrirtækis okkar,“ segir forstjórinn Nicholas Woodman í fréttatilkynningunni. **– þea**

**15%**

**starfsmanna GoPro missa vinnuna á næstunni.**

## HÍ heiðrar nýdoktora

**MENNTUN** Í dag munu 66 doktorar, sem brautskráðst hafa frá Háskóla Íslands á tímabilinu 1. desember 2015 til 1. desember 2016, taka við gullmerki skólans við hátíðlega athöfn. Þriðja árið í röð nær skólinn markmiði sínu um 60-70 brautskráningar úr doktorsnámi á ári eins og kveðið er á um í stefnu skólans.

Viðstaddur athöfnina verður Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem flytur ávarp. Enn fremur flytur Sunna Gestsdóttir, doktor í menntavísindum, ávarp fyrir hönd brautskráðra doktora. **– jhh**

# Ekki ráð á grunni sem steyptur var án leyfis Þingvallanefndar

**Forsætisráðuneytið hefur ekki svarað ósk um 70 milljóna króna framlag svo Þingvallanefnd geti keypt 137 fermetra húsgrunn á leigulóð ríkisins í þjóðgarðinum. Nefndin telur framkvæmdir á lóðinni „hugsanlega“ ekki í samræmi við leyfi sem nefndin veitti. Til stóð að tengja tvö hús með anddyri í staðinn fyrir skjólvegg.**

**STJÓRNSÝSLA** Framkvæmdir við sumarhús við Þingvallavatn eru ekki í samræmi við heimildir Þingvallanefndar sem vill neyta forkaupsréttar og eignast steyptan grunn á lóðinni fyrir 70 milljónir króna.

Í sumar sem leið var auglýstur til sölu steyptur grunnur að nýju sumarhúsi í þjóðgarðinum á bakka Þingvallavatns. Eigendurnir, hjónin Bogi Pálsson og Sólveig Dóra Magnúsdóttir, fengu 70 milljóna króna kauptilboð frá Gísla Haukssyni, eiganda fasteignafélagsins Gamma.

Þingvallanefnd ákvað eftir umfjöllun fjölmiðla að neyta forkaupsréttar og óskaði í lok október eftir afstöðu forsætisráðuneytisins til fjármögnunar.

Fram kemur í tölvupóstssamskiptum starfsmanna forsætisráðuneytisins að ekki liggi peningar á lausu fyrir kaupunum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður ákvörðun um málið látin bíða þar til ný ríkisstjórn tekur við.

Vandséð er að byggingin á umræddri leigulóð í eigu ríkisins sé í samræmi við heimildir frá Þingvallanefnd. Í ágúst 2006 óskuðu lóðarhafarnir eftir því að tengja saman aðalhús og svefnskála með nýju anddyri í stað þess að þau væru tengd saman með palli og skjólvegg.

„Öll hönnunin miðar að því að raska ekki þeim jarðvegi sem húsið stendur á og í kring um það er og verður því alfarið notast við sömu undirstöður og núverandi hús eru byggð á, auk þess sem notast verður við eins mikið af núverandi byggingarefni og ástand þess leyfir,“ segir í erindi Boga Pálssonar og Sólveigar Dóru Magnúsdóttur til Þingvallanefndar sem samþykkti beiðnina enda væri haft að leiðarljósi að raska sem minnstu.

Framkvæmdirnar sem síðan hófust voru ekki í samræmi við það sem Þingvallanefnd samþykkti. „Í ljós hefur komið að lóðarleiguhafar létu rífa sumarhúsin sem stóðu á lóðinni árið 2008 og í stað þeirra var steyptur 133,7 fermetra grunnur úr steinsteypu á stöplum með kjallara en stærð kjallarans er ekki innifalin í framangreindri stærð,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður í bréfi til forsætisráðuneytisins í lok október síðastliðins.

Í bréfi þjóðgarðsvarðar kemur fram að fyrirhuguð bygging sé í „verulegri andstöðu við gildandi byggingarskilmála innan þjóðgarðsins“ og að „verulegs ósamræmis gætir á milli framkvæmdanna sem þegar eru hafnar og orðalags bókunar nefndarinnar“ vegna umsóknar lóðarhafanna.

„Þingvallanefnd telur að þar sem sumarhúsin voru rifin og steyptur var í stað þeirra grunnur á stöplum ásamt kjallara séu hugsanlega í reynd brostnar forsendur fyrir því að endurbygging sumarhúsanna teljist til þeirra lagfæringa eða breytinga sem þegar var búið að samþykkja,“ skrifar þjóðgarðsvörður forsætisráðuneytinu.

Leigusamningurinn við Boga og Sólveigu var endurnýjaður til tíu ára frá 1. janúar 2011.

„Óheimilt er að valda jarðraski eða reisa mannvirki á hinni leigðu lóð eða nágrenni hennar nema að fengnu samþykki Þingvallanefndar,“ er meðal annars undirstrikað í leigusamningnum.

Þó að framkvæmdirnar á lóðinni virðist unnar í leyfisleysi þá vill Þingvallanefnd að ríkið kaupi þar steypugrunn fyrir 70 milljónir króna. Ekki á að beita ákvæði leigusamningsins um vanefndir. „Vanefni leigutaki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum hefur hann fyrirgert leigurétti sínum,“ segir í samningnum. **gar@frettabladid.is**



„Verði mannvirki byggt á grunninum er ljóst að það verður stærsta mannvirki innan þjóðgarðsins í eigu einstaklinga,“ segir í bréfi þjóðgarðsvarðar til forsætisráðuneytisins. MYND/SKJÁSKOT AF AUGLÝSINGU FASTEIGNAMARKAÐARINS

**Lóðarleiguhafar létu rífa sumarhúsin sem stóðu á lóðinni árið 2008 og í stað þeirra var steyptur 133,7 fermetra grunnur.**


Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður




blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

## AÐEINS Í DAG

**Opið til kl. 21:00 í SKÚTUVOGI**

**OPIÐ TIL 19:00**
**Í ÖÐRUM VERSLUNUM**



Risa Tax Free dagurinn er í dag
Sjáumst í Húsasmiðjunni og Blómavali

***Gildir ekki af vörum í timbursölu**
***Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og KitchenAid vörum**
***Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“**

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

# Vill að konum verði leyft að keyra bíla í Sádi-Arabíu

**SÁDI-ARABÍA** Sádiarabískur prins, Alwaleed bin Talal að nafni, vill að konum verði leyft að keyra bíla í Sádi-Arabíu.

„Hættum umræðunni: Það er kominn tími til þess að konur keyri,“ skrifar hann á Twitter-reikning sinn. Frá þessu er meðal annars skýrt á fréttavef breska dagblaðsins The Guardian.

Alwaleed er auðkýfingur mikill, umsvifamikill í viðskiptalífi Sádi-Arabíu og hefur lengi verið óhræddur við að tjá sig um réttindi kvenna og önnur hitamál þar í landi.

Hann færir meðal annars efnahagsleg rök fyrir áskorun sinni í yfirlýsingu sem barst frá skrifstofu hans stuttu eftir að Twitter-færslan birtist.

„Að banna konu að keyra bifreið er í dag réttindamál af svipuðu tagi og þegar konum var bannað að menntast eða vera sjálfstæðir einstaklingar,“ segir í yfirlýsingunni. „Þetta er ranglæti frá tímum hefðarsamfélags, miklu meira hamlandi en það sem leyft er að lögum samkvæmt forskrift trúarinnar.“ - gb



Alwaleed bin Talal, prins í Sádi-Arabíu. NORDICPHOTOS/AFP

> **Að banna konu að keyra bifreið er í dag réttindamál af svipuðu tagi og þegar konum var bannað að menntast eða vera sjálfstæðir einstaklingar.**
>
> Alwaleed bin Talal, prins





Bros auglýsingavörur með þínu merki

Skoðaðu litríkt úrval á bros.is

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki



Fullveldishátíð

1. desember í húsakynnum
Heimssýnar, Ármúla 4-6,
klukkan 20:30

Fjölbreytt dagskrá:

Ávörp: Jón Bjarnason, formaður Heimssýnar og Halldóra Hjaltadóttir, formaður Ísafoldar.

Hátíðarræða: Haraldur Ólafsson veðurfræðingur.

Hljómsveitin Reggí Óðins.

Sigurður Alfonsson harmonikkuleikari.

Söngur, tónlist og kaffiveitingar.

Kynnir: Þollý Rósmundsdóttir.

Allir velkomnir
Heimssýn

Heimssýn Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum

Ísafold félag ungs fólks gegn ESB aðild

HERJAN

NEI við ESB


## Kalt í Kasmír



Kalt hefur verið í Kasmír núna í vetur. Þessi fjárhirðir, sem staddur var nærri borginni Srinagar, þurfti því að harka af sér. Á veturna er að jafnaði 2,5 gráðu hiti í Srinagar á daginn en frost á næturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Nýr samningur mætir ekki kröfum kennara

**Samið um 11 prósenta launahækkun og 204 þúsunda eingreiðslu. Ragnar Þór Pétursson, trúnaðarmaður kennara í Norðlingaskóla, segir menn ekki rórri en áður. Forystan muni hætta verði kjarasamningur felldur í þriðja skiptið.**

**KJARAMÁL** Trúnaðarmenn kennara voru áhyggjufullir þegar þeim var kynntur nýr kjarasamningur á fundi með Félagi grunnskólakennara í gærmorgun. Þetta segir Ragnar Þór Pétursson, kennari í Norðlingaskóla og trúnaðarmaður kennara þar.

„Ég get ekki séð að menn séu miklu rórri en þeir voru fyrir. Þeir eru að reyna að sjá hver munurinn er á þessum samningi og þeim sem felldir voru tvisvar. Munurinn virðist óverulegur að öðru leyti en því að þessi samningur er til eins árs en hinn var fram á vor 2019.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kveður nýundirritaður samningur Félags grunnskólakennara og samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga á um 11 prósenta hækkun, það er 7,3 prósenta hækkun 1. desember og 3,5 prósenta hækkun 1. mars 2017. Jafnframt var samið um eingreiðslu 1. janúar næstkomandi upp á 204 þúsund krónur fyrir 100 prósenta starf. Öll gæsla verður greidd í yfirvinnu frá 1. desember. Kjarasamningurinn gildir til 30. nóvember 2017.



Vöfflukaffi hjá ríkissáttasemjara að lokinni undirritun kjarasamningsins í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ragnar Þór kveðst hafa varpað fram þeirri spurningu á fundi með trúnaðarmönnum og Félagi grunnskólakennara í gær hvort menn væru með plan B ef þessi samningur yrði felldur eins og hinir tveir. „Formaðurinn sagði að hann og samninganefndin myndu þá segja sig frá þessu verkefni. Þá tekur við óvissutími um framhaldið.“

Sjálfur kveðst Ragnar Þór hafa átt von á því að menn gerðu betur, eins og hann orðar það. „Ég bjóst við að þeir myndu koma með jákvæð og uppbyggileg skilaboð inn í framhaldið og taka á þeim bráðavanda sem við stöndum frammi fyrir. Til að ég hafi trú á að svo verði þurfa sveitarfélögin að koma með útspil um að eitthvað meira gerist en að kreista þetta í gegn.“

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um samninginn mun liggja fyrir mánudaginn 12. desember.

Að mati Ragnars Þórs gæti vel farið svo að samningurinn verði felldur. „Þetta er ákaflega erfið staða.“ ibs@frettabladid.is

# ÖLL SKEMMTILEGU LEIKFÖNGIN FÆRÐU Í HAGKAUP



**Avengers titan fígúra 30cm**
**3.299kr**
vnr.952750



**Avengers battle pack**
**1.699kr**
vnr.955492



**Star Wars ljósaverð**
**6.499kr**
vnr.948823



**Star Wars fígúra 30cm**
**2.999kr**
vnr.948820



**Star wars hero mashers fígúra**
**3.299kr**
vnr.949719



**Pony fígúra**
**1.299kr**
vnr.952733



**Equestria - Pinkie Pie**
**6.999kr**
vnr.923461



**Equestria - Twilight**
**6.999kr**
vnr.923461



**Disney Prinsessur**
**3.499kr**
vnr 952727



**Bangsar 15cm 24 tegundir**
**1.499kr**
vnr.955923

**Pug 35cm**
**2.599kr**
vnr.939358



**Pony Sælgætisbúð**
**6.499kr**
vnr.952739

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

Allt úrval í Kringlunni, Skeifunni og Smáralind minna í öðrum verslunum. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.



Nú fæðast að meðaltali 1,95 börn hjá fjölskyldum í Danmörku sem ekki koma frá vestrænum löndum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Færri börn hjá innflytjendum

**DANMÖRK** Innflytjendur í Danmörku, sem ekki koma frá vestrænum löndum, eru farnir að laga sig að dönsku fjölskyldumynstri. Fyrir um það bil 20 árum var algengt að fjögur eða fimm börn fæddust í fjölskyldum sem komu frá Tyrklandi og Pakistan. Meðaltalið var 3,19 börn á fjölskyldu en 1,74 í dönskum fjölskyldum.

Nú fæðast að meðaltali 1,95 börn hjá fjölskyldum sem ekki koma frá vestrænum löndum. Fæðingartíðnin hjá dönskum konum er óbreytt.

Auk aðlögunar er 24 ára reglan frá 2002 talin eiga hlut að máli. Hún snýst um að koma í veg fyrir sameiningu fjölskyldna ef annar aðilinn í hjónabandinu hefur ekki náð 24 ára aldri. **– ibs**



Leigubílastöðvar sem sjá um ferðaþjónustu í Stokkhólmi hafa ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru. NORDICPHOTOS/AFP

## Ferðaþjónusta fær háar sektir

**SVÍÞJÓÐ** Yfirvöld í Stokkhólmi hyggjast sekta leigubílastöðvar sem sjá um ferðaþjónustu fyrir hreyfihamlaða um 10 milljónir sænskra króna eða sem samsvarar rúmlega 120 milljónum íslenskra króna.

Á vef sænska dagblaðsins Dagens Nyheter er haft eftir fulltrúa samgöngunefndar að leigubílastöðvarnar hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru um ferðaþjónustuna.

Kvartað hefur verið undan því að bílar hafi ekki komið og bílstjórar hafi iðulega komið of seint. Jafnframt hafa einstaklingar kvartað undan slæmu viðmóti. **– ibs**

# Trump ætlar að fórna viðskiptum fyrir embættið

**BANDARÍKIN** Donald Trump, sem tekur við forsetaembætti Bandaríkjanna í janúar, skýrði frá því í gær að hann ætlaði að hætta með öllu að taka þátt í viðskiptum.

„Forsetaembættið er miklu mikilvægara verkefni,“ skrifar hann á Twitter-reikning sinn.

Hann segist ætla að skýra nánar frá því hvernig hann ætlar að haga þessu á blaðamannafundi í New York þann 15. desember.

„Þótt mér beri ekki lagaleg skylda til að gera þetta, þá finnst mér það mikilvægt út á við að ég lendi ekki í neinum hagsmunaárekstrum við fyrirtæki mín sem forseti,“ segir Trump.

Börnin hans verða með honum á blaðamannafundinum í New York, sem bendir kannski til þess að þau eigi að yfirtaka reksturinn. Annar möguleiki er sá að fyrirtækin verði sett í hendur sérfræðinga til umsýslu, þar sem Trump og fjölskylda hans fengju engu ráðið.

Trump hefur verið gagnrýndur fyrir að halda að hann verði laus við hagsmunaárekstra með því einu að láta börnum sínum eftir fyrirtækin. **– gb**



Kvöldið áður en Trump skýrði frá því að hann ætlaði að segja skilið við viðskiptalífið snæddi hann með Mitt Romney, fyrrverandi mótframbjóðanda sínum, sem fram að því hafði ekki farið fögrum orðum um Trump. NORDICPHOTOS/AFP

# Milljarðar í olíuleit á Drekanum

Fyrirtækin sem hafa leyfi til olíuleitar á Drekasvæðinu hafa þegar varið um þremur milljörðum króna til rannsókna. Í desember liggja fyrir niðurstöður mælinga beggja leyfishafa og framhald rannsókna skýrist.

**ORKUMÁL** Fyrirtækin sem hafa leyfi til rannsókna á Drekasvæðinu hafa þegar varið nær þremur milljörðum króna til rannsókna, að mati sérfræðings Orkustofnunar. Fyrir árslok liggja fyrir niðurstöður mælinga sem byggja á þeim tveimur rannsóknaleyfum sem í gildi eru og framhald rannsókna skýrist.

Það er Skúli Thoroddsen, lögfræðingur hjá Orkustofnun, sem hefur reiknað út hver kostnaður fyrirtækjanna er þegar orðinn, og byggir hann útreikninga sína á ýmsum upplýsingum sem hann og Orkustofnun hafa viðað að sér og hafa aðgang að. Hafa beri í huga, segir Skúli, að vegna þess hversu fá fyrirtæki ráðast í olíuleit um þessar mundir sé kostnaðurinn aðeins brot af því sem áður var.

„Þetta eru ekki tölur úr bókhaldi fyrirtækjanna svo því sé haldið til haga. Ég set þessar tölur fram svo menn átti sig á því hvað rannsóknirnar eru umfangsmiklar og dýrar,“ segir Skúli sem tók saman gögnin vegna hugmynda um riftun Íslands á núverandi leyfum, sem hann telur fullvíst að hefði í för með sér milljarða kostnað fyrir íslenska ríkið og því vart raunhæfur kostur. Eins og kunnugt er hafa fimm af sjö stjórnmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi lýst yfir efasemdum um frekari leit og vinnslu olíu á Drekasvæðinu og eru loftslagssjónarmið ástæða þess. Sjálfur er Skúli ekki sannfærður um þessi rök enda sé sá möguleiki fyrir hendi að olía eða gas á Drekasvæðinu geti hjálpað til við að draga úr brennslu kola og þannig hjálpað til við að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins.



Olíurannsóknarskipið Oceanic Challenger á Reyðarfirði árið 2015 við upphaf rannsókna sem kínverska ríkisolíufélagið CNOOC leiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL AÐALSTEINSSON

### Frekari svör í desember

- Kínverska olíufélagið CNOOC International og samleyfishafar þess, Eykon ehf. og norska ríkisolíufélagið Petoro, hafa gefið út að niðurstöður tvívíðra endurkastsmælinga sem fram fóru 2015 gefi tilefni til áframhaldandi rannsókna.
- Niðurstaðna sams konar mælinga kanadíska félagsins Ithaca Petroleum, sem er hinn rekstraraðili leyfishafa olíuleitar og vinnslu á Drekasvæðinu, ásamt Kolvetni og fyrrnefndu Petoro, er að vænta í byrjun desember, en ákvörðun þarf að liggja fyrir í því leyfi fyrir janúar 2017 um hvort haldið verður áfram með leyfið eða það gefið eftir.

**Ég set þessar tölur fram svo menn átti sig á því hvað rannsóknirnar eru umfangsmiklar og dýrar.**

Skúli Thoroddsen, lögfræðingur Orkustofnunar



Heiðar Guðjónsson, fjárfestir og stjórnarformaður Eykon Energy, segir um vanmat að ræða hjá Skúla, en er ekki í aðstöðu til að segja hverju það nemur.

„En skiptingin á fjárfestingunni liggur fyrir. Hana er að finna í leyfunum sjálfum,“ segir Heiðar en í leyfinu sem CNOOC International leiðir er skiptingin þannig að 60% af kostnaði leggur CNOOC fram, Petoro 25% og Eykon 15%. Í minna leyfinu sem Ithaca Petroleum leiðir er skiptingin þannig að Petoro leggur fram 25%, Kolvetni (í eigu Eykon Energy) 18,75% og Ithaca 56,25%.

Að mati sérfræðinga kínverska olíufélagsins CNOOC hníga rök til þess að halda rannsóknum áfram. Næsti fasi rannsókna yrði með þrívíðum endurkastsmælingum (3D seismic) á völdum stöðum innan leyfissvæðisins á Drekanum. Rannsóknaáætlun gerir ráð fyrir að þær hefjist ekki fyrr en í fyrsta lagi árið 2018. Gefi þær rannsóknir svo aftur tilefni til frekari skoðunar, yrði leitarhola boruð í framhaldinu á árunum 2022-2026. Reynslan sýnir enn fremur að vinnsla á olíu og gasi getur varla hafist innan áratugar frá því að vinnanlegt magn finnst en um það er enn mikil óvissa .

Fari svo að olíuleit á Drekasvæðinu verði haldið áfram og rannsóknarhola eða -holur verða boraðar er ljóst að þeir þrír milljarðar sem þegar hefur verið varið til þeirra, að mati Skúla, eru aðeins dropi í hafið miðað við heildarkostnaðinn.

svavar@frettabladid.is




# Flugvélin líklega eldsneytislaus

**KÓLUMBÍA** Flugvélin sem hrapaði í Kólumbíu nærri borginni Medellín í vikunni með leikmenn brasilíska knattspyrnuliðsins Chapecoense innanborðs varð að öllum líkindum eldsneytislaus. Frá þessu greinir BBC og vísar í hljóðupptökur frá flugturninum í Medellín.

Stuttu áður en upptökunni lýkur heyrist flugmaðurinn biðja um leyfi til þess að lenda vegna algerrar rafmagnsbilunar og eldsneytisleysis. Þá heyrist hann segja að flugvélin sé í 2.743 metra hæð.

Einungis sex af þeim 77 sem voru um borð lifðu flugslysið af en auk fótboltamannanna voru tuttugu blaðamenn í vélinni.

Chapecoense var á leiðinni til Medellín til þess að leika einn stærsta leikinn í sögu félagsins, úrslitaleik Copa Sudamericana gegn Atletico Nacional. Nú hefur Atletico Nacional óskað eftir því að lið Chapecoense verði krýnt meistari.

AFP greinir frá því að heimildarmönnum fréttastofunnar innan kólumbíska hersins þyki flugslysið afar grunsamlegt. „Það er mjög grunsamlegt að þrátt fyrir höggið hafi engin sprenging orðið. Það styrkir kenninguna um að eldsneytisleysi hafi orðið til þess að flugvélin hrapaði,“ er vitnað í einn heimildarmannanna.



Stuðningsmenn Chapecoense söfnuðust saman á heimavelli félagsins í gær og syrgðu. NORDICPHOTOS/AFP

Orsök slyssins hefur þó ekki verið staðfest og er búist við því að full rannsókn málsins taki nokkra mánuði. Nú hefur verið í flugrita vélarinnar og eru þeir nú til rannsóknar. Breskir rannsakendur munu aðstoða við rannsóknina þar sem flugvélin, British Aerospace 146, var framleidd þar í landi. **– þea**

# 30% AFSLÁTTUR!

## ERLENDAR MATREIÐSLUBÆKUR




Tokyo Cult Recipes
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-




Simply Veg
**TILBOÐSVERÐ: 3.779.-**
Verð áður: 5.399.-




Gennaro's Italian Bakery
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-




Persepolis
**TILBOÐSVERÐ: 4.899.-**
Verð áður: 6.999.-




Slow Dough
**TILBOÐSVERÐ: 3.499.-**
Verð áður: 4.999.-




Simple
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-




Japan From The Source
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-




Easy. Whole. Vegan.
**TILBOÐSVERÐ: 2.589.-**
Verð áður: 3.699.-




China The Cookbook
**TILBOÐSVERÐ: 4.899.-**
Verð áður: 6.999.-




Jamie Oliver's Christmas Cookbook
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-




Studio Olafur Eliasson
**TILBOÐSVERÐ: 4.899.-**
Verð áður: 6.999.-




Meat Cookbook
**TILBOÐSVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-


MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða 1. desember, til og með 4. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Kjötið selt sem vistvænar unghænur

**Fyrirtækið Brúnegg markaðssetti kjöt af varphænum sínum sem vistvænar unghænur áður en úrbætur voru gerðar. Fyrirtækið á engin egg á lager sem þarf að farga. Hluta af varpstofni Brúneggja verður slátrað ef ekki tekst að koma viðskiptasamböndum á að nýju.**

**LANDBÚNAÐUR** Nokkur fyrirtæki hafa þegið boð forsvarsmanna Brúneggja um að skoða aðstæður á búum fyrirtækisins áður en þau taka endanlega ákvörðun um að hætta viðskiptum við fyrirtækið með öllu. Hætti þeir viðskiptum verður hluta af stofninum slátrað. Brúnegg hefur selt varphænur sínar sem vistvænar unghænur. Engu var slátrað frá fyrirtækinu til manneldis árið 2015, þegar afskipti Matvælastofnunar af rekstrinum voru sem mest, en á fimmta þúsund fuglum á þessu ári.

Kristinn Gylfi Jónsson, einn eigenda Brúneggja, segir það smá glætu í tilverunni að viðskiptavinir ætli að skoða aðstæður, í ljósi þess að allir kaupendur að vörum þeirra hafa hætt viðskiptum við fyrirtækið.

Spurður um hvort Brúnegg hafi stóran lager af eggjum sem nú er óseljanlegur, eða að framleiðsla fyrirtækisins safnist einfaldlega fyrir á næstu dögum og vikum, svarar Kristinn því til að fyrirtækið hafi til þessa ekki annað eftirspurn.

„Við eigum því engan lager og þurfum engu að farga. Við þurfum ekki heldur að taka afstöðu til þess á næstu dögum hvort þarf að gera slíkt. Slík vandamál eru ekki komin upp. Í lengstu lög reynum við að komast hjá því að farga afurðum frá okkur,“ segir Kristinn en flestir eggjaframleiðendur reyna að eiga einnar til tveggja vikna lager. Hann bætir við að áform um að taka nýtt hús fyrirtækisins í notkun á næstu dögum hafi ekkert breyst. „Við erum að leggja niður elsta hlutann af búinu okkar á Teigi í þessari viku. Við gerum það eins og sakir standa núna en framtíðin verður að leiða í ljós hvort það er rétt ákvörðun,“ segir Kristinn en í nýja varphúsinu verða 4.000 til 4.500 fuglar.

Þegar spurt er um stöðuna þegar fram líður, og ef ekki tekst að endurnýja fyrri viðskiptasambönd, telur Kristinn aðeins um eitt að ræða. „Þá slátrum við úr stofninum hjá okkur. Við erum með mjög stóran stofn enda vorum við með 18 til 20% markaðshlutdeild. Þannig að það er kannski fimmta hver hæna í landinu,“ segir Kristinn en vill ekki gefa nánari upplýsingar um varpstofn Brúneggja, framleiðslutölur eða hvernig staðið verður að slátrun komi til slíkra aðgerða.

„Oft er hænum slátrað og viðurkenndar aðferðir eru til þess. Þær eru seldar sem unghænur kannski, við höfum gert það aðeins í gegnum tíðina,“ segir Kristinn þó, sem greindi frá því í viðtali við Bændablaðið í september 2014 að eftir að þeirra fuglar ljúka varptíma sínum „er þeim slátrað og höfum við reynt að nýta allt kjöt sem til fellur. Við höfum slátrað þeim hjá Ísfugli og selt sem vistvænar unghænur. Það er fugl sem er ekki eldaður eins og venjulegur kjúklingur, hann þarf mun meiri eldun og er til að mynda vinsæll í austurlenska matargerð.“ **svavar@frettabladid.is**



**Eftir að varphænur hafa lokið hlutverki sínu er þeim slátrað til manneldis. Brúnegg seldi sínar hænur sem vistvænar unghænur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**3.800** tonn af eggjum voru framleidd á Íslandi í fyrra (áætlun Hagstofu Íslands).

**20%** markaðshlutdeild hafði Brúnegg – og framleiddi því um 750 tonn.

> **Oft er hænum slátrað og viðurkenndar aðferðir eru til þess. Þær eru seldar sem unghænur kannski, við höfum gert það aðeins í gegnum tíðina.**



Kristinn Gylfi Jónsson, einn eigandi Brúneggja





- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli


# Hafa ekki eftirlit með aflífun alifugla

**LANDBÚNAÐUR** Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að skýrt sé kveðið á um í lögum hvað er leyfilegt og hvað ekki við aflífun dýra. Við hefðbundna aflífun á búum sé notast við koltvísýring og síðan eru hræin urðuð. „Við höfum ekki haft sérstakt eftirlit með aflífun á þessum alifuglabúum,“ segir Sigurborg en ekki er uppi grunur um að framleiðendur hafi verið að stytta sér leið með aflífun fuglanna. Um mannúðlega aðferð er að ræða, enda væri hún ekki annars leyfð – fuglarnir sofna fljótt af gasinu í þar til gerðum tunnum eða körum.

Á hefðbundnu eggjabúi fara fuglarnir í varphúsin í kringum 18 til 19 vikna aldur, og byrja að verpa á 23. viku. Hver fugl er síðan í varpi í 12 til 16 mánuði. Að þeim tíma liðnum hefur fuglinn skilað sínu.

„Ef þeim er slátrað þá eru fuglarnir sendir í slátrun eins og hver önnur dýr. Ef ekki er þeim fargað með þeim hætti sem ég lýsti,“ segir Sigurborg sem segir að ekkert af þeim fugli sem Matvælastofnun hafði afskipti af hjá Brúneggjum hafi verið slátrað til manneldis.

„Það var ekki um það að ræða. Mér er hins vegar kunnugt um að á þessu ári, 2016, hefur 4.500 hænum verið slátrað hjá Brúneggjum sem þeir hafa dreift undir sínum merkjum, enda staðan allt önnur á búinu núna. Árið 2015 var engu slátrað eftir því sem ég best veit, en ég get ekki dæmt um hvort það hafi verið vegna afskipta okkar. En í öllu falli var engu slátrað það ár,“ segir Sigurborg. **– shá**

> **Ef þeim er slátrað þá eru fuglarnir sendir í slátrun eins og hver önnur dýr. Ef ekki er þeim fargað.**



Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun




**01/12**

**Jóladagatal**

Foscarini. Binic.
Borðlampi.
Verð: 35.000 kr.
**Í dag: 21.000 kr.**

LUMEX

Skipholt 37 / www.lumex.is


# Réttur framleiðandans í fyrirrúmi

**NEYTENDAMÁL** Það sem blasir við eftir að Kastljós fjallaði um Brúneggjamálið á mánudag er að réttur framleiðandans á Íslandi er mun hærra skrifaður en neytandans. Það er ámælisvert og þarf leiðréttingar við. Það er vakning í neytendamálum í samfélaginu og með tilkomu samfélagsmiðla eru allir á vaktinni – nokkuð sem þeir sem selja vöru og þjónustu ættu að taka tillit til.

Þetta er mat Ólafs Arnarsonar, formanns Neytendasamtakanna. Hann segir það vonbrigði hvað staða íslenskra neytenda er veik. Í því ljósi hafi verið sláandi að sjá sitjandi landbúnaðarráðherra, Gunnar Braga Sveinsson, segja í viðtali við Kastljós á þriðjudagskvöld að hann vissi ekki hver af samráðherrum hans færi með neytendamál [Ólöf Nordal innanríkisráðherra fer með neytendamál]. Eins rifjar Ólafur upp orð forsætisráðherra, Sigurðar Inga Jónssonar, þegar reglugerð um vistvæna framleiðslu var afnumin, að ekkert væri því til fyrirstöðu að framleiðendur notuðu merkingar um vistvæna framleiðslu áfram.

„Gunnar Bragi, maðurinn sem ber ábyrgð á búvörusamningunum meðal annars, vissi þetta ekki. Þetta segir okkur bara nákvæmlega hversu hátt neytendamálin eru skrifuð hjá núverandi stjórnvöldum. Þau virðast skipta litlu sem engu máli í þeirra augum,“ segir Ólafur.

„Birtingarmyndin er sú að réttur framleiðandans er mikill og ríkulegur en réttur neytandans er settur til hliðar. Þetta stendur upp úr,“ segir Ólafur sem útilokar ekki hugmyndir Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, um einkavæðingu eftirlitskerfisins – aðspurður um lausnir.

„Maður veltir því fyrir sér, þegar maður sér þetta, hvort við erum að fá þá eftirlitsþjónustu sem við eigum skilið. Ég held ekki og þetta komi því til greina,“ segir Ólafur sem í dag hittir Jón Gíslason, forstjóra Matvælastofnunar, að máli í leit að skýringum á Brúneggjamálinu og öðrum álitamálum sem það hefur vakið upp.

„Það sem hefur breyst er að allir eru á vaktinni. Neytendamál eru í deiglunni – ekki síst vegna tilkomu samfélagsmiðla. Viðbrögð neytenda við þessu máli eru eitthvað sem þeir sem bjóða sína vöru og þjónustu ættu að hafa hugfast,“ segir Ólafur. **– shá**




**Brúnegg eru ekki lengur í sölu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Viðbrögð neytenda við þessu máli eru eitthvað sem þeir sem bjóða sína vöru og þjónustu ættu að hafa hugfast.**



Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna

# NOVA

## Afmælispartý í öllum verslunum í dag!

Kynntu þér tilboðin á nova.is.



**0 kr.**

**Nova í alla**

**fylgir!**

**farsímatilboðum**

í frelsi og áskrift

í **12** mánuði

0 kr. Nova í alla farsíma og heimasíma
á Íslandi fylgir farsímatilboðum hjá Nova.



**Við opnum Ingólfssvell**
**kl. 17:00 í dag!**



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

## Forsetakosningar megnið af árinu

**24. APRÍL**
**Fyrri umferð forsetakosninganna**
Norbert Hofer (35,1%) og Alexander Van der Bellen (21,3%) fengu flest atkvæði af samtals sex frambjóðendum. Þar sem enginn fékk 50% eða meira þurfti að kjósa aftur milli tveggja efstu.



**22. MAÍ**
**Seinni umferð forsetakosninganna**
Alexander Van der Bellen (50,3%) vann nauman sigur á Norbert Hofer (49,7%).

**1. JÚLÍ**
**Seinni umferðin úrskurðuð ógild**
Stjórnarskrárdómstóll úrskurðar seinni umferð kosninganna ógilda vegna galla á framkvæmd hennar sem náði til 77.926 atkvæða, helmingi fleiri en þau 30.863 atkvæði sem munaði á kjörfylgi frambjóðendanna. Nokkrum dögum síðar er ákveðið að seinni umferðin verði endurtekin þann 2. október.

**5. JÚLÍ**
**Tilkynnt um endurtekningu**
Christian Kern, kanslari landsins, skýrir frá því að seinni umferð kosninganna verði endurtekin þann 2. október.

**12. SEPTEMBER**
**Endurtekningunni frestað**
Wolfgang Sobotka innanríkisráðherra skýrir frá því að kosningunum verði frestað til 4. desember vegna galla á umslögum undir utankjörstaðaatkvæði, sem prenta þurfi aftur.



**4. DESEMBER**
**Seinni umferð forsetakosninganna endurtekin**
Seinni umferð forsetakosninganna endurtekin. Kjósendur velja aftur á milli Van der Bellens og Hofers.



Alexander Van der Bellen og Norbert Hofer mættust í sjónvarpskappræðum um síðustu helgi. Fylgi þeirra mælist enn nærri hnífjafnt. NORDICPHOTOS/AFP

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



# Ugla sat á kvisti

**Á sunnudaginn verður seinni umferð forsetakosninganna í Austurríki endurtekin eftir miklar tafir og flækjur. Þjóðin skiptist í nánast tvær jafnar fylkingar milli frambjóðendanna tveggja.**

**AUSTURRÍKI** Ekkert hefur breyst frá því að forsetakosningar skiluðu Alexander Van der Bellen naumum sigri yfir Norbert Hofer síðastliðið vor. Fylgi þeirra var nánast hnífjafnt og er það enn.

Van der Bellen sigraði með 50,3 prósentum en Hofer tapaði með 49,7 prósentum atkvæða.

Þær kosningar voru dæmdar ógildar og verða endurteknar sunnudaginn 4. desember. Fylgi þeirra beggja er enn að mælast rétt í kringum 50 prósentin. Hending ein virðist ætla að ráða því hvor verður ofan á.

Norbert Hofer er fullur eldmóðs, ákafur þjóðernissinni og hægrimaður, fulltrúi Frelsisflokksins sem óspart höfðar til ótta almennings við flóttafólk, útlendinga og alþjóðavæðingu almennt.

Alexander Van der Bellen er hins vegar hæglátur hagfræðingur og umhverfissinni sem nýtur stuðnings austurríska Græningjaflokksins, enda var hann leiðtogi flokksins í rúman áratug, frá 1997 til 2008.

Sigur Hofers yrði túlkaður sem vatn á myllu hreyfingar hægri þjóðernissinna sem mikill uppgangur hefur verið í víða í Evrópu undanfarin misseri, í beinu framhaldi af djúpri efnahagskreppu í álfunni og hernaðarhörmungum í Sýrlandi og víðar sem fólk hefur flúið unnvörpum. Og margir reynt að finna hæli í Evrópu.

> Fulltrúi hægri þjóðernissinna fær annað tækifæri á sunnudaginn til að vinna nauman sigur á Hofer.

**50,3%**
**atkvæða tryggðu Van der Bellen nauman sigur á Hofer í maí síðastliðnum, en þær kosningar voru síðar ógiltar.**

Hofer er partur af sömu hreyfingu og þau Marine le Pen í Frakklandi, Geert Wilders í Hollandi og Nigel Farage í Bretlandi, sem öll leggja í einhverjum skilningi ofuráherslu á að verja þjóðleg gildi gegn áhlaupi innflytjenda og alþjóðavæðingar.

Þessir flokkar hafa verið nefndir popúlistaflokkar, lýðskrumarar, enda snúist málflutningur þeirra fyrst og fremst um að ala á hræðslu almennings. Sá málflutningur sé allur á yfirborðinu en staðreyndir oft látnar liggja á milli hluta.

Sigur Donalds Trump í forsetakosningum Bandaríkjanna hefur orðið liðsmönnum þessara flokka hvatning til dáða. Þeir líta margir á hann sem ótvíræðan bandamann sinn.

Mörgum létti því að loknum kosningunum í maí þegar naumum sigri Græningjans Van der Bellens var lýst yfir. Sú undarlega staða var komin upp að fulltrúi Græningjahreyfingarinnar var orðinn fulltrúi hinna gamalreyndu stjórnmála gegn uppreisnaröflum úr röðum almúgans.

Jafnframt endurvakti ógilding þeirra kosninga ugg um að nú eigi Hofer aftur góða möguleika á sigri.

Í sjónvarpskappræðum um síðustu helgi tókust þeir á um þessi átakamál, sem tröllriðið hafa evrópskum stjórnmálum undanfarið.

Meðal annars sakaði Van der Bellen andstæðing sinn um að vilja koma Austurríki úr Evrópusambandinu, með sama hætti og Bretar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu í sumar. Hofer sagði samt ekkert hæft í því.

## Óttast alþjóðavæðingu

■ Óttast alþjóðavæðingu ■ Óttast að hagur sinn versni ■ Þjóðernisíhald

Uppgangur hægri þjóðernisflokka víða í Evrópu virðist einkum knúinn áfram af ótta við alþjóðavæðingu, jafnvel frekar en af ótta við versnandi eigin hag og varðstöðu um þjóðleg gildi. Þetta kemur fram í nýrri könnun þýsku Bertelsmann-stofnunarinnar.

Hér má sjá niðurstöður könnunarinnar á afstöðu fylgismanna helstu þjóðernisflokka Evrópu, borið saman við meðaltal íbúa viðkomandi landa.

| | Óttast alþjóðavæðingu | Óttast að hagur sinn versni | Þjóðernisíhald |
|---|---|---|---|
| AUSTURRÍKI | 55% | 37% | 38% |
| Frelsisflokkurinn | 69% | 52% | 47% |
| FRAKKLAND | 54% | 51% | 55% |
| Þjóðfylkingin | 76% | 67% | 67% |
| PÓLLAND | 50% | 22% | 55% |
| Lög og réttur | 58% | 20% | 67% |
| K15 | 58% | 18% | 56% |
| BRETLAND | 36% | 26% | 55% |
| UNGVERJALAND | 47% | 34% | 38% |
| Fidesz | 61% | 26% | 44% |
| Jobbik | 50% | 38% | 40% |
| ÞÝSKALAND | 45% | 34% | 39% |
| Valkostur fyrir Þýskaland AfD | 78% | 46% | 46% |
| HOLLAND | 40% | 26% | 53% |
| Frelsisflokkurinn | 57% | 37% | 63% |
| ÍTALÍA | 39% | 45% | 50% |
| Norðurbandalagið | 66% | 54% | 55% |
| Breski sjálfstæðisflokkurinn UKIP | 50% | 32% | 53% |

VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI – OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

# EKKI BARA GÆÐI

## FÓÐRAÐUR JAKKI
15.900 m/vsk
Fullt verð 19.900

## STUTTERMA-BOLUR
Svartur
1.590 m/vsk
Fullt verð 2.460

## FLANNEL-SKYRTA
Styrking í háls
Hnepptar
5.490 m/vsk
Fullt verð 7.400

## VINNUBUXUR
Litur: Svartur-
5.900 m/vsk
Fullt verð 9.781

## UNDIRFATNAÐUR
17.900 m/vsk
Fullt verð 23.515

## ÖRYGGISSKÓR
26.900 m/vsk
Fullt verð 33.990

## HNJÁPÚÐAR GEL
4.900 m/vsk
Fullt verð 6.907

## SMÍÐA-BUXUR
18.900 m/vsk
Fullt verð 25.900

## PRJÓNAPEYSA
9.900 m/vsk
Fullt verð 14.595

## SMÍÐA-VESTI
9.900 m/vsk
Verð frá 16.698

HOLTAGARÐAR
SÆBRAUT
SKÚTUVOGUR

www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvogi 1, Reykjavík
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI
VINNUFÖT

# Jólaeplin




## MacBook Air 13″
**Verð frá 159.990.-**



## MacBook Pro
**13″ Verð frá 219.990.-**

## MacBook Pro
**15″ Verð frá 329.990.-**

***Vaxtalaus greiðsludreifing**
Við bjóðum handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli í allt að 6 mánuði.
Við kaupverð bætist 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 405 kr., við hvern gjalddaga.

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# eru komin

VAXTALAUS EPLI
EPLI
Í ALLT AÐ 6. MÁN*



## MacBook 12″

**Verð frá 229.990.-**



**13,1 mm**
Á ÞYKKT

**920gr**
ÞYNGD

**12″**
RETINA SKJÁR

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind · Sími 512 1300 · epli.is

EPLI




Þær Guðrún og Guðlaug búa til þessa jólasveina úr tré.

# Undirbúningur á fullu



Stefán Karlsson
stefank@365.is
ljósmyndari

Íbúar Sólheima undirbúa sig nú fyrir jólamarkað sem haldinn verður í Kringlunni dagana 8. til 11. desember. Íbúunum er ýmislegt til lista lagt, eins og sjá má. Þeir hafa unnið hörðum höndum við að smíða, sauma, steypa, mála, rækta, baka og margt fleira undanfarið.



Erla Björk hefur málað fjölda eggja af mikilli nákvæmni.



Óli er aðalmaðurinn á Sólheimum þegar kemur að vefnaði.



Einar Baldursson málar myndir á borð við þessa. Hann hélt sína fyrstu einkasýningu á Menningarveislu Sólheima árið 2008 og seldi öll verk sín á fyrsta degi.



Eggin sem Erla Björk málar eru einkar litskrúðug.



Ármann Eggertsson sést hér prjóna úr bláu garni.

# DEBENHAMS

## 30%
**AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM FATNAÐI,
FYLGIHLUTUM &
GJAFAVÖRUM

## 60%
**AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM
DÖMUUNDIRFÖTUM

GILDIR ÚT MÁNUDAGINN 5. DESEMBER

Finndu okkur á facebook

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

**Skoda Octavia** G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

HEKLA

KJARAKAUP 3.190.000 kr.
Fullt verð: 3.510.000 kr.

Afsláttur
320.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin!

**MMC ASX** Intense / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 4.490.000 kr.
Fullt verð: 4.990.000 kr.

TAKMARKAÐ MAGN

Afsláttur
500.000 kr.



**Audi A4** B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

NÝIR BÍLAR

KJARAKAUP 8.595.000 kr.
Fullt verð: 9.550.000 kr.

Afsláttur
955.000 kr.



**VW Golf** Trendline 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

KJARAKAUP 2.890.000 kr.
Fullt verð: 3.190.000 kr.

Afsláttur
300.000 kr.



**Skoda Rapid** Spaceback Ambition 1.2 TSI / Bensín / Beinsk.

KJARAKAUP 2.450.000 kr.
Fullt verð: 2.890.000 kr.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR

Afsláttur
440.000 kr.



**VW Amarok** Double Cab 2.0 TDI / Dísil / Beinskiptur*

KJARAKAUP 4.990.000 kr.
Fullt verð: 5.840.000 kr.

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

Afsláttur
850.000 kr.



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði. Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

# TÆKNI




**Hægt er að hlaða niður House of Cards.** NORDICPHOTOS/AFP

## Netflix býður upp á niðurhal

**Aukin umsvif Amazon Prime fá Netflix til að breyta um stefnu og heimila niðurhal valins efnis.**

Streymisveitan Netflix býður nú notendum sínum upp á að hlaða niður völdum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum í snjallsíma sína og spjaldtölvur. Einungis verður hægt að nýta möguleikann á fyrrnefndum tækjum en ekki í borð- eða fartölvum þar sem möguleikann er eingöngu að finna í snjallforriti Netflix. Þá nær möguleikinn ekki til alls efnissafns Netflix heldur einungis valins hluta.

Möguleikinn mun gera notendum kleift að hlaða niður þáttum og horfa á þá seinna. Það gæti til að mynda komið að gagni þegar notandinn heldur í langt flug eða bílferð án nettengingar.

Með þessari ákvörðun er Netflix að verða við kröfu sem gerð hefur verið til fjölda ára. Fyrirtækið hefur alltaf neitað því að gefa notendum þennan möguleika á þeim grundvelli að farsímanet myndi duga notendum til að streyma efni.

Hins vegar er ákvörðun Amazon Prime, keppinautar Netflix, um að leyfa niðurhal sögð hafa haft úrslitaáhrif. Umsvif Amazon Prime hafa aukist vegna möguleikans að því er Cnet greinir frá og það hafi skotið Netflix skelk í bringu.

» **Aukin umsvif Amazon Prime eru sögð hafa ráðið úrslitum.**

Á meðal sjónvarpsþátta sem hægt er að hlaða niður eru ýmsir þættir sem Netflix hefur sjálft kostað framleiðslu á, til að mynda Orange Is the New Black, House of Cards og Stranger Things. Niðurhal annars efnis, það er að segja sjónvarpsþátta og kvikmynda sem Netflix hefur borgað fyrir að fá að birta, er mjög takmarkað.

Þó segir í tilkynningu frá Netflix að opnað verði fyrir niðurhal meira efnis á næstunni.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Steve Bannon, ráðgjafi Trumps.** NORDICPHOTOS/AFP

## Hægri hönd Trumps seldi gull í World of Warcraft

Steve Bannon, sem var framkvæmdastjóri forsetaframboðs Donalds Trump í Bandaríkjunum og hefur nú verið ráðinn sérlegur ráðgjafi forsetaefnisins, sat í stjórn fyrirtækis um miðjan síðasta áratug sem sérhæfði sig í að selja spilurum fjölspilunarleiksins World of Warcraft gull. Téð gull er helsti gjaldmiðill leiksins.

Kotaku greinir frá þessu en fyrirtækið hét Internet Gaming Entertainment. Gullið fékk fyrirtækið frá starfsmönnum í Kína sem unnu við spilun leiksins en sala þess fyrir raunverulegt fé er óheimil í leiknum.

Hlutverk Bannons var einna helst að tryggja fyrirtækinu fjármagn. Það gerði hann og fékk bankarisann Goldman Sachs til að fjárfesta í því fyrir nærri sjö milljarða króna.

Full spilari leiksins kærði fyrirtækið árið 2007. Sættir náðust á milli aðila og hætti fyrirtækið alfarið sölu gulls. Þá varð Bannon forstjóri og þar til 2012 stýrði hann fyrirtækinu undir nýju nafni, Affinity Media. Einbeitti hann sér að rekstri á leitarvélunum Wowhead, Lolking og TF2Outpost sem gerðar eru fyrir tölvuleikina World of Warcraft, League of Legends og Team Fortress 2. **– þea**



**Ef til vill keypti þessi Warcraft-áhugamaður gull af fyrirtæki Bannons.** NORDICPHOTOS/AFP



Í TILEFNI AF 25 ÁRA AMÆLI GARÐHEIMA
25% AFSLÁTTUR
AF NORDMANNSÞIN, GERVIJÓLATRJÁM,
LJÓSASERÍUM, LJÓSAHÚSUM OG BATTERÍSKERTUM
15%
AFSLÁTTUR
AF ÍSLENSKUM JÓLATRJÁM:
BLÁGRENI, RAUÐGRENI
SITKAGRENI, FURA OG
FJALLAÞINUR
HEITT KAKÓ
OG PIPARKÖKUR
Í JÓLATRJÁASKÓGINUM
GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 25 ÁR









**Hringurinn frá Oura Ring.** NORDICPHOTOS/AFP

# Fjárfesta fyrir 600 milljónir í snjallhring

## Finnska sprotafyrirtækið Oura Ring vill framleiða snjallhring sem fylgist með starfsemi líkamans.

Finnska sprotafyrirtækið Oura Ring aflaði um sex hundruð milljóna króna í fyrstu fjármögnunarlotu fyrirtækisins. Hyggst fyrirtækið framleiða snjallhring sem fylgist með líkamsstarfsemi þess sem ber hringinn.

Á meðal fjársterkra aðila sem fjárfestu í fyrirtækinu eru vísindamenn við MIT, stofnverkfræðingur Skype og stofnandi skráaskiptaforritsins Kazaa.

Hringurinn er kominn í almenna sölu en fjármagnið á að nýtast til að hjálpa til við framleiðslu og frekari þróun Oura-hringsins. Um sjötíu prósent allra seldra eintaka hingað til hafa verið seld í Bandaríkjunum.

Hringurinn virkar þannig að hann er tengdur með Bluetooth við snjallsíma þess er ber hringinn. Í snjallsímann verður síðan að sækja þar til gert forrit svo hægt sé að skoða upplýsingarnar sem hringurinn aflar.

Þar má til dæmis nefna hjartslátt, andardrátt, svefn undanfarinna nátta auk annarra þátta.

Út frá þessum upplýsingum mælir hringurinn síðan með líkamsrækt við hæfi fyrir notandann. Segir búnaðurinn notandanum er hann vaknar hvort hann sé úthvíldur eður ei. Ef hann er úthvíldur mælir hringurinn með mikilli áreynslu þann daginn.

**» Oura-hringurinn mælir hjartslátt, öndun og aðra líkamsstarfsemi og miðlar upplýsingum í snjallsíma.**

Í samtali við fréttasíðuna Techcrunch segir forstjórinn, Petteri Lahtela, að næstu skref í þróun hringsins verði stigin í samráði við listamenn og tískuhönnuði. Ljóst er því að áhersla verður lögð á fegurð hringsins á næstunni.

Á Techcrunch er sömuleiðis greint frá því að hringurinn eigi auðvelt með að safna upplýsingunum þar sem merki úr æðum í fingrum séu sterkari en úr æðum á úlnlið. Þaðan fá snjallúr sín merki.

Oura er hins vegar ekki eina fyrirtækið sem framleiðir snjallhringa en það gerir Ringly sömuleiðis. Hringar Ringly gegna sama hlutverki og Oura, það er að miðla upplýsingum um ástand líkamans í snjallsíma notandans. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Innreið tölvuleikja í Facebook Messenger

Instant Games nefnist nýjasta viðbótin við skilaboðaforritið Facebook Messenger. Með uppfærslunni verður hægt að keppa við þá sem maður spjallar við í tölvuleikjum á borð við Pac-Man, Galaga, Words with Friends og Space Invaders.

Slíkt hið sama var áður hægt að gera í litlum körfuboltaleik sem falinn var í forritinu. Instant Games-viðbótin fór í loftið í gær í þrjátíu löndum. Ísland er þó ekki eitt þeirra eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Til að byrja með verða leikirnir sautján talsins og eru framleiðendur þeirra til að mynda Konami, King og Zynga.

Allir leikirnir eru kóðaðir í HTML5 og því þarf ekki að hlaða þeim niður í snjallsímann líkt og þeir væru stök snjallforrit.

„Við trúum því að þessi nýi vettvangur fyrir tölvuleiki hafi í för með sér nýjar og einstakar upplifanir. Þær munu gleðja og skemmta spilurum um allan heim,“ segir í yfirlýsingu frá Kimihiro Horiuchi, markaðsstjóra Konami. **– þea**



**Pac-Man er einn aðgengilegra leikja í Facebook Messenger.**

**» Til að byrja með verða leikirnir sautján talsins og eru framleiðendur til að mynda Konami og King.**

# 50% AFSLÁTTUR AF JÓLAKÚLUM




GILDIR 1.–7. DESEMBER

## 25-30% AFSLÁTTUR AF SÓFUM

## FRÍ HEIMSENDING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU







Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Ástand heimsins



Námsmenn kveikja í bifreiðum fyrir utan þinghúsið í Brasilíu til að mótmæla frumvarpi um að ríkisútgjöld verði ekki hækkuð næstu 20 árin. NORDICPHOTOS/AFP



Á Byltingartorginu í Havana á Kúbu safnaðist fólk saman í fyrrakvöld til að minnast Fidels Castro, sem stjórnaði landinu í nærri 40 ár en lést á föstudaginn, níræður. NORDICPHOTOS/AFP



Þúsundir manna flykktust út á götu í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu, til að krefjast afsagnar forsetans, Park Geun-Hye. Þingið hefur ákveðið að fresta ákvörðun um hvort kæra eigi hana til embættismissis. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Írakar í borginni Basra fjölmenntu í útför hermanns úr vopnasveitum hreyfingarinnar Hashed al Shaabi, sem féll í bardögum gegn vígasveitum Íslamska ríkisins í Mosúl. NORDICPHOTOS/AFP



Málverk af Hillary Clinton hangir á vegg í Hvíta húsinu í Washington, innan um jólaskraut sem nú er búið að setja þar upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

NISSAN
Innovation that excites

Zero Emission

# NÚ KEMSTU 250 KM Á EINNI HLEÐSLU



## NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGI.

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**LÆKKAÐ VERÐ!**

NISSAN LEAF ACENTA 30kWh

**Verð: 4.090.000 kr.**

30 kWh
250 km*

**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**

RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

*Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM78796

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Þúsundir vinnudaga tapast á ári sökum svefnleysis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Svefnleysi kostar milljarða

Breska hagkerfið tapar 40 milljörðum punda, jafnvirði 5.600 milljarða króna, árlega vegna þess að starfsmenn þjást af svefnleysi. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn frá Rand Europe.

BBC greinir frá því að útreikningar byggist á því að þreyttir starfsmenn séu annaðhvort afkastaminni eða taki sér veikindadag. Um 1,86 prósent af hagvexti tapist vegna svefnleysis.

Einnig kemur fram í rannsókninni að þeir sem sofa undir sex tímum á hverri nóttu séu 13 prósent líklegri til að deyja á undan þeim sem sofa sjö til níu tíma.

Rannsóknin náði til Bretlands, Bandaríkjanna, Kanada, Þýskalands og Japans. Niðurstöðurnar voru jákvæðari í Bretlandi en í Japan þar sem starfsmenn missa af flestum vinnudögum sökum svefnleysis. Bretar missa af 200 þúsund vinnudögum árlega vegna svefnleysis en í Bandaríkjunum eru það 1,2 milljónir vinnudaga og í Japan 600 þúsund.

Skýrsluhöfundar biðla til atvinnurekenda að átta sig á umfangi vandans og hvetja starfsmenn til að ná nægum svefni, sem og að útbúa herbergi þar sem starfsmenn geti lagt sig. – sg

## Beðið eftir slysi



Fjölmargar brúður bíða eftir því að vera notaðar í æfingakeyrslu hjá öryggistæknisetri Mercedes-Benz í í Sindelfingen í Þýskalandi. Brúðurnar eru notaðar í stað fólks til að prófa öryggi bíla úr smiðju þýska framleiðandans. Þær eru meðal annars notaðar til að prófa bílbelti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Verslun með raftæki margfaldaðist á föstudag

**240%** aukning var í sölu raftækja á svörtum föstudegi á Íslandi.

Samkvæmt gögnum Bókunar var velta korthafa á svörtum föstudegi svokölluðum í síðustu viku ekki hærri en suma aðra daga nóvembermánaðar. Svartur föstudagur er bandarískur siður og var fjöldi verslana á landinu með afsláttartilboð þennan dag.

Borgun tók saman gögn um allan nóvembermánuð 2016. Samkvæmt þeim virðist erlenda veltan hafa aukist meira hlutfallslega þessa helgi heldur en velta þeirra sem versla hér heima. Mögulega fara Íslendingar utan á þessum tíma til að versla.

Ef skoðuð eru innlend gögn seljendamegin má sjá að verslun með raftæki og tölvur eykst um 240 prósent þennan dag. Húsgagnaverslanir velta 360 prósentum meira og fata- og skóverslanir 70 prósentum meira. Að sama skapi minnkar velta í matvöruverslunum um 30 prósent, bensínsala minnkar um 50 prósent og veitingasala um 20 prósent.

Því mætti lesa úr gögnunum að svartur föstudagur sé að virka hjá þeim stöðum sem eru með tilboð í gangi, fólk fari ef til vill ekki að kaupa bensín eða matvörur því að það sé upptekið við annað. Þó að heildarupphæðin hafi verið svipuð og aðrar helgar má áætla að þeir sem voru með tilboðin hafi aukið veltu sínu.

Gögn Borgunar eru ópersónugreinanleg og um er að ræða bæði debet- og kreditkortagögn. – sg




# Rafhlöðugalli í iPhone gert vart við sig hér

**Dæmi eru um iPhone 6S síma á Íslandi með gallaða rafhlöðu sem slökkva á sér þótt hleðslan sé næg. Þetta gerist sérstaklega úti í kulda. Hægt verður að skipta út rafhlöðum um miðjan desember. Biðtíminn kemur illa við notendur.**



Lítið upplag af iPhone 6S símum var selt með gölluðum rafhlöðum. MYND/APPLE

Apple tilkynnti í lok nóvember að lítið upplag af iPhone 6S símunum hafi verið selt með gölluðum rafhlöðum. Um er að ræða ákveðin raðnúmer sem hægt er að fletta upp en símarnir geta slökkt óvænt á sér þrátt fyrir að hafa næga hleðslu. Galli í rafhlöðunum hefur gert vart við sig á Íslandi, sér í lagi þegar farið er með símana út í kulda.

Erla Björk Sigurgeirsdóttir, þjónustustjóri Eplis, umboðsaðila Apple á Íslandi, segist ekki hafa tölu á því hve margir símar sem Epli seldi séu með gallaða rafhlöðu. „Við erum búin að fá fyrirspurnir en höfum ekki fengið nein tæki inn," segir Erla.

Epli hefur tilkynnt að vegna heimsálags fái verslunin ekki rafhlöður á lager fyrr en um miðjan desember til þess að geta skipt út gölluðu rafhlöðunum. „Apple gefur út prógramm til að fólk geti skipt þessu út. Prógrammið byrjar um miðjan desember en við búumst við því jafnvel fyrr."

Sigurður Helgason, eigandi iStore, segir að tilfelli hafi komið upp þar sem rafhlöður hafi slökkt svona á sér. „Við vitum ekki alveg hvort þetta eru þessar gölluðu rafhlöður, við erum ekki enn þá búin að fá leiðbeiningar um hvernig eigi að fletta upp raðnúmerunum sem þetta varðar. En viðskiptavinir okkar hafa fengið að skipta út símum vegna þess að batteríið hefur verið að slökkva á sér í tíma og ótíma, sérstaklega úti í kulda," segir Sigurður. Hann segir að oftast taki eina viku að afgreiða nýtt batterí. Það geti þó tekið hátt í tvær vikur en viðskiptavinir hafi fengið lánaða iPhone-síma á meðan.

**Forsvarsmenn Apple tilkynntu í síðasta mánuði að lítið upplag af iPhone 6S símum hefði verið selt með gölluðum rafhlöðum. Vandamálsins hefur orðið vart um allan heim.**

Vart hefur orðið við gallaðar rafhlöður hjá mismunandi söluaðilum hér á landi. Eigendur síma með gallaða rafhlöðu sem Fréttablaðið ræddi við sögðust ósáttir við hve langur tími hefði liðið frá uppgötvun vandamálsins og þangað til símarnir verða lagaðir. Þetta ætti sérstaklega við þar sem símarnir voru framleiddir í september og október á síðasta ári og vandamálið því verið viðvarandi í heilt ár.

saeunn@frettabladid.is




**STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR OG SAMEINAÐI LÍFEYRISSJÓÐURINN SAMEINAST Í EINN ÖFLUGASTA LÍFEYRISSJÓÐ LANDSINS**

Það er vel við hæfi að nýr lífeyrissjóður taki til starfa í dag, á sjálfan fullveldisdaginn. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

# Brjótum upp hringinn



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Snemma í barnæsku er okkur kennt að neysla mjólkur sé nauðsynleg til að viðhalda tannheilsu og styrkleika beina. D-vítamínið og kalkið í mjólkinni þjónar þessu hlutverki. Við mennirnir erum hins vegar eina tegundin sem lifir á jörðinni sem heldur áfram að neyta mjólkur eftir fyrstu mánuðina í lífi sínu.

Gæði mjólkur fyrir heilsu eru stórlega ofmetin og margir fara í gegnum lífið án þess að neyta mjólkurafurða í miklum mæli. Mjólkin er hins vegar ein kalkríkasta fæða sem völ er á og það er erfitt fyrir manneskjuna að verða sér úti um aðrar kalkríkar vörur á lágu verði. Þessi staðreynd og sterk markaðssetning landbúnaðarins er svo ástæða þess að mjólkurafurðir eru jafn útbreiddar og raun ber vitni.

Við sem samfélag þurfum að fara að svara því hvers konar fyrirkomulag við viljum hafa á framleiðslu og sölu mjólkurafurða hér á landi enda er ljóst að núverandi kerfi er löngu gengið sér til húðar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi nýlega úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og lækkaði sekt MS um 440 milljónir króna. Í málinu var meðal annars tekist á um hvort samningsákvæði um að selja tiltekið magn af hrámjólk á lægra verði en almennt bauðst hefði fallið undir þá vernd sem 71. gr. búvörulaga tryggði afurðastöðvum Mjólkursamsölunnar. Áfrýjunarnefndin klofnaði í úrskurði sínum og Jóhannes Karl Sveinsson, formaður nefndarinnar, skilaði sératkvæði. Þar segir meðal annars: „Ég tel svo ekki vera og rétt lögskýring leiði til þess að 71. gr. undanþiggi einungis verkaskiptinguna sjálfa ákvæðum samkeppnislaga. Ekki sé í þeirri grein nein heimild til að markaðsráðandi aðili taki höndum saman við aðra á markaði til að mismuna í verði á ómissandi hráefni.“

Þetta er það sem MS gerði. Fyrirtækið mismunaði kaupendum á hrámjólk. Sú staðreynd stendur þrátt fyrir niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þessi mismunun MS var bara talin lögmæt af meirihluta áfrýjunarnefndarinnar. Dómstólar munu svara því hvort meirihlutinn hafði rétt fyrir sér.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 5. ágúst 2010 var á það bent að íslenskur mjólkurmarkaður hefði „mörg einkenni samráðshrings“ sem á heilbrigðum samkeppnismarkaði bryti í bága við 10. gr. samkeppnislaga. Það er út af fyrir sig afrek að fyrirtæki eins og Arna í Bolungarvík þrífist í samkeppnisumhverfi mjólkuriðnaðarins. Það hefur fyrirtækinu tekist með mjög fjölbreyttu vöruframboði og nýjungum, meðal annars grískri jógúrt með alls kyns bragðtegundum sem keppinauturinn hefur ekki átt svar við til þessa. Vörur Örnu njóta líka vinsælda því mörgum neytendum er misboðið og þeir hafa tekið ákvörðun um að sniðganga vörur MS. Af þessu hafa verið sagðar margar fréttir á síðustu árum. Við þurfum hins vegar fleiri fyrirtæki eins og Örnu í Bolungarvík. Til þess að það gerist þarf að breyta búvörulögum.

Það þarf að brjóta upp þennan samráðshring sem mjólkuriðnaðurinn á Íslandi er. Vonandi hefur nýr ríkisstjórn og nýtt löggjafarþing hugrekki til þess að taka það löngu tímabæra skref neytendum á Íslandi til hagsbóta.

**Dómstólar munu svara því hvort meirihlutinn hafði rétt fyrir sér.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vildu alla burt**

**Eftir upplausnarástandið í apríl, þegar upp komst um aflandsfélagið Wintris, létu stjórnarflokkarnir tveir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, undan kröfu háværra kjósenda um nýjar kosningar. Allir stjórnmálamenn sem áttu aðild að aflandsfélögum skyldu burt og einhverra hluta vegna voru mál Bjarna Benediktssonar og Ólafar Nordal lögð að jöfnu við mál Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og eiginkonu hans. Alveg sama hversu gerólík málin voru að eðli.**

**Öll skyldu þau burt**

**Eftir kosningar, þar sem annar stjórnmálaflokkurinn styrkti stöðu sína, hafa stjórnmálamenn síðan keppst við að útiloka hver annan í ríkisstjórnarsamstarfi. Nú hafa formenn VG og Sjálfstæðisflokksins ákveðið að athuga hvort forsendur séu fyrir samstarfi. Ljóst er að þau þurfa fleiri að borðinu til að mynda stjórn og deilt er um hver það á að vera. Ljóst þykir að VG horfi til Samfylkingarinnar. Og það yrði vissulega áhugavert að fylgjast með viðbrögðum við því, eftir allt sem á undan er gengið, að Samfylkingin og VG myndu sameinast um það að tryggja áframhaldandi aðild Sjálfstæðisflokksins að ríkisstjórn.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Borgar sig að fara í háskóla?



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
formaður BHM

Nútímasamfélög krefjast háskólamenntunar á öllum sviðum enda er hún forsenda almennra efnahagslegra og félagslegra framfara. Þar með er ekki sagt að öll störf krefjist háskólamenntunar en flestir viðurkenna að hún er grunnstoð góðra lífskjara og velferðar hér á landi. Með þetta í huga er dapurlegt að horfast í augu við hversu lítill efnahagslegur ávinningur háskólamenntunar er á Íslandi. Tekjuaukning sem rekja má til háskólamenntunar er til muna minni hér á landi en í nágrannalöndunum, eða 16% þegar miðað er við tekjur þeirra sem aðeins hafa lokið grunnskólanámi. Í Finnlandi og Danmörku geta háskólamenntaðir gert ráð fyrir að langskólamenntun færi þeim 40 prósenta tekjuaukningu. Í Noregi og Svíþjóð er hún 25,30 prósent (skv. OECD).

Sú tíð er liðin að háskólagráða tryggi fólki gott og öruggt starf. Hún eykur vissulega líkurnar á því og bætir samkeppnisstöðu fólks á vinnumarkaði en kjör háskólamenntaðra, sérstaklega hjá hinu opinbera, eru langt frá því að vera samkeppnishæf við einkamarkað og útlönd.

Það er bæði málefnalegt og í raun samfélagsleg nauðsyn að umbuna háskólamenntuðum í samræmi við fjárfestingu þeirra í langskólanámi. Krafa BHM um að menntun skuli metin til launa hefur hljómað um samfélagið á liðnum misserum. Árið 2015 gripu 18 aðildarfélög BHM til verkfallsaðgerða til að fylgja henni eftir. Þeim aðgerðum lauk illu heilli með lagasetningu á Alþingi. Ríflega ári eftir úrskurð gerðardóms hafa félagsmenn okkar enn ekki fengið greitt samkvæmt sérstöku menntunarákvæði hans. Hinu sama ákvæði hefur hins vegar verið smurt yfir vinnumarkaðinn með ákvörðunum kjararáðs og samningum á almennum vinnumarkaði. Þannig hafa aðilar Salek-samstarfsins virt kröfu BHM um að menntun sé málefnaleg breyta við ákvörðun launa að vettugi og hleypt af stað nýju „höfrungahlaupi“ um kaup og kjör.

Við þetta verður ekki unað. Ríkisvaldið – sem er langstærsti vinnuveitandi á Íslandi – verður að láta af láglaunastefnu sinni gagnvart tilteknum hópum háskólamenntaðra hjá hinu opinbera. Um slíkar aðgerðir þarf að sjálfsögðu að ríkja samstaða á vinnumarkaði, enda eru þær nauðsynlegar ef ekki á að horfa til auðnar í starfsstéttum sem mynda hryggjarstykkið í menntun og velferð þjóðarinnar.

**Ríkisvaldið – sem er langstærsti vinnuveitandi á Íslandi – verður að láta af láglaunastefnu sinni gagnvart tilteknum hópum háskólamenntaðra hjá hinu opinbera.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Landbúnaður, öfgar og Evrópa

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Búverndarstefnan kostar neytendur og skattgreiðendur enn sem fyrr miklu meira fé hér heima en tíðkast í flestum nálægum löndum. Efnahags- og framfarastofnunin í París (OECD) kortleggur kostnaðinn ár fram af ári. Nýjasta skýrslan frá OECD sýnir að opinber stuðningur nam í fyrra tæpum fimmtungi af tekjum bænda á OECD-svæðinu öllu borið saman við tæplega 60% á Íslandi, þ.e. þrefalt OECD-meðaltal. Bústuðningurinn hér heima þokaðist úr helmingi af tekjum bænda við hrunið 2008 niður í rösk 40% 2013 en stuðningurinn rauk síðan aftur upp undir 60% 2015 eins og hann var á æðibunuárunum fyrir hrun. Við bætist nýr búvörusamningur tíu ár fram í tímann sem Alþingi samþykkti fyrir kosningar með 19 atkvæðum gegn sjö; 37 þingmenn skutu sér undan atkvæðagreiðslunni, þeir höfðu öðrum hnöppum að hneppa.

Ríkisstjórnin var hvött til að taka á þessum langdregna vanda eftir hrun þegar þúsundir heimila lentu í erfiðleikum með að ná endum saman. Lækkun matarverðs í krafti erlendrar samkeppni líkt og tíðkast í flestum nálægum löndum hefði létt byrðar fátæks fólks svo sem brýna þörf bar til við svo erfiðar aðstæður. Ríkisstjórnin lét sér samt ekki segjast heldur tók hún hagsmuni þeirra sem starfa við landbúnað (3-4 þúsund manns skv. upplýsingum Hagstofunnar) fram yfir hagsmuni fólks sem býr við skort á efnislegum gæðum og er í vanskilum við lánardrottna (25-30 þúsund manns skv. sömu heimild).

**Afstaða bænda til ESB**

Í málgögnum bænda er því lýst að „Bændasamtökin hafa ítrekað andstöðu sína við inngöngu Íslands í Evrópusambandið og telja að hagsmunum landsins sé betur borgið utan ESB.“ Það kann að vera rétt mat bænda að þeir njóti nú meiri stuðnings heima fyrir en þeir myndu gera innan ESB. Um það er þó ekki hægt að fjölyrða að svo stöddu þar eð samningaviðræðum Íslands og ESB sem hófust skv. ákvörðun Alþingis 2009 var hætt áður en niðurstaða náðist. Sjóðir ESB eru örlátir við jaðarsvæði. Samninganefnd með fulltrúum víðs vegar að hlýtur að vera betur treystandi en fulltrúum bænda einum til að meta samningsstöðuna með almannahag að leiðarljósi.

**Nýja-Sjáland 1984**

Bændur þyrftu einnig að velta fyrir sér þeim möguleika að á Alþingi kæmi fram nýr meiri hluti sem ákvæði að afnema búverndina eins og hún leggur sig með einu pennastriki. Slíkt hefur gerzt, t.d. á Nýja-Sjálandi 1984. Nýsjálenzkum bændum brá mörgum í brún þegar þetta gerðist. Betur fór þó en á horfðist. Margir bændur söðluðu um og hófu vínrækt í stað kinda- og kúabúskapar. Nýja-Sjáland er nú orðið að stórveldi á vínmörkuðum heimsins. Þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar.

Sagan frá Nýja-Sjálandi á erindi við okkur nú þar eð óvæntir atburðir gerast nú í hverju lýðræðisríkinu á eftir öðru allt í kringum okkur. Nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, Donald Trump, ríðandi á reiðibylgju, hefur sagzt ætla að ræsa fram mýrina eins og hann hefur orðað það, snúa öllu við. Einkum tvennt getur haldið aftur af nýrri ríkisstjórn hans ásamt nýkjörnu þingi reyni hann og hans menn (þetta eru nær eingöngu karlar) að ganga of langt: annars vegar stjórnarskráin og hins vegar aðild Bandaríkjanna að ýmsum alþjóðasamningum, t.d. um mannréttindi. Þjóðir deila fullveldi sínu með öðrum þjóðum m.a. til að dreifa áhættu.

**Gæti slíkt gerzt hér?**

Ég er ekki að skipta um umræðuefni þegar ég segi þetta næst: Í alþingiskosningunum um daginn fengu flokkar stofnaðir eftir hrun 38% atkvæða samanlagt. Gömlu flokkarnir eru á undanhaldi eins og þeir hafa til sáð. Vantraust kjósenda í garð Alþingis er meira á Íslandi en víða annars staðar. Þetta vantraust, bregðist Alþingi ekki við því í tæka tíð, getur þá og þegar birzt í óvæntum kosningaúrslitum og nýjum þingmeirihluta sem ákvæði t.d. að afnema alla búvernd á einu bretti. Litlu munaði t.d. að George W. Bush, forseta Bandaríkjanna 2001-2008, og repúblikönum á þingi tækist að einkavæða almannatryggingar þar vestra svo sem hann taldi sig hafa umboð til þótt hann hefði varla minnzt einu orði á málið í aðdraganda kosninga og Hæstiréttur hefði stolið forsetaembættinu handa honum.

Kæmi sú staða upp hér heima að ný ríkisstjórn reyndi að afnema bústuðninginn á einu bretti væri bændum betur borgið í öruggu skjóli innan vébanda ESB. Einn helzti tilgangur ESB-aðildar er einmitt að vernda heimamenn gegn ofríki innlendra stjórnvalda. Aðild Íslands að EES-samningnum gerir ekki fullt gagn þar eð samningurinn tekur ekki nema að litlu leyti til búvöruviðskipta, en hann tekur þó fyrir ýmis brot eins og nýfallinn dómur um innflutning ferskra nautalunda vitnar um.

> **Kæmi sú staða upp hér heima að ný ríkisstjórn reyndi að afnema bústuðninginn á einu bretti væri bændum betur borgið í öruggu skjóli innan vébanda ESB.**

**Brennandi hús?**

Þeir sem líkja ESB nú við brennandi hús bergmála ofstæki endurholdgaðra þjóðernissinna, einhverjar mestu öfgar sem kjósendur á Vesturlöndum hafa staðið frammi fyrir frá stríðslokum 1945, örþrifaofstæki sem kjósendur munu vonandi kveða niður.

# Er ávinningur af því að skima fyrir mergæxli og forstigi þess?



Kristín Einarsdóttir
lífeðlisfræðingur

Í Fréttablaðinu fyrir nokkrum dögum birtist grein eftir tvo lækna þar sem fjallað er um rannsókn sem nú er verið að gera sem hefur það að markmiði að kanna ávinning þess að skima fyrir forstigi mergæxlis. Fundið var því flest til foráttu að skima fyrir forstigi alvarlegra sjúkdóma. Mig langar vegna þessa að leggja nokkur orð í belg.

**Skiptir máli að greinast snemma?**

Ég greindist með mergæxli vorið 2013. Það má segja að það hafi verið tilviljun að meinið uppgötvaðist. Ég fór í meðferð sem lauk um haustið með stofnfrumumeðferð.

Nú er ekki vitað hvort það hefði verið til hagsbóta fyrir mig ef ég hefði greinst með forstig mergæxlis kannski mörgum árum fyrr. Eitt er víst að ég hefði sjálfsagt fengið meðhöndlun fyrr og þá líklegt að hægt hefði verið að koma í veg fyrir þær skemmdir sem nú eru á nokkrum hryggjarliðum. Ég er heppin vegna þess að ég get spilað golf, gengið á fjöll og gert nánast allt sem mig langar til án mikilla vandræða.

Margir þeirra sem eru með mergæxli eru ekki eins heppnir. Stundum finnst sjúkdómurinn ekki fyrr en hryggjarliðir hafa fallið saman, komin nýrnabilun eða aðrir fylgikvillar sjúkdómsins sem e.t.v. hefði verið hægt að koma í veg fyrir með greiningu á frumstigi.

**Lengra eða betra líf**

Í grein læknanna er sagt að litlar líkur séu á því að upplýsingar um forstigið muni lengja líf þeirra sem með það greinast. Auðvitað vitum við ekkert um það á þessu stigi en það sem mér finnst skipta máli er að hægt sé að lifa góðu lífi þrátt fyrir sjúkdóminn. Ég er svo einföld að ég held að því fyrr sem sjúkdómurinn uppgötvast þeim mun meiri líkur séu á að hægt sé að lækna hann eða a.m.k. halda honum niðri.

> **Gerið ykkur bara grein fyrir að þið gætuð verið með forstigið eða jafnvel komin með mergæxli. Að mínu mati eruð þið þá heppin að geta látið fylgjast með ykkur og koma e.t.v. þannig í veg fyrir að þið lendið í því sama og ég.**

**Upplýst samþykki**

Samtök þeirra sem greinst hafa með mergæxli styðja rannsóknina „Blóðskimun til bjargar“. Við vonumst til þess að þessi rannsókn sem og aðrar rannsóknir á mergæxli muni leiða til þess að það finnist lækning. Ég trúi ekki öðru en að fólk taki ákvörðun um að taka þátt í rannsókninni með opnum augum og geri sér grein fyrir að niðurstaðan geti verið sú að það sé með forstig mergæxlis.

**Verið með**

Við sem erum með mergæxli viljum auðvitað stuðla að því að lækning finnist sem fyrst. Ég vil því hvetja alla til að vera með og stuðla þannig að því að fá betri mynd af þessum sjaldgæfa sjúkdómi. Gerið ykkur bara grein fyrir að þið gætuð verið með forstigið eða jafnvel komin með mergæxli. Að mínu mati eruð þið þá heppin að geta látið fylgjast með ykkur og koma e.t.v. þannig í veg fyrir að þið lendið í því sama og ég.



# KRÓNAN



399 kr. pk.

Klementínur 950 g, Spánn







Ódýrt

Klementínur 2,3 kg, Spánn

629 kr. pk.

LÍFRÆNT VOTTAÐ

389 kr. pk.

Grön Balance lífrænar klementínur 750 g, Spánn

Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
-20%
Lambafile með hvítlauks- og rósmarín marineringu
Lambafile með kolagrills marineringu
Lambafile með fituröndd - úrval marineringa
Krónan mælir með!
3699 kr. kg
Verð áður 4666 kr. kg
Krónan mælir með!
Frönsk Aliönd
5999 kr. stk.
Anton Berrberi önd, 3,2 kg, Frakkland
-30%
1699 kr. kg
Ungnautahakk
Verð áður 1869 kr. kg
Engin aukefni 100% ungnautahakk
Ungnauta Rib Eye, Nýja Sjáland
4199 kr. kg
Verð áður 5999 kr. kg
1099 kr. stk.
Anton franskar andabringur 300 g, Frakkland
Verð áður 1299 kr. stk.
Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**899** kr. stk.

17 Sortir smákökudeig, úrval bragðtegunda




Nóatúns hamborgarhryggur

**1899** kr. kg




Krónu hamborgarhryggur

**1599** kr. kg




**999** kr. stk.

After eight 800 g

Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**




Dan Cake jólarúlluterta, 370 g

**249** kr. stk.

**Ódýrt**




**389** kr. pk

Tilbúið Kötludeig með lakkrís og hvítu súkkulaði, 300 g




**239** kr. pk.

Tilbúið Kötlu piparkökudeig, 300 g




**3698** kr. stk.

Mackintosh 2,9 kg


Tilboðin gilda til 4. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Skyldur Fríkirkjunnar og köllun



Hjörtur Magni Jóhannsson
Fríkirkjuprestur við Tjörnina

Ein af skyldum Fríkirkjunnar er að tryggja þjónustu um land allt. Fríkirkjan er óháð landfræðilegum mörkum og fólk um allt land tilheyrir henni. Fríkirkjan leitast við að sinna þjónustu um land allt m.a. með góðum samskiptum sem er nokkuð auðvelt að gera með fjölbreyttri nútímasamskiptatækni sem og með góðum samgöngum. Skyldur evangelísk lúterskra kirkna helgast eingöngu af köllun Jesú Krists og sú köllun er og á að vera óháð landfræðilegum mörkum og landamærum veraldlegra þjóðríkja.

Nú ritaði biskupsritari þjóðkirkjunnar, Þorvaldur Víðisson, hér í blaðið þann 21.11. sl. „Þjóðkirkjan ber þær skyldur umfram aðra kristna söfnuði á Íslandi að tryggja þjónustu um land allt.“ Hér gætir einhvers misskilnings. Hér virðist það gefið í skyn að köllun Krists til þjóðkirkjunnar sé mikilvægari, helgari eða a.m.k. umfram aðrar lúterskar kirkjur.

Fríkirkjan er ekki einn af söfnuðum þjóðkirkjustofnunarinnar. Fríkirkjan í Reykjavík er sjálfstætt evangelískt lúterskt trúfélag og hún á sína eigin sögu sem nær langt aftur til þess tíma er við fengum trúfrelsi. Í 62 gr. Stjórnarskrár Íslands segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda ...“ Því er hin lúterska Fríkirkja samkvæmt stjórnarskrá sjálfstæður hluti af „þjóðarkirkjunni“ í víðri merkingu þess orðs en lýtur ekki stjórn Biskupsstofu eða kirkjuþings þjóðkirkjustofnunarinnar.

### Æðri köllun þjóðkirkjunnar?

Starfseiningar þjóðkirkjustofnunarinnar eru aftur á móti afmarkaðar með landfræðilegum sóknarmörkum. Það er m.a. frá þeim tíma þegar sóknarmörk ríkiskirkjunnar voru hluti af stjórnsýslumörkum og stjórntækjum danska ríkisins þegar við vorum þeirra nýlenda. Reyndar nær hugmyndin um landfræðileg sóknarmörk allt aftur til miðalda og þess tíma kristindóms þegar trúarstríð geisuðu í Evrópu og kirkjustofnanir börðust um landfræðileg yfirráðasvæði til að drottna yfir. Sá kristindómur olli það miklu böli að hann hefur með tímanum að mestu afkristnað Evrópu og svipt hefðbundnar ríkiskirkjur trúverðugleika.

Hér á öldum áður höfðu embættismenn ríkiskirkjunnar hlutverki að gegna víða um land gagnvart hinu veraldlega yfirvaldi. Það var á sviði, uppfræðslu og mennta, skráningar upplýsinga um heilsufar, á sviði manntals og sálgæslu. Öll þau hlutverk eru nú komin á hendur annarra fagstétta og stofnana. Aðeins hið trúarlega svið er nú eftir og í nútíma samfélagi telst það til einkamála.

Það að ríkislaunaður embættismaður þjóðkirkjunnar hafi búsetu á tilteknu svæði gerir hvorki jörðina sem hann stendur á, ákveðin landsvæði né samfélagið sem þar býr „meira kristið“. Forræðishyggja í anda miðaldakirkjunnar á þessu sviði á ekki lengur við í dag og veldur skaða. Samkvæmt Lúter eru allir kristnir menn prestar og köllun eins er ekki annarri köllun æðri.

Tilraunir þjóðkirkjustofnunarinnar til að skapa henni hlutverk umfram önnur kristin trúfélög sem dæmigerðri ríkisstofnun eins og t.d. RÚV eru ótrúverðugar og ganga alls ekki upp. Vísað er í óljósar borgaralegar og þjóðernislegar skyldur sem talsmenn þjóðkirkjunnar telja hana gegna umfram önnur trúfélög en þær eru einfaldlega ekki lengur til staðar. Eða að það eru almennar skyldur sem allir þegnar landsins bera en hafa ósköp lítið með kirkju eða kristni að gera. Það sem að baki liggur er þörfin fyrir að réttlæta árlegar milljarðagreiðslur til þjóðkirkjunnar umfram önnur evangelísk lútersk trúfélög sem ættu að njóta jafnræðis.



**Það sem að baki liggur er þörfin fyrir að réttlæta árlegar milljarðagreiðslur til þjóðkirkjunnar umfram önnur evangelísk lútersk trúfélög sem ættu að njóta jafnræðis.**

### Fagrar hugsjónir

Markmið Fríkirkjunnar er ekki að hún vaxi sem mest og verði sjálfri sér til dýrðar. Hún tekur ekki miðaldakirkjuna eða ríkiskirkjur til fyrirmyndar. Markmið hennar er m.a. að stuðla að lýðræðislegu jafnræðisfyrirkomulagi lífsskoðana og trúmála hér á landi. Hennar tilgangur er m.a. að vera vettvangur fyrir einlæga trúarleit og tjáningu, þar sem fólk sameinast um bjarta lífssýn, fagrar vonir í anda Krists. Þegar þeim markmiðum er náð má Fríkirkjan vel leysast upp í frumeiningar sínar. En nú þurfum við öll í sameiningu að skapa þjóðinni trúverðuga og lýðræðislega umgjörð lífsskoðana og trúmála. Þörfin hefur sjaldan verið brýnni en einmitt nú. Þegar margir óttast vaxandi erlend áhrif framandi trúarbragða hér á landi þá eru það áherslur á mannréttindi sem vernda okkur best, ekki afturhvarf til kirkju miðalda. Með því að leggja áherslu á mannréttindi og að manngildið er æðra allri bókstafshyggju, æðra allri þröngsýnni stofnunarhyggju, þá erum við að starfa í anda Jesú frá Nasaret og hins þýska Lúters sem við kennum okkar kirkjudeild við. Það er í anda okkar æðri máttar, þess frumglæðis ljóssins sem við förum brátt að syngja um á aðventu og ljósanna hátíð.

# Íslensk stjórnvöld eru afar vanþróuð í málefnum varðandi barnavernd og jafnrétti foreldra



François Scheefer
fv. formaður félags um vináttu og nemendaskipti Frakklands og Íslands

Þar af leiðandi hafa fjölmargar greinar verið skrifaðar í áraraðir í íslenskum fjölmiðlum og fréttir birtar á vefsíðum af allmörgum mistökum og óviðeigandi hegðun af völdum þjónustu Barnaverndar gegnum tíðina, við verðum því að spyrja okkur að því hvort börnin séu í raun undir alvöru verndarvæng hjá þessari stofnun.

- Er íslenska ríkið að kappkosta að reyna allar mögulegar aðgerðir til að tryggja og vernda hagsmuni barna sem eru fórnarlömb í miðjum hjónaskilnaði foreldra þeirra?
- Er íslenska ríkið að kappkosta að virða grundvallarréttindi barna, eins og að minnast á evrópska mannréttindasáttmálann og grundvallarfrelsið og jafnvel líka New York alþjóðasamninginn um réttindi barnsins?
- Væntanlega ekki, sökum þess sívaxandi fjölda barna sem fá ekki að sjá annað foreldri sitt. Við þannig aðstæður er komið í veg fyrir grundvallarrétt þeirra til fjölskyldulífs þrátt fyrir að sáttmálarnir tryggi það í samræmi við framangreinda samninga sem Ísland hefur fullgilt.
- Er það ástæða þess að íslenska ríkið, ólíkt því sem er í mörgum öðrum Evrópulöndum, fellst ekki á að fullgilda fjölda viðbóta og mjög mikilvæga samninga sem miða samt að áhuga á vernd barnsins?

Eins og við best vitum, þá er „Evrópski sáttmálinn (nr.160) um nýtingu réttinda barna“ gerður í Strassborg á Evrópuþinginu 25. janúar 1996 og hefur aldrei verið fullgiltur af Íslandi þrátt fyrir eftirkallanir frá Evrópuþinginu. En þessi samningur styrkir New York alþjóðasamninginn um réttindi barnsins sem er mikilvægt tæki til að gera börnum kleift að nýta rétt sinn.

Þar til annað kemur í ljós, þá hefur „tilgerður sáttmáli síðan 19. október 1996 um dómsvald, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samvinnustofnun vegna ábyrgðar foreldra og ráðstafanir til verndar börnum“ frá Haag aldrei verið fullgiltur af Íslandi þrátt fyrir ítrekanir frá Evrópuþinginu.

Á sama hátt, þrátt fyrir endurtekna kröfu Evrópuþingsins frá október 2015, hefur Ísland enn ekki fullgilt „Sáttmála (nr.192) um samband varðandi börn“ sem var gerður í Strassborg þann 15. maí 2003, sem er mikilvæg stoð til að styrkja nýtingu og verndun persónulegra sambanda barna og þá sérstaklega til að styrkja framkvæmdir gildandi alþjóðlegra löggerninga á þessu sviði.

Við skulum muna að síðasta vetur hafði Guðmundur Steingrímsson alþingismaður þegar leitt þetta óeðlilega ástand í ljós, að enn í dag eru börn svipt réttindum sínum til að viðhalda og lifa með bæði móður- og föðurfjölskyldu sinni eftir afleiðingar skilnaðar. Þúsundum foreldra, aðallega feðrum, vegna núríkjandi einhliða, hlutdrægrar sterkrar stöðu mæðra í kerfinu í landinu, er ólöglega og ómannúðlega hafnað: „Eftir skilnað hætti annað foreldrið að vera til [...] Eftir skilnað er faðirinn ekki lengur faðir, borgar bara meðlag. Báðir foreldrar eru foreldrar og hafa ríkar skyldur.“

Það er ekki aðeins útilokun þeirra, heldur einnig fyrst og fremst fullkomin sönnun þess að jafnrétti foreldra er ekki til staðar þegar það kemur að hatrömmum skilnaðarmálum.

Ísland heldur áfram að hrópa, fyrir allt og ekkert, um að það verði að vera algjört jafnrétti milli karla og kvenna, rök samt heyrð í síðustu forsetakosningaumræðu. Það er frábært, en íslensk stjórnvöld ættu í raun að setja þessi jafnréttismál í framkvæmd alls staðar, byrja á mæðrum og feðrum þar sem allir verða að hafa sömu réttindi og sömu skyldur þrátt fyrir skilnað þeirra.

Börn skilja aldrei við foreldra sína. Það verður að ábyrgjast að grundvallarréttindi þeirra séu algerlega og að fullu tryggð, eins og foreldra þeirra, til að byrja með löggiltur réttur til að vera í sambandi og lifa saman. Hvað annað gæti verið eðlilegra?

**Þar til annað kemur í ljós, þá hefur „tilgerður sáttmáli síðan 19. október 1996 um dómsvald, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samvinnustofnun vegna ábyrgðar foreldra og ráðstafanir til verndar börnum“ frá Haag aldrei verið fullgiltur af Íslandi þrátt fyrir ítrekanir frá Evrópuþinginu.**



# AFMÆLISDAGAR

FIMMTUDAGINN 01.DES TIL
LAUGARDAGSINS 03.DES

Tékk KRISTALL 46 ÁRA







## 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

FALLEGUR TERTUDISKUR
FYLGIR KAUPUM EF VERSLAÐ
ER FYRIR KR.8.500 +





**OPNUNARTÍMI:**

| | |
|---|---|
| MÁN-FÖS | FRÁ KL.11:00 – 18:00 |
| LAUGARDAGA | FRÁ KL.11:00 – 17:00 |
| SUNNUDAGA | FRÁ KL.13:00 – 17:00 |

**ATHUGIÐ! Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum**

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955

# Kennum kynjafræði!



**Hanna Björg Vilhjálmsdóttir**
framhaldsskólakennari og félagi í Kvenréttindafélagi Íslands

Sagan er svo glimrandi góð leið til að útskýra núið. Með henni getum við skoðað fyrirbæri í sögulegu samhengi, tengt við nútímann og varpað þannig skýrara ljósi á veruleikann.

Konur hafa þurft að gjalda fyrir kynferði sitt frá upphafi siðmenningar, frá drekkingum til drusluskömmunar. Kerfisbundin kúgun hefur verið hluti af daglegu lífi kvenna um allan heim frá örófi alda. Aukin virðing gagnvart konum og þeim hlutverkum sem ætluð hafa verið konum í gegnum söguna skiptir sköpum í jafnréttisbaráttunni.

Þeir sem hafa notið forréttinda taka ekki eftir misrétti og verða blindir á yfirburðastöðu sína. Fræðsla getur orðið til þess að fólk skilur mikilvægi þess að setja sig í spor annarra. Tengsl launamisréttis og kláms eru kannski ekki augljós við fyrstu sýn, en ef normalíseruð kvenfyrirlitning er sett inn í jöfnuna skerpist skilningurinn og samfléttað misrétti á öllum sviðum samfélagsins afhjúpast.

Þjálfun í notkun á kynjagleraugum í öruggu rými kennslustofunnar opnar möguleika nemenda, ekki bara á samfélagslegum skilningi og gagnrýnni hugsun, heldur líka til farsældar og hamingju. Nemendur sjá að reglusafnið í kynjakerfinu, sem takmarkar okkur öll og skaðar, snýst ekki um okkur heldur um fjandsamlega menningu sem við öll erum ofurseld. Skilningurinn er valdeflandi og gefur nemandanum forsendur til að verja sig fyrir skaðlegum áhrifum samfélagskrafna. Knýjandi þörfin á að gefa stúlkum varnir gegn síöskrandi útlitskröfum er slík að það er nánast siðleysi að hunsa.

Það er margt fallegt, jákvætt og gott í karlmennskunni – en þar er líka að finna heftandi þætti og hörku sem skaðar bæði karla sjálfa og aðra í kringum þá. Það þarf að endurskilgreina karlmennsku og frelsa karla undan oki úreltra hugmynda um hlutverk þeirra og hegðun.

Sagan sýnir okkur að þrátt fyrir mikla baráttu hefur ekki tekist að ná jafnrétti. Menntakerfið er hluti af vandanum – nú þarf það að verða hluti af lausninni með markvissri kynja- og jafnréttisfræðslu, þar sem hinsegin fræðsla er sjálfsagður hluti af námsefninu.

# Dagurinn þegar Bandaríkin réðust á sjálf sig



**Sölvi Jónsson**
tónlistarmaður og félagsliði

Þann 11. september fyrir fimmtán árum síðan hrundu þrír turnar í New York (tvíburaturnarnir og turn 7) vegna þess að turnarnir voru sprengdir (controlled demolition). Yfir 3.000 manns voru myrtir og í stríði Bandaríkjanna, sem á eftir fylgdi gegn hryðjuverkum, hafa minnst 1,3 milljónir manna verið myrtar. Þetta eru varlega áætlaðar tölur fyrir Írak, Afganistan og Pakistan frá árinu 2015 (sumir segja að tala látinna sé yfir 4 milljónir). Það verður ekki betur séð en 11. september hafi verið í boði hergagnaiðnaðarins til að hefja ömurleg og fullkomlega ónauðsynleg stríð. Til hvers að framleiða vopn ef þau eru aldrei notuð?

Við eigum víst að trúa því (og flestir trúa því reyndar því miður) að þennan dag hafi þrír stálstyrktir turnar hrunið vegna elda. Hvorki fyrr né síðar í sögunni hefur þetta gerst. Þennan dag hrundu sem sagt ekki einn heldur þrír turnar af þessari ástæðu.

Turn 7 hrundi sjö tímum eftir að seinni tvíburaturninn hrundi. Turn 7 fékk ekki flugvél inn í sig heldur brak úr tvíburaturnunum yfir sig. Turninn var 47 hæðir og það loguðu eldar á einangruðum stöðum á 10 hæðum. Fall turnsins tók innan við sjö sekúndur og yfir 30 metrar af turninum (átta hæðir) féllu í frjálsu falli, sem þýðir að það var engin fyrirstaða, og slíkt getur aðeins gerst í controlled demolition.

Opinbera samsærisskýringin „pönnukökukenningin“ svokallaða, sem á að skýra hrun turnanna þriggja, fellur um sjálfa sig vegna þess að steypan í turnunum varð að dufti. Í braki turnanna var engar heillegar hæðir að sjá sem áttu þá að hafa fallið hver ofan á aðrar eins og dómínókubbar. Slíkt brak hefði átt að vera ígildi a.m.k. 20 hæða í tvíburaturnunum. Ef turnarnir hefðu hrunið vegna elda þá hefði það sennilega gerst þannig að turnarnir hefðu hallað smátt og smátt til hliðar út frá skemmdunum þar sem flugvélarnar hæfðu þá og hluti af turnunum fallið til jarðar.

Í stað þess þá hrundu turnarnir í heild sinni og féllu að mestu í sitt eigið stæði eins og gerist í controlled demolition. Eldar út frá flugvélaeldsneyti geta ekki brætt stál enda voru turnarnir beinlínis hannaðir til þess að þola að fá flugvél inn í sig. Myndir frá vettvangi glæpsins sýna sveigða/brædda/klippta stálstólpa.

Sönnunargögnunum var hins vegar snarlega eytt – stálið selt í bræðslu, aðallega til Kína. Leifar af sprengiefni (nano-thermite) fundust í rústunum og eldar loguðu undir rústunum svo vikum skipti og mældust þeir nálægt 760 gráðum sem er meiri hiti en myndast við flestallan bruna. Bræðslumark stáls og járns er ca 1.540 gráður. Yfir 100 slökkviliðsmenn sögðust hafa heyrt sprengingar og séð ljósglæringar þegar turnarnir hrundu.

Mjög neyðarlegt hlýtur að teljast þegar fréttakona BBC sagði frá hruni turns 7 í beinni útsendingu um 20 mínútum áður en turninn hrundi. Meira að segja með turninn greinilega uppistandandi á bak við sig. Fréttakonan talaði ofan úr háhýsi. Þetta hefur verið afsakað þannig að menn hafi gert ráð fyrir hruni turnsins vegna elda sem loguðu – og það þrátt fyrir að aldrei í sögunni hafi turn þessarar gerðar hrunið vegna elda.

***Heimildir greinarinnar voru að mestu sóttar í netsíðuna:***

*„Architects and engineers for 9/11 truth“. Full heimildarskrá fylgir vefútgáfu greinarinnar.*
*Body count: Casualty figures after 10 years of the “War on terror” (grein): http://www.psr.org/assets/pdfs/body-count.pdf*
*Do the math: Global war on terror has killed 4 million muslims or more (grein): http://www.mintpressnews.com/do-the-math-global-war-on-terror-has-killed-4-million-muslims-or-more/208225/*
*Twin towers evidence blows away fire collapse theory (grein): http://www1.ae911truth.org/faqs/345-twin-towers-evidence-blows-away-fire-theory.html*
*Building 7 implosion: The Smoking gun of 9/11 (grein): http://www1.ae911truth.org/home/344-building-7-implosion-the-smoking-gun-of-911.html*
*118 Witnesses: The Firefighters´ testimony to explosions in the Twin Towers (grein): http://www.journalof911studies.com/articles/Article_5_118Witnesses_WorldTradeCenter.pdf*
*9/11: Explosive evidence - Experts speak out (heimildarmynd): https://www.youtube.com/watch?v=4tTMMNTisBM*
*North tower exploding (myndband): https://www.youtube.com/watch?v=hSApOavkHg8*
*Cutter charges in the north tower of the world trade center (myndband): https://www.youtube.com/watch?v=zoAD8HlrLZg*
*Thermite used on 9/11 (myndband): https://www.youtube.com/watch?v=3-jeQmW5wiA&feature=youtu.be*
*BBC reported building 7 collapse 20 minutes before it fell (myndband): ENHANCED VERSION: News Reports WTC7 Fell Before It Happens!*

# Blessað barnalán



**Hjördís Guðný Guðmundsdóttir**
grunnskólakennari

„Hann er kominn inn á leikskóla!“ Frábærar fréttir sem bárust okkur foreldrunum í tölvupósti einn góðan vordag. Drengurinn fékk pláss og mátti byrja um haustið. Að vísu ekki í leikskólanum sem við kusum helst, en næsti bær við. Svo fengum við síðar flutning. Þvílík kátína. Því á þeim leikskóla er stigsmunur á við aðra sem við höfum reynt í okkar barnauppeldi. Nú er þetta þriðja barnið okkar og við reynslunni ríkari þegar kemur að dagforeldrum og leikskólamálum. Þessi leikskóli nefnilega þekkist hjá okkur sem góði leikskólinn með litla starfsmannaveltu, góðan starfsanda, ríkt þróunarstarf og mikinn eldmóð í starfsfólkinu öllu sem einu. Frábært og faglegt starf í gangi í öllum skúmaskotum, inni og úti og foreldrasamstarfið með besta móti.

Glöð mættum við vinum sem voru á umræddum leikskóla með sín börn og tilkynntum að bráðum kæmum við þangað aftur. Mættum kennurum leikskólans og tilkynntum að við kæmum bráðum til þeirra aftur. Hvað við hlökkuðum til. Svo gerðist það. Flutningur afstaðinn. Leikskólinn byrjaður eftir sumarfrí og drengur í aðlögun.

Síðan er liðið eitt og hálft ár. Langtíma veikindaleyfi starfsmanna á leikskólanum með litlu starfsmannaveltuna hefur aukist, starfsmannavelta er meiri en við höfum áður þekkt þar á bæ og illa gengur að ráða í lausar stöður. Við höfum verið beðin að sækja drenginn fyrr en áætlað er vegna forfalla starfsmanna og manneklu. Við höfum sótt drenginn okkar í lok dags og eingöngu einn starfsmaður verið eftir á deildinni vegna óvæntra veikinda samstarfsfólks. Við komumst ekki til að sækja hann fyrr þann daginn, eins og við vorum beðin um að gera ef hægt væri í tölvupósti. Ófremdarástand í húsi.

Ekkert sem foreldrar leikskólabarna í Reykjavík þekkja ekki til og upplifa daglega.

Ekkert sem leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólanna þekkir ekki til og upplifir daglega.

Það kemur á daginn að flottustu stofnanir, eins og uppáhalds leikskólinn okkar, eru ekki ónæmar fyrir samfélagslegum áhrifum. Inn á leikskólana flykkjast nú hvorki menntaðir leikskólakennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar né ófaglærðir einstaklingar. Þvert á móti. Í dag flykkjast menntaðir leikskólakennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og ófaglærðir einstaklingar langt í burtu frá leikskólunum. Við getum kennt ýmsu um. Við getum kennt lélegri stjórnun sveitarfélagsins okkar um ástandið. Við getum kennt virðingarleysi gagnvart starfinu sem þarna fer fram um. Við getum kennt allt of lágum launakjörum allra starfsmanna um. Við getum kennt sinnuleysi yfirvalda eiginlega um allt framantalið.

**Í dag flykkjast menntaðir leikskólakennarar, þroskaþjálfar, iðjuþjálfar og ófaglærðir einstaklingar langt í burtu frá leikskólunum. Við getum kennt ýmsu um.**

## Óviðunandi og hættulegt

Ástandið í leikskólunum okkar er algjörlega óviðunandi og beinlínis hættulegt. Ég óttast verulega um afdrif barnanna okkar ef núverandi staða fær að vara óáreitt mikið lengur. Börn á viðkvæmum þroskastigum þurfa festu og fagmennsku. Þau þurfa skipulag og ramma og sértæka þjálfun fagfólks. Þau þurfa að mæta skilningi, þekkingu, úrræðum og öryggi.

Virðing rekstraraðila leikskólanna gagnvart leikskólabörnum er engin. Þau eru afgangsstærð og dragbítur á Excel-skjölum fjármálaspekúlanta. Þau eru ekki gróðamaskína.

Það þarf vitundarvakningu hjá ráðamönnum ekki seinna en fyrir áratug síðan! Hvað er svona flókið við það að skilja að menntun og umönnun barna er það allra mikilvægasta sem þjóðfélagið setur peninga sína í?

Skilvirkt menntakerfi er kerfi með aðgang að fjármagni, úrræðum og fagfólki af hverju tagi. Slíkt kerfi skilar af sér heilbrigðum og vinnufærum einstaklingum út í lífið við hinn enda þess. Það hlýtur að segja (borga) sig sjálft!

*Höfundur er móðir leikskólabarns í Reykjavík, menntaður grunnskólakennari og nemi í mannauðsstjórnun á meistarastigi við Háskóla Íslands.*

# Enn um blekkingar gagnvart neytendum



**Ingólfur Bruun**
framkvæmdastjóri Betri fjarskipta, ráðgjafaþjónustu

Sæmundur E. Þorsteinsson ritar þann 29. nóvember svar við grein undirritaðs í Fréttablaðinu frá 25. nóvember sl. þar sem leitast var við að leiðrétta rangfærslur forstjóra Símans.

Sæmundur játar í upphafi greinar sinnar með nokkru stolti að hafa vísvitandi blekkt notendur fjarskiptatenginga með því að búa til orðið „Ljósnet“ til nota fyrir kopartæknina VDSL. Rétt er að halda því til haga að „Ljósnet“ er hugtak sem búið var til, til þess að blekkja fólk sem margt hélt raunverulega að það væri komið með ljósleiðara alla leið inn í hús til sín. Lesendum og Sæmundi til fróðleiks er hér á ensku skilgreining á VDSL-tækninni sem hann kaus að nefna „Ljósnet“:„VDSL offers speeds of up to 52 Mbit/s downstream and 16 Mbit/s upstream,[3] over a single flat untwisted or twisted pair of **copper wires** (breiðletrunin er mín) using the frequency band from 25 kHz to 12 MHz“. VDSL-tæknin er nefnilega gagnaflutningstækni sem nýtir koparlínur en ekki ljósleiðara eins og fram kemur í skilgreiningunni. Það er aumt ef leikmaður eins og sá er hér skrifar þarf að leiðrétta fjarskiptaverkfræðinginn og sérfræðinginn Sæmund þegar kemur að því að útskýra fyrir almenningi hvað orðið „Ljósnet“ stendur fyrir í notkun Sæmundar, Símans og Mílu.

Öllu alvarlegra er að Sæmundur fékk staðfestingu Neytendastofu á því að hann, fyrir hönd Símans, mætti komast upp með að blekkja neytendur því Neytendastofa gerði á sínum tíma ekki athugasemdir við blekkingarleik Sæmundar og félaga hjá Símanum. Hann má vissulega vera stoltur yfir því að hafa fengið staðfestingu Neytendastofu á því að komast upp með það athugasemdalaust að blekkja neytendur.

**Hér skal fullyrt að framtíð fjarskipta felist í lagningu og notkun ljósleiðara, ekki koparlagna.**

## Því meiri hraði, þeim mun styttri vegalengd

Sæmundur fer í svargrein sinni yfir fjarskiptasöguna á höfuðborgarsvæðinu. Nefnir þar til Breiðbandið og ADSL-tæknina (sem skv. skilgreiningu Sæmundar ætti að flokkast sem „Ljósnet“ með sömu rökum og hann beitir til að heimfæra VDSL-tæknina undir ljós-eitthvað) en skautar fram hjá því að meðan Gagnaveita Reykjavíkur hugsaði til framtíðar þá hugsaði Síminn til nútíðar en vanrækti framtíðina. Hér skal því haldið til haga að Breiðband Símans og ADSL-væðingin voru miklar framfarir í fjarskiptum á sínum tíma. En enginn lifir á fornri frægð.

Sæmundur fræðir lesendur um stöðuga framþróun í gagnaflutningum um koparlínur og nefnir í því sambandi G.fast-tæknina. Hann nefnir hins vegar ekki að þær framfarir sem verða í gagnaflutningum um koparlínur eru þess eðlis að vissulega eykst hraðinn en á kostnað fjarlægðar frá notanda að tengipunkti þar sem ljósleiðari endar. Því meiri hraði, þeim mun styttri vegalengd. Sæmundur nefnir allt að 1 Gb/s nethraða yfir kopar en gleymir að nefna fjarlægðartölur í því sambandi. Honum og lesendum til fróðleiks þá næst 500-1000 Mbits nethraði í gegnum koparlínur á innan við 100 metra langri koparheimtaug. Hraðinn er síðan dottinn niður í um 150 Mbits á 250 metrum. Til fróðleiks er með ódýrum búnaði hægt að senda 1 Gb/s fjarskiptamerki allt að 80 km í gegnum einn ljósleiðaraþráð og raunar miklu lengra ef svo ber undir.

Sæmundur gerir að umtalsefni í grein sinni þekkingarleit starfsmanna Símans. Í öllum rekstri er þekkingarleit og þróun mikilvæg og eru fjarskipti þar engin undantekning. Þrátt fyrir þessa þekkingarleit starfsmanna Símans sofnaði fyrirtækið þegar kom að því að horfa til framtíðar og hefja lagningu ljósleiðaraheimtauga.

Vanræksla Símans/Mílu við uppbyggingu á ljósleiðaraheimtaugum í dreifbýli er síðan efni í sérstaka grein.

Hér skal fullyrt að framtíð fjarskipta felist í lagningu og notkun ljósleiðara, ekki koparlagna. Ef G.fast-tæknin er heillandi má spyrja sig hvaða tilgangi það þjónar hjá Símanum að leggja ljósleiðaraheimtaugar á höfuðborgarsvæðinu.

Almenningur á betra skilið en að sérfræðingar beiti hann blekkingum. Fróðlegt væri að vita hvort Sæmundur hafi verið einn af „sérfræðingunum“ sem á sínum tíma áttu þátt í að fullyrða að ekki væri hægt að skipta Landsímanum upp í dreifikerfið sér og virðisaukandi þjónustur sér. Það tók ekki nema tvö ár eftir að Síminn var seldur að fyrirtækinu var skipt upp í Símann og Mílu. Svo góð voru ráð „sérfræðinganna“, hverjir sem þeir nú annars voru.




DAGUR REYKSKYNJARANS

# VAKA REYKSKYNJARAR

## YFIR ÞÉR OG ÞÍNUM?

*Dagur reykskynjarans er 1. desember.*

***Notum hann öll til að:***

- Prófa reykskynjarana og skipta um rafhlöður ef þess gerist þörf.
- Kaupa og setja upp reykskynjara ef enginn eða aðeins einn reykskynjari er fyrir. Þeir eiga að vera tveir eða fleiri á hverju heimili.
- Setja upp reykskynjarann sem búið er að kaupa en hefur ekki komist lengra en ofan í skúffu eða inn í skáp.

*Eldvarnabandalagið óskar landsmönnum öllum þess að hátíðin sem fer í hönd verði slysalaus og gleðileg.*

*Förum varlega!*

[ELDVARNA] bandalagið

**Eldvarnabandalagið** er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

**www.mvs.is**




Haukarnir hafa orðið Íslandsmeistarar undanfarin tvö tímabil og hér fagna þeir Íslandsmeistaratitli sínum síðasta vor. Slök byrjun með nánast óbreytt lið kom því mörgum mjög á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hamskipti Haukanna í handboltanum

**Það kostaði Gunnar Magnússon margar svefnlausar nætur að vekja sína menn í meistaraliði Hauka af værum blundi eftir matraðarbyrjun á mótinu. Það tókst hins vegar og liðið sem var í fallsæti fyrir mánuði hefur rúllað yfir topplið deildarinnar á síðustu vikum.**

**HANDBOLTI** Fyrir aðeins fimmtíu dögum sátu Haukarnir í fallsæti Olís-deildarinnar með aðeins fjögur stig í húsi af fjórtán mögulegum. Íslandsmeistararnir voru búnir að tapa fimm af sjö fyrstu leikjum sínum og höfðu fengið á sig 31 mark að meðaltali í leik.

Það er því ekki skrítið að þjálfarinn Gunnar Magnússon hafi sofið illa þessa daga í september og október þegar meistaraliðið var nánast óþekkjanlegt úti á gólfinu. Nú, sjö vikum síðar, hafa hans menn farið í gegnum algjör hamskipti og nú síðast unnið hvern stórsigurinn á fætur öðrum á efstu liðum deildarinnar. Hvernig fór hann að þessu?

### Framleikurinn vekjaraklukkan

Gunnar segir að vekjaraklukkan hafi farið í gang eftir 41-37 tap á móti Fram á heimavelli í lok september. „Við héldum alltaf fram að því að þetta væri að koma og væri að koma. Eftir það tap, þar sem við fengum á okkur 41 mark, þá áttum við okkur á vandamálinu að við værum bara lélegir og þyrftum að spýta verulega í lófana,“ segir Gunnar. Það fór ekki fram hjá mörgum að varnarleikurinn var akkillesarhæll liðsins í upphafi móts.

„Við vorum í miklum vandræðum með vörnina hjá okkur. Við vorum með nýja leikmenn í nýjum stöðum sem tók smá tíma,“ segir Gunnar og bendir á eina tölfræði sem sýnir vel muninn á varnarleiknum. „Við erum búnir að tvöfalda fjöldann hjá okkur í fríköstum frá þessum Framleik. Það sýnir líka baráttuna og hugarástandið. Fá meiri baráttu og fá fleiri fríköst. Við erum búnir að tvöfalda fjölda hraðaupphlaupa og tvöfalda fjölda fríkasta sem við höfum fengið á okkur með því að bæta þessa vörn. Um leið og vörnin hefur skánað hjá okkur þá hefur markvarslan líka verið betri,“ segir Gunnar.

„Ég sagði það eftir þennan septembermánuð, þar sem við gátum ekki rassgat, að ég héldi að við kæmum bara sterkari út úr þessu. Í öllu þessu mótlæti, þegar við töpuðum fimm leikjum af sjö, þá var aldrei einhver örvænting og aldrei datt mórallinn niður. Við umturnuðum engu. Við vissum bara að við vorum lélegir og að við þyrftum að leggja harðar að okkur,“ segir Gunnar. Hann hugsaði þó um lítið annað en hvað hann gæti gert.

### Svaf ekki rólegur

„Ég svaf ekkert rólegur á meðan liðið spilaði mjög illa. Mér stóð ekki á sama því ég fékk það til að virka sem við vorum að fara með inn í leikina. Ég lagði þá bara helmingi meira á mig eins og strákarnir. Ég vann bara myrkranna á milli til að finna lausnir og hvernig ég gæti snúið þessu við,“ sagði Gunnar og hann breytti nokkrum hlutum.

Gunnar veltir einnig upp möguleikanum á að hans menn hafi verið saddir eftir velgengni síðustu ára.

„Eitt af því sem ég skynjaði eftir þennan Framleik var að mér fannst við ekki ná því að gíra okkur inn í leikina. Mér fannst við vera í mjög góðu formi og það var því ekki vandamálið. Við náðum ekki að gíra okkur almennilega inn í þessa leiki,“ segir Gunnar og bætir við: „Margir í liðinu voru búnir að vinna tvö ár í röð og umræðan var síðan þannig að við værum langbestir og í undirmeðvitundinni héldu menn að þetta kæmi svolítið af sjálfu sér.“

Það var magnað að fylgjast með Haukalestinni á fullri ferð fyrr í þessum mánuðum þegar liðið vann fjögur topplið í deildinni með meira en 40 mörkum samanlagt.

### Koma sterkari út úr þessu

„Við erum búnir að bæta okkar leik meira með því að fara í alla þessa vinnu innan og utan vallar. Við komum sterkari út úr þessu af því að við tókum á vandamálunum. Við vorum bara lélegir og hin liðin voru bara betri en við í byrjun október,“ segir Gunnar.

Næsti leikur er einmitt á móti Fram í kvöld. Mótherjar kvöldsins voru vekjaraklukka Haukaliðsins fyrir tveimur mánuðum en hvernig verður framhaldið nú þegar allt er komið í lag?

„Við erum ekkert komnir á þann stað sem við viljum vera á í deildinni. Við erum alls ekkert sáttir við stöðuna enn, því okkur langar að sjálfsögðu að komast á toppinn. Þangað stefnum við og við erum ekkert sáttir þangað til,“ segir Gunnar. Hann sér hungrið og leikgleðina aftur í sínum mönnum.

### Sér það í augunum á þeim

„Inni í klefa, þegar við erum að fara í leikina, þá sér maður bara í augunum á mönnum hvort þeir eru tilbúnir. Maður þarf ekkert að öskra þá í gang lengur því maður sér það bara að þeir eru tilbúnir. Það er allt annað að horfa á liðið í dag,“ segir Gunnar. ooj@frettabladid.is

**Staðan í Olís-deild karla 12. október**

| | LEIKIR | S | J | T | STIG | SIGURLEIKIR HAUKANNA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Afturelding | 7 | 6 | 0 | 1 | 12 | (35-17) **+18** |
| 2. ÍBV | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | (32-24) **+8** |
| 3. Stjarnan | 7 | 3 | 2 | 2 | 8 | (33-28) **+5** |
| 4. Valur | 7 | 4 | 0 | 3 | 8 | (34-29) **+5** |
| 5. Grótta | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | (34-32) **+2** |
| 6. Fram | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 1. desember |
| 7. FH | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 15. desember |
| 8. Selfoss | 7 | 3 | 0 | 4 | 6 | (40-30) **+10** |
| **9. Haukar** | **7** | **2** | **0** | **5** | **4** | ----------- |
| 10. Akureyri | 7 | 1 | 0 | 6 | 2 | 10. desember |

**Reynslunni ríkari í næsta leik** ■ Tap ■ Sigur

| LEIKUR 1 | | LEIKUR 2 | MISMUNUR |
|---|---|---|---|
| -6 | ÍBV | +8 | +14 |
| -1 | Afturelding | +18 | +19 |
| +3 | Selfoss | +10 | +7 |
| -4 | Valur | +5 | +9 |

## Baumruk og allir hinir tilbúnir að hjálpa til

Gunnar Magnússon var mjög ánægður með hvernig allt félagið brást við þegar ekkert gekk hjá karlaliðinu í upphafi tímabilsins. „Það leggjast allir á eitt. Stjórnin stóð dyggilega við bakið á mér og hjálpaði til eins og hún gat. Húsverðirnir, Petr Baumruk og þau öll þarna, voru öll að koma til mín og spyrja hvort þau gætu hjálpað. Það lögðust allir á eitt í félaginu fannst mér,“ segir Gunnar. „Oft þegar illa gengur þá sér maður úr hverju menn eru gerðir og hvernig félagið er. Mér fannst svo frábært að sjá alls staðar að það voru allir tilbúnir að hjálpa og leggja sitt á vogarskálarnar.“

## Svekktur út í sjálfan sig

Gunnar Magnússon horfði upp á sína menn tapa fjórum af fyrstu fimm leikjunum áður en hann áttaði sig almennilega á því að nú þurfti að hrista vel upp í hlutunum. „Ég sem þjálfari þarf að læra af þessu. Ég er svekktur yfir að hafa ekki skynjað þetta. Ég skynjaði þetta ekki á æfingunum,“ segir Gunnar.

„Í fyrra unnum við deildina með ansi mörgum stigum og við mættum nánast í alla leiki tilbúnir. Það var aldrei vandamál með hugarfarið. Ég skynjaði ekki í haust að þetta yrði vandamál. Næst þegar ég lendi í þessu, ef ég lendi í þessu, þá þarf ég að bregðast við fyrr heldur en ég gerði núna. Ég kannski vanmat aðeins vandamálið of lengi,“ segir Gunnar.




> Ég lagði þá bara helmingi meira á mig eins og strákarnir. Ég vann bara myrkranna á milli til að finna lausnir.

Gunnar Magnússon, þjálfari Haukaliðsins.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 1. DESEMBER 2016 FIMMTUDAGUR

# NAPRAPATI ER ÁRANGURSRÍK MEÐHÖNDLUN VIÐ VERKJUM

Guttormur Brynjólfsson er menntaður naprapat (Doctor of Naprapathy) en naprapati-meðhöndlun felst meðal annars í hnykkingum, meðhöndlun á band- og stoðvef og sérsniðnum æfingum fyrir hvers kyns stoðkerfisvandamál.




Naprapat meðhöndlar og leiðréttir orsök verkja. Guttormur útskrifaðist sem naprapat árið 1996, hefur síðan rekið sína eigin naprapatistöð á Spáni og hefur nú einnig opnað stofu hér á landi. MYND/ERNIR

„Naprapat meðhöndlar og leiðréttir orsök verkja. Bein þýðing á orðinu naprapati er „að leiðrétta orsökina“. Í naprapati-meðferðinni er litið á stoð- og taugakerfið sem eina heild og naprapat leitast við ná fólki sársaukalausu sem fyrst, ásamt því að finna og rétta til ástæðuna fyrir verkjunum,“ útskýrir Guttormur Brynjólfsson, naprapat eða doctor of naprapathy.

### HNYKKIR, NUDDAR OG TEYGIR

Starf naprapats snýst um greiningu, meðhöndlun og endurhæfingu stoðkerfisins, naprapatinn leggur mikla áherslu á að finna og lagfæra orsök verkja, en orsökin getur leynst meðal annars í stoð- eða taugakerfi. „Þegar vandinn hefur verið greindur hefst meðferðin sem getur meðal annars falist í hnykkingum, meðhöndlun á band- og stoðvef með nuddi og teygjum og sérsniðnum æfingum fyrir stoðkerfið svo koma megi í veg fyrir þjáningu og sársauka.“

Naprapati varð löggild starfsgrein í Svíþjóð árið 1994 og tilheyrir sænska heilbrigðiskerfinu. „Þriðji hver Svíi hefur leitað til naprapats með stoðkerfisvandamál sín sem gerir naprapati að vinsælustu stoðkerfismeðhöndlun landsins. Rannsóknir hafa verið gerðar í samvinnu við meðal annars Karolinska Institutet í Stokkhólmi, og hafa bent til að naprapati sé ein af áhrifaríkustu meðhöndlunum á stoðkerfinu sem völ er á. Í því samhengi má benda á rannsókn sem var birt í „Clinical Journal of Pain“, einu af virtustu læknaritum heims, „Naprapathic manual therapy or evidence-based care for back and neck pain“,“ segir Guttormur, sem útskrifaðist sem naprapat árið 1996 og hefur allt frá útskrift átt og rekið sína eigin naprapatistöð í Madrid á Spáni, Natt Center, og rekur enn.

### JAFNVÆGI HEILANS MIKILVÆGT

Ástæðu bak- og hálsverkja má oft rekja til starfsemi heilans að sögn Guttorms og til dæmis megi nefna að um sjötíu prósent af hryggskekkjum séu sennilega tilkomnar vegna ójafnvægis í heilanum. „Heili og mæna, einu nafni miðtaugakerfi, stjórna allri starfsemi líkamans. Ójafnvægi heilahvelanna getur valdið spennu í vöðvum og leitt til endurtekinnar rangrar beitingar sem getur leitt til meiðsla eða eymsla í líkamanum. Ýmsar ástæður geta leitt til þess að heilinn vinni ekki eins og best verður á kosið, til dæmis ef litli heilinn fær mismunandi skilaboð frá hægri eða vinstri hlið líkamans. Ástæður fyrir því geta verið læsingar og minnkuð hreyfigeta í liðum eða jafnvel eitthvað í miðtaugakerfinu, sem veldur mismunandi vöðvastyrk eða hreyfigetu í hliðum líkamans og getur valdið rangri líkamsstöðu,“ lýsir hann.

### STOFUR Á SPÁNI OG ÍSLANDI

Guttormur hefur síðastliðin tuttugu ár byggt upp gott orðspor á Spáni og víðar, meðal annars hafa komið til hans í meðhöndlun fótboltamenn úr ensku úrvalsdeildinni og var Guttormur einnig fenginn til Liverpool FC til þess að meðhöndla leikmenn. Fyrir honum eru þó allir sjúklingar jafnir og er það honum kappsmál að geta hjálpað sem flestum.

Nú er Guttormur fluttur heim til Íslands og hefur hann opnað stofu í Orkuhúsinu á Suðurlandsbraut 34 þar sem hann meðhöndlar alla þá sem eiga við meiðsli eða verki að stríða, eða vilja bara fyrirbyggja stoðkerfisvandamál og hámarka vellíðan sína. „Naprapat býr yfir mikilli þekkingu og tækni til að tryggja það að líkaminn virki sem allra best.“

**Stofa Guttorms er í Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34, sími: 6250011. Frekari upplýsingar má fá á www.naprapat.is, á Facebook undir Naprapat – Orkuhúsið eða senda tölvupóst á info@naprapat.is.**

SuperWeek
Allt að 60% afsláttur!
comma,
2. hæð - Smáralind



# ALDREI TVO DAGA Í SÖMU FÖTUNUM

**Jörmundur Ingi Hansen** hefur frá unga aldri haft óbilandi áhuga á fötum. Hann rekur fatamarkað í kjallara á Laugavegi 25 og selur notuð föt sem honum hafa áskotnast með ýmsum hætti. Hann er kræsinn á föt og vill aðeins það besta.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Jakkaföt, frakkar, smóking, kjólföt og stakir jakkar flæða á móti blaðamanni þegar hann gengur inn á fatamarkað Jörmundar. Jörmundur er að afgreiða ungan mann sem kafar inn í fatarekka eftir einhverjum gullmola. Þegar ungi maðurinn hefur kvatt setjumst við niður innan um herðatré og Boss-jakka.

„Það er svo sem ekki mikið að gera hjá mér enda er ég aðallega að þessu til að hafa stað til að hanga á,“ segir Jörmundur glettinn. „Þetta byggist allt á því að vera sem þægilegast fyrir mig enda opna ég ekki fyrr en eftir hádegi,“ segir hann en markaðurinn er opinn frá miðvikudegi til sunnudags frá 14 til 19.

### SLEPPTI SÉR Í FATAKAUPUM

Jörmundur segist alltaf hafa viljað eiga góð föt. Oft fór hann í Kolaportið til að leita að einhverju spennandi. „Þar var kona sem hvatti mig til að koma og selja sjálfur. Ég var alltaf að kaupa föt, ekki bara á sjálfan mig heldur líka bræður mína og frændur sem síðan vildu kannski ekki eiga þau. Því fór þetta að safnast upp hjá mér. Ég ákvað því að fara að selja föt í Kolaportinu. Þá sleppti ég mér hins vegar alveg í kaupunum enda þótti mér það í lagi þar sem ég ætlaði að selja það allt saman aftur. En það fór nú ekki svoleiðis,“ segir hann og hlær. „Síðan var ég svo heppinn fyrir fjórum eða fimm árum að fá þetta lagerpláss hér.“

### SAFNAST UPP

Jörmundi áskotnast föt eftir ýmsum leiðum. Stundum kaupir hann gamla lagera af búðum sem eru að hætta. „Svo leyfi ég fólki að skipta. Þannig geta menn komið með tvo jakka sem eru of litlir og fá í staðinn einn sem passar. Þá fjölgar enn hjá mér.“

Inntur eftir því hvort hann freistist ekki til að klæðast fötum af markaðnum segist hann eiga allt of mikið af fötum heima líka. „Ég setti mér þá vinnureglu að ef ég tek einn jakka af markaðnum heim þurfi ég að koma með tvo niður eftir í staðinn. En það gengur nú ekki alltaf eftir,“ segir hann kíminn. Hins vegar segist hann aldrei ganga í sömu fötunum í tvo daga í röð. „Það fer mun betur með fötin.“

### SKIPULAGT KAOS

Við fyrstu sýn virðist markaðurinn í algerri óreiðu en þegar betur er að gáð er skipulag á öllu. „Ég veit nokkurn veginn hvað ég á. Sumt hefur verið hér frá byrjun en það kemur alltaf að því að það selst. Ég held því alltaf fram að ef menn nenna að leita nógu lengi þá finni þeir eitthvað sem þeir geti alls ekki lifað án.“

### TRUMP-JAKKARNIR SELDUST

Úrvalið er mikið. „Ég á staka jakka, jakkaföt, smókinga, kjólföt, sjakket og hvíta smókinga og allt þar á milli,“ segir Jörmundur sem bendir á Boss-jakkana sem liggja í sófanum. „Á ruglárunum var ekkert keypt nema það héti Boss eða Armani. Ég á dálítið af þeim jökkum. Svo átti ég líka tvo Trump-jakka, sem Donald Trump lét sauma fyrir einhverja verslun í sinni eigu. Þeir eru seldir,“ segir hann og bætir glettinn við: „Þeir voru saumaðir í Kólumbíu.“

Og verðið? „Það er einfalt. Jakkaföt kosta tólf þúsund krónur ef þau eru úr hundrað prósent ull. Jakkarnir kosta svona átta, níu þúsund. Það eru ekki mörg verð í gangi, enda myndi það alveg æra mann,“ segir Jörmundur. Hann tekur ekki við fötum nema þau séu alveg í lagi, og helst aðeins úr 100 prósent ull.

### Í KLÆÐSKERASAUMUÐUM FÖTUM

En hvaðan kemur fataáhuginn? „Maður var bara alinn svona upp. Mamma annaðhvort saumaði föt á okkur bræðurna sjálf eða lét klæðskera sauma á okkur. Síðan þá hef ég alltaf lagt upp úr því að vera í almennilegum fötum.“

Jörmundur segir mikinn mun á fötum í dag og þegar hann var ungur. „Eftir að við gengum í EFTA hættu Íslendingar að smíða húsgögn og sauma föt. Allt var flutt inn í miklu verri gæðum,“ segir Jörmundur sem telur að föt og skór eigi að endast tuttugu ár eða meira. „Hingað fæ ég stundum föt frá saumastofunum Gefjun, Ultima og Iðunni sem eru jafnvel fimmtíu ára gömul og það sér ekki á þeim.“

### LEIÐBEINIR UNGUM MÖNNUM

Jörmundur segir viðskiptavini sína helst vera unga menn frá 15 ára upp í þrítugt.

Hann segir í raun lítið upp úr fatasölunni að hafa en það sé hins vegar ekki tilgangurinn að græða. „Mér finnst gaman að geta hjálpað mönnum að klæða sig. Ég tala nú ekki um eftir að þessi tíska kom til með allt of stuttum jökkum, níðþröngum með stuttum ermum. Meira að segja Bjarni Ben lítur út eins og Angela Merkel í þessum fötum. Ef ég get aðeins lagfært þetta er ég mjög ánægður.“



Jörmundur Ingi innan um lítið brot af þeim jökkum og jakkafötum sem hann hefur til sölu á fatamarkaði sínum í kjallara á Laugavegi. MYND/EYÞÓR

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*






YVES SAINT LAURENT

# GEFÐU PERSÓNULEGA JÓLAGJÖF

MEÐ HVERJUM KEYPTUM ROUGE PUR COUTURE VARALIT FYLGIR **FRÍ ÁLETRUN MEÐ NAFNI** Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 1. OG 2. DESEMBER*

**FYRSTU 100 SEM VERSLA FÁ GLAÐNING AÐ HÆTTI YSL**

**20%** AFSLÁTTUR AF **YVES SAINT LAURENT** FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

Lyf & heilsa
**Kringlunni**







Mæðgurnar Kristín Sigfríður Garðarsdóttir og Emilía Lóa Halldórsdóttir sauma húfur úr notuðum ullarflíkum. MYND/ERNIR

# HANNA ÚR GÖMLUM ULLARFRÖKKUM

Mæðgurnar **Kristín Sigfríður Garðarsdóttir** og **Emilía Lóa Halldórsdóttir** hanna og framleiða húfur úr endurunnu efni undir nafninu Úsú. Línuna munu þær kynna á opnu húsi í Stúdíó Subbu um helgina.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Það var mamma sem fékk þessa milljóndollara hugmynd og mér leist strax vel á að prófa þetta,“ segir Emilía Lóa Halldórsdóttir en hún og mamma hennar, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir keramikhönnuður, hanna og sauma húfur úr notuðum flíkum.

„Við fáum efni hjá Rauða krossinum sem þau geta ekki notað, gamlar ullarkápur, -jakka og -frakka. Við reynum að finna sem mest köflótt og munstrað og notum svo smá einlitt með. Í bland notum við einnig efni sem við sjálfar áttum til í skúffum en við mamma höfum báðar safnað að okkur í gegnum tíðina ýmiss konar efnisafgöngum, einhverju sem maður ætlaði sér alltaf að gera eitthvað úr en vissi ekki hvað. Nú kom að því. Við erum komnar með þrjár aðaltýpur af húfum, aðallega kvenhúfur og hatta en við sjáum fyrir okkur að bæta við sixpensurum og jafnvel skuplum,“ segir Emilía og bætir við að næstu verkefni séu þegar komin á teikniborðið.

Formið á húfunum vinna þær upp úr japönskum sniðum sem þær útfæra á sinn hátt. „Við fengum send húfusnið frá Japan sem við breyttum. Húfurnar eru allar ólíkar og gjarnan úr mörgum bútum. Sumar þeirra eru með endurskins miðseymi en það áttum við mamma einmitt til í hillu,“ útskýrir Emilía.

Nafnið á línuna sækja þær líka til Japans, Úsú, en nafnið er mikið notað innan fjölskyldunnar. „Við köllum línuna eftir japönsku eldfjalli, Úsú. Nafnið á sér sögu í fjölskyldunni en fjallið gaus þegar elsta stelpan mín, Salka, fæddist og mamma kallaði hana lengi vel Úsú, líka vegna þess að hún lét yfirleitt heyra vel í sér. Salka var einmitt með mér þegar mamma var að lýsa hugmyndinni að húfunum. Hún ákvað strax að hún skyldi taka þetta yfir þegar línan væri komin í gang. Þetta er því strax orðið að fjölskyldufyrirtæki.“

Húfulínuna munu Kristín Sigfríður og Emilía kynna á opnu húsi um helgina, milli klukkan 13 og 17, laugardag og sunnudag í Stúdíó Subbu í Hamraborg. Nánar má forvitnast um Úsú á Facebook.



„Við reynum að finna sem mest köflótt og munstrað og notum svo smá einlitt með.“



Hér hefur gamall tweed-jakki fengið nýtt líf.



Húfurnar eru saumaðar úr notuðum ullarfatnaði.



Sniðin útfærðu mæðgurnar upp úr japönskum húfusniðum.



Húfa úr mörgum bútum.




Talsverð vinna fer í hverja húfu.













# Jólagjafir fyrir alla fjölskylduna

Útvistarfatnaður, snjóbretti, hjálmar, snjóbretta- og skíðagleraugu o.fl. fyrir alla fjölskylduna.




**Flottur, vandaður jóga- og lífstílsfatnaður frá Teeki og Onzie**



JadeYoga dýnurnar veita afburðagrip og dempun gerðar úr hrágúmmí og framleiddar með sjálfbærni að leiðarljósi



Hægt er að skoða úrvalið og fá nánari upplýsingar á

**www.debe.is**

db
debe.is

**Frí heimsending ef verslað er yfir 10.000 kr.**

**Facebook:** debebrettiogstill; debejóga, einnig á **Instagram**.

**DéBé bretti og stíll ehf** er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað á árinu 2015 og sérhæfir sig í innflutningi á vörum tengdum útivist og lífsstíl, með áherslum á snjóbretti og jóga. Í dag erum við með sjö umboð, Burton, Anon, Dainese, Teeki, Onzie, JadeYoga og Choclo Project.


GLÆSILEGT JÓLA-HAPPDRÆTTI HEFST Í DAG!
Drögum út á hverri aðventu fram að jólum og svo aðalvinninginn á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:
- Flug fyrir 2 með WOW air
- Gjafabréf frá Fosshótel
- Veglegur gjafapoki frá Laugar Spa og World Class
- Kökupinnavél og súkkulaðibrunnur frá Húsasmiðjunni
- Gjafabréf frá Hamborgarafabrikkunni
- LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá Eirberg
- Konfektkassi frá Nóa Síríus
- Hálsmen frá Vera Design
- Gjafabréf frá Trimform Berglindar
- Lady Million ilmvatn
Elsa Lund verður með okkur í dag frá kl 13 til 16, á sama tíma verður Bylgjan í beinni útsendingu!
20-70% afsláttur
af völdum vörum!
LITLU JÓLIN Í ZIKZAK!
FRÁBÆR skemmtun - Opið frá kl 9 til 21 í dag
TÚNIKA 7.990kr st. 42-56
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 3.990 st. 36-50
TÚNIKA ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL


Opnum kl 09.00
FYRSTU 20 SEM VERSLA FÁ VEGLEGAN KAUPAUKA!
- 20% aukaafsláttur af öllu sem verslað er, líka af tilboðsvörum
- Veglegur gjafapoki frá Laugar Spa og World Class
- Armband frá ZikZak
- Leggings eða hlýrabol að eigin vali frá ZikZak
Stærðir 36-56
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 7.990kr st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 4.990 st. S-XXXL
JAKKI ÁÐUR 14.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
TÚNIKA 9.990kr st. 42-56
KJÓLL 6.990kr st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. 42-56
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
PEYSA 6.990kr st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# ÓHRÆDDUR VIÐ AÐ PRÓFA NÝTT

**Sturla Sær** er óhræddur við að blanda saman ólíkum stílum og prófa nýja hluti. Nýlega stofnaði hann fatamerkið Reykjavik Roses ásamt félögum sínum og vörur þeirra seljast vel. Flestar buxurnar hans eru dömubuxur.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is





**Hér klæðist Sturla Sær svartri La Madre-hettupeysu frá Reykjavík Roses, Stussy spiral collar bol og jakka frá Samsoe & Samsoe.** MYNDIR/ERNIR

Það var á upphafsárum sínum í menntaskóla sem Sturla Sær Fjeldsted fékk fyrst áhuga á tísku fyrir alvöru. Þá hóf hann að hugsa meira um hverju hann klæddist og fór að skapa sinn eigin stíl.

Á öðru ári byrjaði hann að fikta við saumaskap og tók eitt saumanámskeið í vali. „Ég fór að prófa mig áfram, breytti sniðum og saumaði einnig flíkur frá grunni. Mér var síðar gefin saumavél og síðan hefur getan aukist gríðarlega. Á þriðja ári tók ég þátt í frumkvöðlaverkefni ásamt Arnari Leó og Konráði Loga vinum mínum og stofnuðum við fatafyrirtæki undir nafninu Reykjavík Roses. Við gáfum út nýja fatalínu núna í lok sumars og er hún til sölu í Smash og selst vel. Það er gaman hvað við höfum fengið frábærar viðtökur.“

Utan þess að teikna, hanna og sauma föt hefur Sturla Sær einnig áhuga á íþróttum, hjóla- og snjóbrettum.

**LÝSTU FATASTÍLNUM ÞÍNUM** Hann er einfaldur en um leið fremur fjölbreyttur, best lýst sem „streetstyle“, „skate“ blandað við pönk, hiphop og smá af breskum „urban“ stíl. Ég elska að vera gyrtur og einnig að klæðast stórum flíkum. Stíllinn minn breytist hratt því ég hef gaman af að blanda saman mismunandi tísku og er ekki hræddur við að prófa nýja hluti.

**HVERNIG FYLGIST ÞÚ MEÐ TÍSKUNNI?** Ég nota mest Instagram til að fylgjast með en skoða líka netsíður. Það sem ég sé úti í bæ hefur samt mest áhrif og er að mínu mati besta leiðin til að fylgjast með. Þá fæ ég oft hugmyndir og púsla saman „outfit-um“ í huganum sem ég útfæri svo betur.“

**HVAÐ EINKENNIR KLÆÐNAÐ KARLA?** Karlmenn pæla mikið í því hverju þeir klæðast. Hiphop og tónlistarmenn almennt eru miklir áhrifavaldar. Núna er mikið 90's og allt „oversized“.

**ÁTTU ÞÉR UPPÁHALDSVERSLANIR?** Núna er það klárlega Smash. Ég á mér í rauninni engar uppáhaldsverslanir heldur geng á milli verslana, bæði heima og erlendis. Ef mér líst vel á flíkina þá kaupi ég hana. Annars sauma ég einnig mikið af fötum sem ég geng í daglega.“

**UPPÁHALDSHÖNNUÐIR?** Margir íslenskir hönnuðir eru að gera frábæra hluti og gaman að sjá hvað fleiri og fleiri eru að taka af skarið með sína eigin hönnun. Sjálfur er ég að hanna föt og koma mér á framfæri. Ef ég á að nefna erlenda hönnuði eru það Jerry Lorenzo (Fear of God) og Demna Gvasalia (Vetements).

**ÁTTU EINA UPPÁHALDSFLÍK?** Ég á frábært safn af buxum sem ég hef bæði breytt og lagfært að mínum þörfum. Uppáhaldsflíkin mín núna eru Levi's-dömubuxurnar með bótum á hnénu. Annars eru flestar buxurnar mínar dömubuxur og ég skammast mín alls ekkert fyrir það. Flíkin sem ég held mest upp á er meira en hálfrar aldar gamall silkisloppur sem afi minn átti.



Silkisloppur frá afa, keyptur um 1949.

**BESTU OG VERSTU KAUPIN?** Ég gerði líklega verstu kaupin þegar ég keypti fyrst föt á netinu. Við getum orðað það svoleiðis að ég fékk alls ekki það sama og ég pantaði mér. Mín bestu kaup eru líklegast bomber-jakki sem ég keypti í London fyrir nokkrum árum. Hann varð grunnurinn að mörgum jökkum sem ég hef hannað og saumað síðan.

**NOTAR ÞÚ FYLGIHLUTI?** Ég nota ekki mikið af fylgihlutum. Þó er ég stundum með armbönd eða rúskinnsreimar utan um úlnliðina og nota mikið belti. Hins vegar fer úrið sem ég erfði frá afa mínum á Sigló sjaldan af mér.

**HVAÐ ER FRAM UNDAN Í VETUR?** Við erum að endurpanta síðustu línu Reykjavík Roses þessa dagana en erum samhliða að vinna að nýrri línu sem kemur út á næsta ári. Við félagarnir í Reykjavík Roses erum líka að byrja á nýju spennandi verkefni sem verður gaman að kynna betur þegar það er farið í gang. Annars er ég á leið í tveggja mánaða heimsreisu í janúar. Það verður gaman að fá tækifæri til að kynnast nýjum menningar- og tískuheimi.



**Levi's rauðröndóttur bolur, Levi's skinny buxur og Carhartt palm belti. Skórnir eru Vans old skool true white.**



**Séð aftan á La Madre Reykjavík Roses hettupeysu.**



**RVK HOODIE Reykjavík Roses hettupeysa, röndóttur bolur sem Sturla saumaði og Levi's highrise skinny buxur sem hann reif.**

# NÚNA ER ALLT Á HVOLFI

# AVIS BÍLARNIR

## ERU KOMNIR Í SÖLU OG
## ERU Á FÁRANLEGA GÓÐU VERÐI

**1 ÁRS ÁBYRGÐ***

Dæmi um bílategundir í boði**



**HYUNDAI i20 COMFORT**
Árgerð 2015
**Tilboðsverð: 1.604.000**
Ásett verð: 1.990.000
Sjálfskiptur



**HYUNDAI i20 CLASSIC**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.121.000**
Ásett verð: 1.320.000
Beinskiptur



**SUZUKI SWIFT**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.282.000**
Ásett verð: 1.590.000
Sjálfskiptur



**VW POLO TRENDLINE**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.121.000**
Ásett verð: 1.390.000
Beinskiptur



**FORD FOCUS**
Árgerð 2015
**Tilboðsverð: 2.088.000**
Ásett verð: 2.590.000
Sjálfskiptur



**HYUNDAI i30**
Árgerð 2014
**Tilboðsverð: 1.362.000**
Ásett verð: 1.690.000
Beinskiptur

Komdu við á
**Bílasölu Reykjavíkur**,
**Bílasölu Íslands** eða
**Toyota Selfossi** og
kannaðu fjölbreytt úrval **AVIS** bíla.
Þú getur gert ótrúlega góð kaup.

Allt að **100%** fjármögnun

**Allt að 1.500.000 kr.**
greiðsluseðlalán og
dreifing til 36 mánaða.
Kynntu þér kostina
á **Pei.is!**

pei

*1 árs ábyrgð gildir eingöngu um Avis bíla.
**Bílaframboð er mismunandi eftir bílasölum.

AVIS®
Bílaleiga













Rauður leðurjakki við tjullpils frá Chanel. Vor 2017.

Fallegur kjóll frá Stellu McCartney. Vetur 2016.

Phillip Lim. Vetur 2016.

# GLÆSILEIKI Á JÓLAHLAÐBORÐINU

Nú er tími jólahlaðborðanna og það er alltaf gaman að klæða sig upp á fyrir veisluhöld á aðventu. Stundum getur verið höfuðverkur að finna út hverju á að klæðast á jólahlaðborði. Fólk vill vera spariklætt en ekki of fínt.

Kjólar eru mikið í tísku um þessar mundir, hvort sem þeir eru stuttir, hnésíðir eða alveg síðir. Sléttflauel er líka mikið að koma með vorinu og kannski leynist eitthvert fallegt dress í skápunum hjá mömmu síðan á tíunda áratugnum. Dökkrauður litur er vinsæll og passar fullkomlega í desember. Það er hægt að vera mjög fínn þótt maður hafi einfaldan smekk.

Hér á síðunni eru nokkrar hugmyndir frá frægustu hönnuðum í heimi um hvernig hægt er að klæðast á jólahlaðborði eða um hátíðirnar. Þetta er nýjasta tíska frá Dior, Chanel, Stellu McCartney, Phillip Lim og Givenchy.



Givenchy. Vor 2017.

Æðisleg dragt. Chanel, vor 2017.



Flottur kjóll frá Chanel úr vor- og sumarlínunni 2017.


CANADA GOOSE®
ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE HAUST 2016
SHELBURN
Kr.124.990.-
ROSSCLAIR
Kr.129.990.-
TRILLIUM
Kr.114.990.-
LORETTE
Kr.129.990.-
SPORTÍS
MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS












**Súkkulaði og kakó er kjörið að nota í rakagefandi andlitsmaska.** NORDICPHOTOS/GETTY

# HREINSANDI KAKÓMASKI

**Súkkulaði** og **kakó** þykja hafa góð áhrif á lundarfarið. Bragðið er það sem við sækjumst eftir og flestir kannast við sælutilfinninguna sem fylgir því að láta súkkulaðimola bráðna í munni. Súkkulaði og kakó þykja reyndar hafa góð áhrif útvortis líka og er vel þekkt að nota súkkulaði og kakó í krem og maska.

Andlitsmaskar sem búnir eru til úr dökku súkkulaði eða ósætu kakódufti þykja ekki einungis gefa húðinni bæði raka og lyftingu heldur á svardökkt súkkulaðið að vera uppfullt af andoxunarefnum. Kakóduft þykir hafa græðandi áhrif og hjálpa til við endurnýjun húðarinnar og þegar því er blandað saman við til dæmis hreina jógúrt, haframjöl og hunang verður húðin fersk og ljómandi. Jógúrt gefur raka og á mjólkursýran að þetta svitaholurnar og losa um dauðar húðfrumur. Hunangið á að vinna gegn bólgum í húð og minnka bólur og haframjölið hreinsar svitaholurnar og mýkir húðina.









**Það sem þarf í kakómaskann er:**

- **Ósætt kakóduft**
- **Hrein jógúrt**
- **Haframjöl**
- **Hunang**
- **Skál**
- **Matskeið**

Setjið 1 matskeið af kakódufti í skálina.
Bætið 2 matskeiðum af hreinni jógúrt út í kakóið.
Malið haframjöl í fínt duft í matvinnsluvél og setjið eina matskeið af duftinu út í skálina.
Setjið 1 matskeið af hunangi út í blönduna.
Blandið öllu vel saman og berið á hreint andlit og háls. Látið bíða í 15 mínútur, hreinsið þá af með volgu vatni. Húðin gæti verið örlítið „klístruð“ viðkomu eftir hunangið en það má einfaldlega strjúka yfir andlitið með andlitsvatni. Uppskrift fengin af www.top10home-remedies.com

**Rakagefandi súkkulaðimaski:**

Í glansandi súkkulaðimaska þarf:

- **70-90 % súkkulaði**
- **Ólífuolíu**
- **Eggjarauðu**

Hitið 50 grömm af súkkulaðinu yfir vatnsbaði þar til það er bráðnað. Setjið matskeið af ólífuolíu í skál. Bætið 1 matskeið af bráðnu súkkulaðinu í skálina. Bætið loks 1 eggjarauðu út í og hrærið öllu vel saman. Berið á hreint andlit og háls og látið bíða í 15 mínútur. Hreinsið af með volgu vatni.

**Uppskrift fengin af www.beauty-andtips.com**


FULL BÚÐ
AF GLÆSILEGUM FATNAÐI
COSMO
Kringlunni

## fasteignir


**Þekktur veitingarekstur í Kringlunni til sölu.**

Staðurinn er vel búin tækjum og búnaði. Fullt vínveitingaleyfi.

Nánari upplýsingar veitir
Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjaali, oskar@atv.is S: 773-4700
Fyrirtækjasölu Íslands.




Falleg og vel skipulögð íbúð á 2. hæð við Sólvallagötu 82

113 fm, 4ra herbergja

Stæði í bílageymslu

Góð staðsetning þar sem stutt er í skóla, alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins

Verð: **48,4 millj.**



Nánari upplýsingar veita
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



**Ólafur Finnbogason**
löggiltur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**EIGNAMIÐLUN**
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Sérbýli í Fossvogi óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi eða raðhúsi í Fossvogi.

**Sérbýli í Vesturbænum óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi í Vesturbænum.

**Sérbýli á Seltjarnarnesi óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi eða raðhúsi á Seltjarnarnesi.

**Sérbýli í Skerjafirði óskast**
Höfum kaupanda að 250-400 fm einbýlishúsi í Skerjafirði.

**2ja- 3ja herb. íbúð óskast**
Höfum kaupanda að 2ja-3ja herb. íbúð í miðbæ, vesturbæ eða hlíðum.
Æskileg stærð 55-75 fm.

Nánari upplýsingar veitir:
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali,
s: 861 8514, sverrir@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



S A F T

**Vísir hf óskar eftir vönum sjómanni til afleysingar á Kristínu Gk 457.**

**Kristín er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar gefur Njáll í síma 856-5730 eða á heimasíðu Vísis www.visirhf.is.

VÍSIR


## ÍSAFJARÐARBÆR

### Tillögur um breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020
### Stækkun Mjólkárvirkjunar
### Kynning á vinnslustigi

Tillaga að breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og breyting á deiliskipulagi, eru nú til kynningar á vinnslustigi.

Afrennslissvæði Mjólkárvirkjanna: Tillagan gerir ráð fyrir stækkun Mjólkárvirkjunar í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar breytingin felst m.a. í að stíflur, vegslóðar, veituskurðir og fleiri mannvirki verði tilgreind, ásamt því að mörk deiliskipulags verði stækkuð.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is. Hægt er að koma með ábendingar vegna fyrirhugaðra aðalskipulagsbreytinga. Ábendingar skulu berast til skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar, stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði, skriflega eða í tölvupósti á netfangið axelov@isafjordur.is eigi síðar en 12. desember 2016.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi verða tillögurnar lagðar fyrir bæjarstjórn og ákvarðanir teknar um auglýsingu þeirra. Á auglýsingatíma gefst almenningi kostur á að gera formlegar athugasemdir við tillögurnar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

*Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi*


# Til sölu íbúðir við Smyrlaheiði í Hveragerði




**Opið hús laugardaginn 3.des. kl: 12-12:30**

**Íbúðirnar seljast ásamt geymslu og bílastæði í kjallara.**
**Íbúðirnar eru staðsettar í glæsilegu raðhúsi.**
Húsin eru klædd að utan með við og bárujárni en dúkur er á þaki. Lítil verönd er á baklóð við hverja íbúð og lóðin er hellulögð. Að innan er hver íbúð innréttuð með forstofu, einu svefnherbergi en mögulegt er að hafa annað svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhúsi sem er opið í eitt.
Flísar eru á forstofu og baðherbergi en eikarparket er á svefnherbergi, stofu og eldhúsi. Fataskápar eru í forstofu og svefnherbergjum. Baðherbergið er með upphengdu wc, sturtu, handklæðaofni og eikarspónlagðri innréttingu. Tengi er fyrir þvottavél og þurrkara inná baðherbergi. Í eldhúsi eru vönduð AEG tæki og eikarspónlögð innrétting, einnig er upptekið loft í stofu og eldhúsi. Hiti er í gólfum.

**ATH: Bílastæði í kjallara fylgir hverri íbúð. Þvottaplan fyrir bíla er í bílakjallara.**

Á lóðinni er einnig turnhús sem er í sameign og þar er á neðri hæð, sameiginleg setustofa og snyrting. Á efri hæðinni er samkomusalur m. eldhúsi og snyrtingu. Útgengt er út á svalir á efri hæð húsins. Lyfta er á milli hæða og einnig stigi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Smyrlaheiði 19 | Stærð: 98,4 fm | Ný endaíbúð. 2 svefnherbergi. | Ásett verð: 31.000.000 |
| Smyrlaheiði 20 | Stærð: 96,6 fm | Skilrúm fyrir herbergi. | Ásett verð: 29.900.000 |
| Smyrlaheiði 22 | Stærð: 98,4 | íbúðin er endaíbúð í raðhúsinu. | Ásett verð: 30.500.000 |





**Allar nánari upplýsingar veitir**
Steindór Guðmundsson,
löggiltur fasteignasali í email:
steindor@log.is
eða í síma: 863 2900

LÖGMENN SUÐURLANDI
FASTEIGNASALA
Austurvegi 3 Selfossi | 480 2900 www.log.is



# Er líða fer að jólum... Úrvalið af umhverfisvænum LED jólaseríum hefur aldrei verið meira!

## Novalight LED-jólaseríur

Með 40 LED-perum. Lengd 6 m. Seríur með 40 og 80 LED-perum fást með hvítum, antík hvítum og marglitum perum. Með 160 LED perum fást með antík hvítum og marglitum perum. IP44-vottaðar til notkunar utanhúss.

**1.995.-**

Með 80 LED-perum. Lengd 12 m..................2.495.-
Með 160 LED-perum. Lengd 24 m.................3.995.-

## Maxilight LED-jólaseríur

Með 120 LED-perum. Lengd 8 m. Seríur með 120 og 300 LED-perum fást með hvítum, antík hvítum og marglitum perum. Sería með 160 LED-perum fæst eingöngu með antík hvítum perum. IP44-vottaðar til notkunar utanhúss.

**2.495.-**

Með 160 LED-perum.
Lengd 24 m ......................2.995.-
Með 300 LED-perum.
Lengd 20 m......................4.995.-

**BAUHAUS®**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is




ÞAÐ ER EITTHVAÐ FYRIR ALLA

365.is | Sími 1817



THE LAST MAN ON EARTH
THE HUNGER GAMES MOCKINGJAY PART I
Krakka stöðin
PADDINGTON
2 MARAÞON NOW
GULLI BYGGIR
AMERICAN DAD!
MAZE RUNNER THE SCORCH TRIALS
THE MAZE WAS JUST THE BEGINNING
Hrúturinn Hreinn MYNDIN
SENDIRÁÐ ÍSLANDS
UM 300 KVIKMYNDIR Á 2 MARAÞON NOW
MATTHEW RHYS • KERI RUSSELL
THE AMERICANS
eragon
SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2
QUARRY
BAND OF BROTHERS
MELISSA McCARTHY
SPY
Rio 2
Strumparnir
THE WIRE
SEX AND THE CITY THE MOVIE
TÖFRAHÚSIÐ
Skoppa og Skrítla
Fáðu Apple TV 4 á
0 KR.
gegn 12 mánaða bindingu á Skemmtipakkanum.
Tilboðið gildir til 15. desember
Í SKEMMTIPAKKANUM Í DESEMBER
365



# Getur Tígurinn enn bitið frá sér?

Golfheimurinn gleðst í dag því nú snýr einn besti kylfingur allra tíma, Tiger Woods, loksins aftur á golfvöllinn. Biðin hefur verið löng en kylfingurinn segist loksins vera tilbúinn. Hann er stressaður og getur ekki beðið eftir því að mótið hefjist.

Tiger Woods er einn sigursælasti kylfingur allra tíma og snýr nú aftur til keppni eftir langa fjarveru vegna bakmeiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**GOLF** Í dag eru liðnir 467 dagar síðan Tiger Woods tók síðast þátt í golfmóti. Á þeim tíma hefur hann hrunið niður í 898. sæti á heimslistanum. Þetta verður í fyrsta skipti sem heimsbyggðin mun fylgjast grannt með kylfingi sem er nálægt þúsundasta sæti heimslistans.

Mótið sem Tiger tekur þátt í heitir Hero World Challenge og það sem meira er þá er þetta mót á hans vegum. Í mótinu taka þátt 18 af bestu kylfingum heims í glæsilegu umhverfi á Bahamaeyjum.

Á þessum langa tíma sem hann hefur haldið sig frá vellinum hefur Tiger gengist undir tvær bakaðgerðir og verið þjáður af verkjum. Hann átti erfitt með gang um tíma og í rauninni var þá ekki útlit fyrir að hann ætti afturkvæmt á golfvöllinn.

Tiger var algjör yfirburðakylfingur er hann kom fram á sjónarsviðið. Um það bera vitni 79 sigrar í PGA-mótum og 14 risatitlar. Síðasti sigurinn í risamóti kom þó árið 2008. Síðasta mót sem hann vann var árið 2013.

Nú er Tiger orðinn fertugur. Búinn að ganga í gegnum ýmislegt og hefur nú seinni hluta ferilsins. Nýtt upphaf eftir miklar raunir. En er eitthvert bit í honum enn?

Hans allra hörðustu aðdáendur hafa trú á því. Bíða eftir að það kvikni á ljósi og gamli góði Tiger komi aftur. Aðrir segja að þetta sé einfaldlega búið spil. Hann muni aldrei ná álíka styrk eftir allt sem á undan er gengið.

„Ég vil spila golf allt mitt líf en ég get ekki keppt að eilífu. Ég kalla þetta seinni hlutann á ferli mínum. Ég myndi glaður vilja geta keppt við þá bestu allt mitt líf en það er víst ekki raunhæft,“ sagði Tiger.

Þó að hann sé ekki lengur sami kylfingurinn og hann var, er metnaðurinn alltaf sá sami. Hann ætlar að sigra í öllum mótum sem hann tekur þátt í.

„Þeir munu gera sitt besta til þess að vinna mig og ég ætla mér að vinna þá. Í hvert skipti sem ég fer í mót þá ætla ég að sigra. Ég veit að það er metnaðarfullt markmið en metnaðurinn og trúin er enn til staðar.“

Tiger segist hafa lagt mikið á sig til þess að geta komið til baka.

„Þetta var áskorun sem hefur kostað blóð, svita og tár. Þetta hefur líka reynt á þolinmæðina sem hefur ekki alltaf verið mín sterkasta hlið. Þessi vinna hefur skilað mér hingað. Það er langt síðan ég hef fengið adrenalín í líkamann. Ég er tilbúinn,“ sagði Tiger ákveðinn en viðurkennir að það sé spenna í honum.

„Ég er stressaður. Ég er stressaður fyrir öll mót sem ég tek þátt í. Ef mér stendur ekki á sama þá verð ég stressaður. Það er gott að hafa það þannig. Að nýta spennuna í grimmd og einbeitingu. Það er mjög gott. Ef ég væri ekki stressaður þá væri mér alveg sama. Þá vil ég ekki vera lengur á vellinum. Ég get fullvissað alla um að ég get ekki beðið eftir því að komast aftur út á völlinn.“

Tiger þurfti líka að venjast því á nýjan leik að ganga heilan golfvöll. Þegar hann var að byrja að spila golfið aftur notaði hann alltaf golfbíl. Kylfusveinninn hans var fljótur að henda honum inn í bílskúr.

„Það er skrítið að segja það en ég þurfti að venjast göngunni aftur. Maður gleymir muninum á því að vera í golfskóm og íþróttaskóm. Ég get gengið á hlaupabretti í tvo til þrjá tíma en það er ekki það sama og að ganga á golfvelli,“ sagði Tiger.

„Það er mikill munur á því. Líka bara að standa mikið. Það er mikill munur á því að spila golf og ganga eða keyra. Ég þurfti að koma mér í takt í að ganga á vellinum og byrja að tala eins og ég geri þar.“

Mótið verður í beinni á Golfstöðinni og hefst útsending klukkan 18.00. **henry@frettabladid.is**

## Hvað hefur Tiger verið að gera?

**23. ágúst 2015**
Tiger kemur í hús á 70 höggum á Wyndham-mótinu. Endar fjórum höggum á eftir efsta manni.

**5. sept.**
Komst ekki í úrslit í FedEx-bikarnum. Eyðir fríinu í að horfa á US Open í tennis. Tekur mynd af sér með leikaranum sem lék Shooter McGavin í Happy Gilmore.

**18. september**
Tiger greinir frá því að hann sé búinn að fara í bakaðgerð til þess að laga klemmda taug. Segir óvíst hvenær hann snúi aftur. Afboðar sig á öll mót út árið. Nokkrum vikum síðar segir vinur hans að Tiger geri sér grein fyrir því að ferlinum fari að ljúka.

**30. okt.**
Á vefsíðu Tigers er sagt að hann hafi þurft að fara í aðra bakaðgerð þar sem hann hafi verið þjáður af verkjum. Þetta er þriðja bakaðgerðin sem hann fer í frá upphafi.

**1. nóv.**
Steve Williams, fyrrverandi kylfusveinn Tigers, gefur út bók þar sem hann segir frá því hvernig hann komst að framhjáhaldi kylfingsins.

**6. nóv.**
Fyrsti golfvöllurinn sem Tiger hefur hannað í Bandaríkjunum er opnaður.

**18. nóv.**
Tiger fer í Ryder-bikarinn sem varafyrirliði liðsins.



**3. des.**
Tiger ræðir opinskátt um sambönd sín við Elin Nordegren og Lindsey Vonn í viðtali í TIME-. Talaði lítið um golfferilinn.

**24. febrúar 2016**
Aðdáendur kylfingsins æsast upp er Tiger birtir myndband af sér í golfhermi heima hjá sér. Loksins golf aftur. Myndbandið kom í kjölfar frétta um að Tiger ætti erfitt með gang og væri í verra ástandi en talið hefði verið. Nokkrum dögum síðar sést til Tigers á æfingasvæðinu að æfa upphafshögg.

**29. mars**
Kemst aftur á forsíðu Sports Illustrated. Ekki í viðtali heldur í stórri úttekt um hvað hafi komið fyrir hann.

**1. apríl**
Greinir frá því að hann taki ekki þátt í Masters. Annað árið í röð sem hann missir af Masters.

**21. apríl**
Sést aftur til hans á æfingasvæðinu. Tilkynnir síðan að hann ætli að vera með á US Open. Spilar nokkrar holur á stutta vellinum sínum. Fyrstu holurnar síðan í ágúst.

**16. maí**
Á fjölmiðladegi fyrir Quicken Loans-mótið setur Tiger þrjá bolta í vatnið. Fellur út af topp 500 á heimslistanum.

**7. júní**
Tilkynnir að hann muni missa af US Open og Quicken Loans-mótinu.

**1. júlí**
Tilkynnir að hann verði ekki með á Opna breska mótinu.

**19. júlí**
Tilkynnir að hann verði ekki með á PGA-meistaramótinu. Missir af öllum risamótunum í fyrsta sinn síðan 1994.



**29. ágúst**
Nike tilkynnir að það hætti framleiðslu á golfvörum. Tiger er sagður vera ósáttur við ákvörðunina.

**7. sept.**
Tilkynnir að hann muni taka þátt í þremur mótum á árinu.

**7. október**
PGA tilkynnir að Tiger muni taka þátt í Safeway Open.

**10. október**
Þremur dögum fyrir mót dregur Tiger sig út úr Safeway Open. Segist ekki heldur vera klár í Turkish Airlines-mótið í nóvember. Biðin heldur áfram.

ágúst | sept. | okt. | nóv. | des. | jan.2016 | feb. | mars | apríl | maí | júní | júlí | ágúst | sept. | okt.

LYFJA
– Lifið heil

20
ára

# Fallegar gjafir fyrir jólin



## Gefðu vellíðan um jólin

Þú færð fallegar gjafir fyrir alla fjölskylduna í Lyfju.
Skoðaðu úrvalið í næstu verslun eða í nýrri netverslun Lyfju á lyfja.is

lyfja.is

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 82248 11/16

## Merkisatburðir

**1878** Reykjanesviti, fyrsti vitinn hér á landi, er tekinn í notkun.
**1918** Ísland verður fullvalda ríki.
**1955** Blökkukonan Rosa Parks er handtekin þegar hún neitar að standa upp fyrir hvítum manni í almenningsvagni.
**1976** Síðustu bresku togararnir halda af Íslandsmiðum samkvæmt samkomulagi um viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögunni.
**1983** Rás 2 hefur útsendingar.
**1986** Bylgjan hefur útsendingar allan sólarhringinn.
**1994** Þjóðarbókhlaðan er tekin í notkun.



Jakkinn Kría, sem var áberandi á 10. áratugnum, snýr einnig aftur. Hér er verið að taka upp auglýsingu í veðri þar sem jakkinn nýtur sín best.

# Kraft-gallinn snýr aftur

**Í ár fagnar 66°Norður 90 ára afmæli en íslenska útivistarmerkið á rætur að rekja til ársins 1926 þegar stofnandi þess, Hans Kristjánsson, hóf að framleiða fatnað á íslenska sjómenn. Af því tilefni hefur verið sérstök afmælislína þar sem góðkunningjar óveðursins snúa aftur.**

Lítil afmælislína hefur verið gerð í tilefni 90 ára afmælis 66°Norður þar sem finna má nokkrar flíkur sem landsmenn ættu að kannast við. Um er að ræða endurgerðir af vinsælum flíkum sem hafa slegið í gegn í gegnum tíðina en einnig nýjar þar sem sóttur hefur verið innblástur í arfleifð fyrirtækisins.

Í línunni er meðal annars útivistarjakkinn Kría sem var ansi áberandi á tíunda áratugnum. Hann er núna kominn í óbreyttu sniði en úr tæknilegu efni frá Polartec sem gerir hann mjög góðan alhliða útivistarjakka í sniði frá tíunda áratug síðustu aldar. Í línunni má einnig finna Kríu-flíspeysuna sem margir kannast við og Kraft-gallann sem varla þarf að kynna fyrir Íslendingum. Kraft-gallinn var nánast einkennisbúningur íslenskra ungmenna á tímabili og verður áhugavert að sjá hvort hann nái að festa sig aftur í sessi.

„Okkur þótti sérstaklega áhugavert hvað þessar eldri vörur fyrirtækisins sem koma að miklu leyti upphaflega úr sjó- og vinnufatageiranum eiga einstaklega vel heima í dag í götutískunni hvað varðar bæði form og stíliseringu,“ segir Vala Melstað, yfirhönnuður 66°Norður.



Kraft-gallinn varð nánast jafn algengur og mjólk í ísskápnum í gamla daga. Hann snýr aftur nú.

Afmælislínan fer í sölu í dag og verður sérstök opnun í verslun 66°Norður á Laugavegi frá kl. 17.30 til 19.30.

benediktboas@365.is




†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Páls Steingrímssonar**
kvikmyndagerðarmanns.

Gunnhildur Pálsdóttir — Trausti Baldursson
Dufþakur Pálsson — Hörn Gissurardóttir
Sylvía Pálsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, stjúpmóður, systur og ömmu,

**J. Sigríðar Elentínusdóttur**
Ásbraut 15,
200 Kópavogi.

Haukur Reynir Ísaksson
Sigurður Sverrir Witt — Rachel Parker Witt
Ingunn Hildur Hauksdóttir — Þröstur Þorbjörnsson
Svanhildur Elentínusdóttir — Einar Hjaltested
Margeir Elentínusson
barnabörn og barnabarnabarn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Jónsdóttir**
Skarðshlíð,

andaðist á dvalarheimilinu Lundi 28. nóvember.

Guðrún Anna Tómasdóttir — Þorgils Gunnarsson
Auðbjörg Tómasdóttir — Hermann Hansson
Guðbjörg Jóna Tómasdóttir — Sveinn Borgar Jóhannesson
Hjördís Tómasdóttir — Þórir Ingvarsson
Guðmar Jón Tómasson — Helena Kjartansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Hjartans þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Huldu Hjörleifsdóttur**
Hjarðarhaga 26, Reykjavík.

Ingveldur Sveinbjörnsdóttir — Jón Sigurðsson
Hjörleifur Sveinbjörnsson — Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Ágústa Sveinbjörnsdóttir — Magnús S. Magnússon
Árný Erla Sveinbjörnsdóttir — Össur Skarphéðinsson
barnabörn og barnabarnabörn.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Þórðarson**
frá Brúsastöðum, Hafnarfirði,

sem andaðist á Fossheimum, Selfossi, 21. nóvember sl., verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 3. desember kl. 11.00.

Andrea Tryggvadóttir
Ólafía Sigurðardóttir — Þorvarður Hjaltason
Kristján T. Sigurðsson — Ingibjörg Erlendsdóttir
Hringur Sigurðsson — Björg Jóhannesdóttir
Guðrún Sigurðardóttir — Sigurður Ingi Ásgeirsson
og fjölskyldur.



†

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

**Mjöll Ásgeirsdóttir**
Skipagötu 8, Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði, 20. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 3. desember klukkan 14.

Sæmundur Guðmundsson
Sigrún Guðbrandsdóttir
Ásgeir Sæmundsson — Heiðrún Björnsdóttir
Guðmundur E. Sæmundsson — Guðrún Jóna Sigurðard.
Arna Björk Sæmundsdóttir — Steinþór Bragason
og barnabörn.


Bjartur föstudagur
Afslættir, birta og gleði, fimmtudag til laugardags í Ormsson
Pioneer
X-HM21BT-K/S
Bluetooth stæða
Til í svörtu og silfur.
Áður kr. 45.900,-
KR: 36.900,-
AEG
Þvottavélar
25%
Tvö módel verða afhent á miðvikudag nk.
Tefal
25%
AEG
EQUIPT
KR: 9.999,-
brabantia
Ruslafötur
30%
AEG
Þurrkarar
25%
Skullcandy
25%
KR: 33.900,-
DIGFH151DVD
Digihome 22" 12v./230v. TV m.DVD
Verð áður kr. 49.900,-
BRAUN
Hársnyrtitæki
30%
Lyklaborð USB
KR: 990,-
Verbatim
LED
perur
í úrvali
25%
MISFIT
KR: 3.490,-
Misfit skrefamælar Áður kr. 4.990,-
levenhuk
LEV65555
Stjörnusjónauki
Áður: kr. 14.900,-
KR: 9.900,-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ormsson.is
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
VR
FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI
2016
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Hæg suðaustlæg átt og súld eða rigning á sunnanverðu landinu en úrkomulítið norðan til fram á kvöld. Hlýnandi veður og frostlaust um allt land um kvöldið.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 2° |
| ↑ 9 | ↑ 15 | ↗ 13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | 0° |
| ↑ 6 | ↙ 3 | ↑ 15 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 6° | 4° |
| ↑ 11 | ↗ 9 | ↑ 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 3° | 6° | 2° |
| ↑ 10 | ← 1 | ↑ 12 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. á endanum
6. til dæmis
8. gagn
9. fugl
11. kyrrð
12. masar
14. afspurn
16. í röð
17. flýtir
18. í viðbót
20. tveir eins
21. litlaus

**LÓÐRÉTT**
1. málhelti
3. öfug röð
4. stillast
5. arinn
7. vofa
10. angan
13. óhreinka
15. mála
16. iðn
19. bókstafur




**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loks, **6.** td, **8.** nyt, **9.** ari, **11.** ró, **12.** malar, **14.** umtal, **16.** fg, **17.** asi, **18.** auk, **20.** tt, **21.** grár.
**LÓÐRÉTT: 1.** stam, **3.** on, **4.** kyrrast, **5.** stó, **7.** draugur, **10.** ilm, **13.** ata, **15.** lita, **16.** fag, **19.** ká.

### Skák Gunnar Björnsson

Þröstur Þórhallsson (2.417) átti leik gegn Sílasi Eyðsteinssyni (2.066) í lokaumferð Rúnavíkur Open fyrir skemmstu.



**Hvítur á leik**

**16. Bxh6! gxh6 17. Dxh6 Dh5** (manninum verður ekki bjargað) **18. Dxf6 Dxh2+ 19. Kf1.** Hvítur hefur unnið peð og skákina vann 18 leikjum síðar. Heimsmeistaraeinvíginu lauk í gærkvöldi með bráðabana. Upplýsingar á www.skak.is.

**www.skak.is:** Allt um heimsmeistaraeinvígið.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# 23 ár á toppnum




# Ævintýri, svaðilfarir og útivist






## ÚTKALL
### KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa 23 ár í röð verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Bækur sem lesendur leggja ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Óttari tekst á einstakan hátt að skapa mikla spennu í sögum sínum úr íslenskum raunveruleika. Einlægar frásagnir þeirra sem lenda í raununum, aðstandenda þeirra og björgunarfólks láta engan ósnortinn.



## FÓLK Á FJÖLLUM
### ÆVINTÝRI Í ÓBYGGÐUM

Fólk á fjöllum er ný bók eftir blaðamanninn og fararstjórann Reyni Traustason, þar sem sagt er frá ævintýrum sex Íslendinga sem allir eru sönn náttúrubörn og útivistarfólk. Bókin er full af spennandi frásögnum af fjallaferðum, svaðilförum og hetjudáðum þar sem ástin á óbyggðunum skín alls staðar í gegn. Útivistargarparnir Tómas Guðbjartsson, Sigríður Lóa Jónsdóttir, Valtýr Sigurðsson, Kerstin Langenberger, Ólafur Örn Haraldsson og Vilborg Arna Gissurardóttir segja sögur sínar í bókinni.



Útkall ehf. Sundaborg 9, 104 Reykjavík, sími 562 2600 - www.utkallbokautgafa.is



Andri Snær Magnason segir að í þessari bók sé tónn sem hann hafi þurft að koma frá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



# Það er alltaf smá Melrakkaslétta í öllum bókum hjá mér

**Andri Snær Magnason hefur fengist við flest form bókmenntanna og að þessu sinni kemur hann fram með smásagnasafn, fullt af sögum sem sumar hverjar hafa fylgt honum lengi.**

„Ég hafði fundið randaflugu í skítugum snjóskafli og geymdi hana í eldspýtustokki. Enginn hafði tekið eftir henni, enda gerir enginn ráð fyrir randaflugu lengst uppi á reginfjöllum þar sem varla sést stingandi strá.“ Svona hefst fyrsta sagan, Randafluga, í nýju smásagnasafni Andra Snæs Magnasonar. Smásagnasafnið kallast Sofðu ást mín, en það vekur óneitanlega spurningar hversu fjölbreytt höfundarverk Andra Snæs er og hvort það sé ekki þrautin þyngri að fara með þessum hætti á milli bókmenntaforma. „Mér finnst þetta nú allt koma af sömu rót,“ segir Andri Snær og bætir við að þarna sé hann engu að síður í fyrsta skipti að glíma við hinn kunnuglega heim.

## Grunntónar

„Ég hef nánast alltaf skapað heiminn í mínum verkum en í þetta sinn er ég að skrifa um heiminn sem skapaði mig og mína kynslóð. Það getur óneitanlega verið erfitt að flakka svona á milli forma, en ég hef alltaf haft þörf fyrir að enduruppgötva mig í hverju verki og finna upp nýtt form sem hentar mér í hvert og eitt sinn. Það getur tekið tíma að finna nýtt form fremur en að gera það sem kalla má rökrétt framhald af síðustu bók. Þá er maður alltaf að gera eitthvað sem maður veit ekki hvort maður er góður í eða ekki. Það ruglar auðvitað líka lesendur mína í ríminu. En þráðurinn í þessari bók hefur samt fylgt mér alveg frá 1998. Hann hefur fylgt mér óháð því sem ég hef verið að skrifa og það eru grunntónar í þessu verki sem hefðu getað orðið verk ef ekki hefðu komið hugmyndir sem kölluðu sterkar á mig í Draumalandinu og LoveStar til dæmis.

**KVEIKJURNAR ERU STERKAR TILFINNINGAR, STERK AUGNABLIK SEM HAFA SUM HVER SETIÐ Í MÉR Í TÍU EÐA TUTTUGU ÁR, JAFNVEL FRÁ ÞVÍ ÉG VAR BARN.**

Þannig að þetta er tónn sem hefur viljað brjótast fram en það var ekki fyrr en fyrir tveimur árum að ég ákvað hleypa honum að og nota þessa rödd í heildstæðu verki. Kannski vegna þess að allt var orðið svo pólitískt eða hlaðið hugmyndum að mér fannst ég hreinlega verða að koma þessum lit frá mér áður en ég færi kannski aftur annan hring inn í annaðhvort pólitík eða fantasíu.“

## Augnablik kynslóðar

Rætur Andra Snæs liggja að miklu leyti í ljóðlistinni og við lestur titilsögunnar er ekki laust við að manni finnist ljóðið toga allhraustlega. Andri þvertekur ekki fyrir það og segir að þetta sé nú í senn ljóðrænasti og elsti tónninn í verkinu. „Þessi saga er eiginlega kveikjan að öllu verkinu því mig langaði alltaf til þess að klára verk sem hefði þennan tón. Hún fer nær ljóðinu en annað þar sem ég fer meira inn í, kannski ekki alveg kolstrípaðan veruleika, en þó svona beinni frásagnarhátt. Grunnnálgun á tungumálið og frásögnina.“

Í sögunum er engu að síður að finna kunnuglegan streng eða söguefni á borð við náttúruna, stóra sem smáa, ástina, styrjaldarógn og fleira. „Já, ég hélt að ég væri að láta stóru pólitísku málin eiga sig af því að ég var ekki takast á við bein hitamál í samfélaginu. En svo þegar ég fer að skoða sögurnar þá eru þetta alls ekki hversdagslegar sögur. Þetta eru ekki sögur þar sem ekkert gerist. Kjarnorkuógnin vofir yfir í einni sögunni, tilfinning sem fylgir því að vera barn sem trúir því sem stendur í blöðunum og heldur að heimurinn sé að farast. Síðan er þarna grundvallarleit að orði í staðinn fyrir að elska, saga sem tengist dauðsfalli í vinahópnum og fleira. Kveikjurnar eru sterkar tilfinningar, sterk augnablik sem hafa sum hver setið í mér í tíu eða tuttugu ár, jafnvel frá því ég var barn. Einhvers konar kjarnasögur og kjarnaaugnablik minnar kynslóðar eins og þegar við toppuðum 1. janúar 2007 og krössuðum einhvern veginn á sama tíma.“

## Eitthvað óútskýranlegt

Er frelsi í smásagnaforminu? „Já, ég hef alltaf verið heillaður af þessu formi og það eru ekkert alltaf lengstu bækurnar eða formin sem hafa haft áhrif á mig. Minn áhugi á bókmenntum sprettur upp úr ljóðinu og smásögunni, þá voru það helst skrítnu sögurnar eins og Borges og Þórarinn Eldjárn skrifuðu og annað slíkt. Fyrsta smásagnasafnið mitt er í þeim dúr en síðan varð ég heillaður af tóninum hjá höfundum eins og Vonnegut og Orwell sem báðir áttu mikla ádeilu í sinni skáldataug og fantasíu, en áttu líka fallegan og einlægan streng sem fyrir mér stækkaði höfundarverk þeirra. Kannski fannst mér að ég þyrfti að sanna að ég ætti þennan streng í verkfærakistunni.

Eins skrítið og það er að tala um innri þörf þá hef ég verið að vinna að öðru verki sem er heimspólitískt en þetta vildi alltaf þrýstast fram fyrir það í röðina. Mér fannst ég verða að koma þessum tóni frá mér áður en ég get farið lengra inn í stóru hugmyndirnar, eins og að þurfa að anda inn áður en maður andar aftur út. Þannig að þetta eru ekki bara svona einhver listræn átök heldur eitthvað óútskýranlegt sem verður að komast fram.“

## Ýtt á pásu

Sofðu ást mín, virðist um margt vera ein persónulegasta bók Andra Snæs og hann segir að svona um 99% sagnanna séu mjög nálægt einhverju sem geti verið hann. „En ein sagan er nákvæmlega ég. Það er Lególandsagan og hún gerðist í alvörunni. Þetta er saga sem hefur kraumað lengi en ég hef aldrei fundið flöt á hvernig eða í hvaða formi ég ætti að gera henni skil, auk þess sem hún snertir fólk sem er nálægt mér mjög persónulega. En þetta er líka spurning hversu nálægt maður á að fara fólki og atburðum sem snerta mitt eigið líf og fólk í kringum mann. Það er ákveðinn kjarkur sem þarf í það því það er ákveðið frelsi í fantasíunni. Mamma er ekkert að hringja og spyrja hvort frænka okkar sé Gleðiglaumur eða eitthvað,“ segir Andri Snær og hlær og bætir við: „En samt veit Hulda systir að það er hún í bókinni.“

En það er alltaf þetta kunnuglega stef þó svo að ég sé að skrifa um eitthvað annað. Það er alltaf smá Melrakkaslétta í öllum bókum hjá mér og stórar grundvallarspurningar eru þarna líka. Þetta er svolítið eins og ég hafi numið staðar og safnað upp tilfinningum sem hafa hlaðist upp en hafa aldrei ratað á blað. Það var kominn tími á að hleypa þeim út.“

# 25% AFSLÁTTUR AF

## JÓLAGJAFIR FYRIR BÖRNIN

**Ravensburger púslum og spilum, Djeco leikföngum, barnabókum, Lego og Playmobil**

**FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM**

**1. desember – 5. desember**





























**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# JÓLABÆKUR Í



3.499KR



4.999KR



3.499KR



12.649KR



4.999KR



4.999KR



4.989KR



3.499KR



4.999KR



4.499KR



4.899KR



8.990KR



4.999KR



9.999KR

Gildir 1.-4. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.



EINFALT
að skila eða skipta



# MIKLU ÚRVALI

ALLIR TITLAR FÁST Í SKEIFUNNI, AKUREYRI, SMÁRALIND, KRINGLUNNI OG GARÐABÆ, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM OG Á HAGKAUP.IS




4.199KR




2.899KR




10.399KR




10.499KR




4.799KR




4.999KR




3.999KR




5.199KR




5.299KR




3.199KR




3.299KR




3.999KR




1.999KR




9.399KR

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



Elfa Rún er hvergi bangin þó hún hafi ekki áður spilað þennan fiðlukonsert með sinfóníuhljómsveit. Einu sinni verður allt fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fallegur, ómstríður og dansandi konsert

## Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld hljómar hátíðleg tónlist eftir þrjá meistara 18. aldar: Bach, Händel og Mozart. Einleikari í Fiðlukonsert í E-dúr eftir Bach er Elfa Rún Kristinsdóttir.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Þessi Bach fiðlukonsert er vel þekktur þó ég hafi ekki spilað hann jafn oft og hina. Reyndar bara tvisvar áður, fyrst í litlum bæ í Pýreneafjöllunum í Frakklandi og síðara skiptið í Ósló í Noregi. Í báðum tilfellum voru það allt öðru vísi tónleikar en þessir. Í Frakklandi var ég með barokksveit og í Noregi var það lítil kammersveit sem ég leiddi sjálf. Nú er ég með Sinfóníuhljómsveit Íslands,“ segir Elfa Rún Kristinsdóttir um Fiðlukonsert í E-dúr eftir Bach sem hún leikur einleik í á aðventutónleikum Sinfóníunnar í kvöld í Hörpu.

Tvö verk eftir Mozart ramma inn efnisskrá tónleikanna, fjörmikill forleikur að Brúðkaupi Fígarós og sinfónía númer 39 sem var ein sú síðasta sem hann samdi.

Hamrahlíðarkórarnir koma fram með sveitinni í My heart is inditing, hátíðlegu kórverki eftir Händel sem var samið til flutnings við krýningu Karólínu Bretadrottningar í Westminster Abbey árið 1727.

En hvernig vill Elfa Rún lýsa konsertinum sem hún leikur í? „Hann er mjög léttur og bjartur,“ segir hún. „Fallegur og ómstríður annar kafli og dansandi þriðji kafli.“ Hún kveðst hafa verið að hitta stjórnanda sveitarinnar nú, hinn norska, Eivind Aadland, í fyrsta skipti. „Okkur semur prýðilega,“ tekur hún fram glaðlega.

Elfa Rún átti heima á Akureyri fyrstu fimm ár ævi sinnar og svo í Reykjavík, uns hún hélt út til Þýskalands í frekara tónlistarnám haustið 2003, þá nýlega útskrifuð úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands þar sem hún naut handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Auðar Hafsteinsdóttur. Síðustu tíu árin hefur hún búið í Berlín og á þar franskan eiginmann sem er sellóleikari. Ekki heyrist á mæli hennar að hún tali ekki íslensku upp á hvern dag. Þó segir hún „ábyggilega eitt og eitt orð týnt“.

Hún hefur víða vakið athygli fyrir færni sína í fiðluleik og var meðal annars tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 2015. Nýr geisladiskur hennar með partítum meistara Bachs hefur líka fengið afburða góða dóma.

Spurð hvort hún sé að spila úti um allan heim svarar Elfa Rún: „Já, mest á meginlandinu. En það kemur alveg fyrir að ég fer til annarra heimsálfa.“ Hún kveðst líka alltaf koma heim af og til, nú tók hún rúmlega ársgamlan son sinn með.

„Ég var hér síðast að spila með barokkbandinu Brák austur í Skálholti í sumar og ætla einmitt að spila með því bandi aftur núna á sunnudaginn í Norðurljósum í Hörpu,“ upplýsir hún. Kveðst svo fljúga aftur út á mánudaginn með þann litla.




# Móðurhlutverkið og löngun til þess að upplifa

Norður er nafn nýrrar sýningar í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur með ljósmyndum eftir Simone Darcy. Simone Darcy býr og starfar í Newcastle í Ástralíu og hafa verk hennar verið sýnd víða um heim. Hún dvaldi í listamiðstöðinni Nes-list á Skagaströnd árið 2015. Verkið Norður var sýnt í Verge Gallery, Sidney, 2016; Art System Wickham, Newcastle, 2016. Ljósmynd hennar Valley Sneak hlaut verðlaun á Experimental Photo Prize í Gaffa Gallery, Sidney, 2016.

Umfjöllunarefni sýningarinnar er móðurhlutverkið og löngun til að upplifa eitthvað sem ekki getur orðið að veruleika. Myndmálið tvinnar saman fegurð og sorg, þetta er saga kvenna þar sem sameiginleg reynsla kemur fyrir. Norður fjallar um ferðalag Simone Darcy um Ísland og samanstendur af myndum sem hún hefur tekið í tímans rás. Ummerki hins áþreifanlega og óáþreifanlega eru í forgrunni og sjónum beint að tilfinningalegri og sjónrænni upplifun höfundar af landinu.



Ein af myndum Simone Darcy á sýningunni Norður í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

**VERKIÐ NORÐUR VAR SÝNT Í VERGE GALLERY, SIDNEY, 2016; ART SYSTEM WICKHAM, NEWCASTLE, 2016. LJÓSMYND HENNAR VALLEY SNEAK HLAUT VERÐLAUN Á EXPERIMENTAL PHOTO PRIZE Í GAFFA GALLERY, SIDNEY, 2016.**

Oft er upplifun okkar á ýmsum viðfangsefnum bundin fyrirfram ákveðnum hugmyndum og skilgreiningum. Höfundurinn skorar á gesti að leggja þessar skilgreiningar til hliðar og lesa í myndmálið óháð allri fyrirliggjandi vitneskju.

Sýningin Norður verður opnuð í dag og stendur til 24. janúar á næsta ári. – mg

**AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR**

# FYRST OG FREMST!

**„EINN FREMSTI RITHÖFUNDUR NORÐURLANDA.“**
THE TIMES 26.11.2016




★★★★
**„MEÐ ALLRA BESTU SPENNUSÖGUM!“**
BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU

**BESTA GLÆPASAGAN Í BRETLANDI**
SUNDAY TIMES (UM LYGI) 27.11.2016

**1.** Metsölulisti Eymundsson Allar bækur

**1.** Metsölulisti Eymundsson Skáldskapur

**1.** Metsölulisti Eymundsson Hljóðbækur

VERÖLD

# Brotinn maður með bor í brotinni veröld

**BÆKUR**

**Ör**

★★★★★

**Auður Ava Ólafsdóttir**

**Útgefandi:** Benedikt
**Kápuhönnun:** Magnús Leifsson
**Prentvinnsla:** Bookwell, Finnlandi
**Fjöldi síðna:** 201




Aðalpersónur síðustu skáldsagna Auðar Övu Ólafsdóttur standa á tímamótum með einum eða öðrum hætti. Ungur maður í leit að tilgangi og framtíð, ung kona í húrrandi taugaáfalli og nú maður á miðjum aldri sem er búinn að fá nóg af lífinu og hefur ákveðið að enda það, en á réttum stað og réttum tíma. Þessar sögur eru í eðli sínu skoðun á manneskjunni, þroskasögur, í leit að tilgangi með lífinu. Ör, nýjasta skáldsaga Auðar Övu, sver sig inn í þessa nálgun. Þessa skoðun á innra lífi skemmdra einstaklinga, við erum öll meira eða minna skemmd, sem að þessu sinni er hreinlega upp á líf og dauða.

Jónas Ebeneser er aðalpersóna í Ör. Jónas er fráskilinn karlmaður á miðjum aldri í djúpri tilvistarkreppu eftir að hann fær að vita að dóttir hans er í raun ávöxtur annars manns. Það er reyndar fátt eitt sem gengur Jónasi Ebeneser í vil, nema þá helst að hann er handlaginn en hann hefur hins vegar ekkert að laga, og í tilgangsleysi lífsins getur dauðinn orðið freistandi valkostur. Af ótta við að dóttir hans komi að honum að verknaði loknum þá leggur Jónas í ferðalag til ónefnds stríðshrjáðs lands, þar sem dauðinn býr við hvert fótmál, í þeim tilgangi að ljúka verkinu.

Þetta er kunnuglegt stef í verki frá Auði Övu sem í Afleggjaranum leiddi einnig persónu frá Íslandi út í hinn stóra heim. Og þó svo tilgangurinn sé ekki einn og hinn sami þá birtist í þessu hugmyndin um að heimurinn, í öllum sínum margbreytileika mannlífsins, og nánari kynni okkar af honum þroski okkur og næri. Í Ör er birtingarmynd þessa þroska ekki síst líkamleg, með einum eða öðrum hætti, þar sem þeir sem lifa eru settir örum þess lífs sem er lifað, gjörða jafnt sem reynslu. Við sem manneskjur erum líka gallar okkar og vankantar, örin sem við berum og örin sem við völdum, bæði grunn og djúp.

Ör er mannlegt verk um mannlega reisn og tilgang. Stór og þroskuð skáldsaga með fjölmarga snertifleti sem lesendur geta velt fyrir sér og skoðað frá fjölmörgum hliðum. Verkinu hættir reyndar eilítið til að vísa helst til vítt og breitt innan annars forvitnilegs söguheims, og það er ekki laust við að maður sakni aðeins beinskeyttrar nálgunar á aðalpersónuna og hennar innra líf eins og til að mynda í Undantekningunni. Stíllinn er heilt yfir afskaplega áferðarfallegur en á stundum eilítið hátíðlegur en það kemur þó lítið að sök þar sem það er oftar en ekki stutt í lúmskan og skemmtilegan húmor höfundar.

Ör er eins og fyrri sögur Auðar Övu um margt þroskasaga, en hún er líka sköpunarsaga. Saga um það hvernig einstaklingar geta endurskapað sig og umhverfi sitt með því að láta sig varða um annað fólk og þumbast ekki bara í gegnum lífið á eiginhagsmunum og græðgi. Saga manns sem heldur brotinn út í brotna veröld með bor að vopni og lagar smátt og smátt það sem á vegi hans verður. Ör er ótvírætt eitt af bestu verkum Auðar Övu og vonandi verður nú ekki alveg jafn langt að bíða eftir næstu bók og verið hefur til þessa.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Heildstæð, sterk og mannleg skáldsaga sem á brýnt erindi inn í nútíma samfélag.

# Þunnildislegur þrettándi

**BÆKUR**

**13 dagar**

★★☆☆☆

**Árni Þórarinsson**

**JPV útgáfa**
**279 bls.**

Einar blaðamaður er mættur á ný til leiks í nýjustu skáldsögu Árna Þórarinssonar, 13 dagar. Hann hefur verið í hléi um hríð, eða síðan Ár kattarins kom út árið 2012, en hér er þráðurinn tekinn upp að nýju, í beinu framhaldi. Það er dálítið bratt að ætlast til þess að aðdáendur Einars og Árna muni í smáatriðum hver staðan var í lífi blaðamannsins knáa fyrir fjórum árum en hér er engin tilraun gerð til að rifja upp fyrir lesendum og aftur og aftur stendur maður sig að því að staldra við og spyrja: Ha? Hver var það nú aftur? Eða: Ha? Voru þau orðin par, hvenær gerðist það? Þetta er þeim mun meira truflandi þar sem atburðir í einkalífi Einars og staða hans í starfi eiga á sér skýringar í fyrri bókunum um hann og það hlýtur að vera nánast ógjörningur fyrir þá sem ekki hafa lesið hinar bækurnar að átta sig á hvað hér er um að vera. Fyrir dygga lesendur fyrri bókanna um Einar tekur styttri tíma að raða því sem hér kemur fram á rétta staði í púslið sem líf hans er, en engu að síður er þetta bagalegur ókostur á bókinni.

Að vanda skrifar Árni beint inn í samtímann, sakamálið í 13 dögum er morð á 15 ára stúlku sem lent hefur í slæmum félagsskap og tapað áttum. Einar og félagar hans á Síðdegisblaðinu fara auðvitað á kaf í það að rannsaka málið og nú hefur Gunnsa dóttir hans bæst í hópinn, þótt hún sé reyndar bara 17 ára unglingur og harla ólíklegur blaðamaður en það er önnur saga. Rannsóknin leiðir þau inn í heim eiturlyfjaneyslu og vændis, heim óprúttinna ungra manna sem nota fíkn unglinga sér til fjárhagslegs ávinnings. Hér er einnig skotið á foreldra sem gleyma börnum sínum í eigin framapoti, útlendingahatur og -hræðslu, spillingu fjármála- og stjórnmálamanna og ýmislegt fleira sem við þekkjum úr þjóðfélagsumræðu samtímans. Skotin hafa þó oft verið fastari og beinskeyttari, til dæmis í Ári kattarins þar sem þjóðfélagsgagnrýnin var nánast í aðalhlutverki. Hér er gagnrýnin moðvolg og eins og höfundur hafi hálft í hvoru misst áhugann á þessum hugarefnum sínum. Enn verra er þó að persónusköpun er losaraleg, litlu púðri eytt í að skoða sálarlíf þeirra sem við sögu koma og Einar sjálfur orðinn ansi útþynntur.

Sagan er þó að sjálfsögðu lipurlega skrifuð og uppbyggingin markviss. Árni kann að byggja upp hefðbundna glæpasögu og halda lesendum við efnið með hæfilegum skömmtum af upplýsingum sem varpa grun í allar áttir og með því að setja yfirheyrslu Gunnsu hjá Jónasi lögreglumanni – erkifjanda Einars – sem ramma um söguna gefur hann lesendum í skyn að Einar sjálfur hafi orðið fórnarlamb einhvers glæps, ja, eða framið einhvern glæp sjálfur, og fær lesandann til að óttast um örlög hans.

13 dagar er þannig alls ekki leiðinleg lesning en miðað við bestu bækur Árna, ekki síst hina stórgóðu sögu Glæpurinn sem út kom fyrir tveimur árum, er sagan helst til þunnur þrettándi. Við erum einfaldlega farin að gera meiri kröfur til hans sem höfundar. **Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hefðbundin glæpasaga um Einar blaðamann, en heldur þunnildisleg í samanburði við fyrri bækur höfundar.





LÍNAN
BÆJARLIND 16 | KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

# Einstakt verk, fullt af fróðleik

## komið aftur í smærra og handhægara broti




Yfir **500** bls.
– ríkulega myndskreytt

*Afar veglegt verk um manninn og mannkynið, tilveru þess og umhverfi.*




Ævintýralegur leiðangur um öll svið mannlegrar tilveru, allt frá því hvernig líkami okkar starfar til þess hvernig við hugsum og framkvæmum. Bókin varpar ljósi á fjölbreytni mannlífsins og veitir sýn á ótrúlega fortíð okkar, heillandi nútíð og undraverða framtíð.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardagar 11–15 | **www.forlagid.is**
















# Ágætlega teygt á fínum lopa

**KVIKMYNDIR**

**Svarta gengið: saga um ást, dauða, bónda og fé**

★★★☆☆

**Leikstjórn: Kári G. Schram**

**Framleiðslufyrirtæki:** Moment Films
**Klipping:** Kári G. Schram
**Tónlist:** Friðjón Guðlaugsson

Sorgin getur tekið sér ýmis form og lífið verður aldrei fyllilega aftur eins þegar manns nánustu eru fallnir frá. Þessi skilaboð eru tekin fyrir hér í heimildarmyndinni um Svarta gengið, þar sem sögð er saga um einveru, söknuð og fyrst og fremst kærleika ansi skrautlegs bónda gagnvart kindum sínum.

Við kynnumst Þorbirni Péturssyni, fjárbónda og einsetumanni að Ósi Arnarfirði. Þorbjörn þurfti að bregða búi vegna slits og veikinda og þar af leiðandi fella allt sauðféð sem honum var svo annt um. Þar á meðal var fjárhópur sem bóndinn kallaði Svarta gengið. Þennan hóp hafði hann alið sérstaklega og neitaði að senda hann í sláturhús. Í staðinn ákvað hann að grafa féð heima og reisa minnisvarða.

Sagan hans Þorbjörns er á ýmsa vegu athyglisverð vegna þess að hann er sjálfur mikill karakter; einlægur, viðkunnanlegur, laus við alla tilgerð og með mikinn húmor fyrir dauðanum, virðist vera. Myndefnið sjálft verður þó seint álitið spennandi frekar en viðburðaríkt og heildin virðist lítið hafa að segja um það sem hún telur upp í undirheiti sínu: ást, dauða, bónda og fé. Þetta ristir allt afskaplega grunnt og Kári G. Schram, með hjartað á réttum stað, stillir efniviðnum frekar upp sem langri heimsókn en krufningu á lífi og tilfinningum Þorbjörns.

Við fylgjumst með hversdagslífi bóndans, inni og úti, og nokkrum litlum breytingarskeiðum. Vandinn er að myndefnið þolir varla þennan tæpa klukkutíma sem heildarlengdin stendur í og hefði því alveg mátt skafa góðar tuttugu mínútur af henni. Það er töluvert af endurtekningum, dauðum þögnum og uppfyllingum. Að öðru leyti er klipping og almennt samsetning í fínu lagi frá tæknilegu sjónarhorni og tónlistin eftir Friðjón Guðlaugsson styrkir rennslið aðeins og setur þokkalegan svip á verkið.




Í rauninni hefði Svarta gengið betur gagnast sem hálftíma langt innslag sem kæmi sér vel fyrir einhvers staðar á milli kvöldfrétta og sunnudagsbíómyndarinnar á RÚV. Þetta hefði mátt vera mjög krúttlegt allt, blákalt og hreinskilið og fer ekki á milli mála að áhorfandann langi örlítið til að gefa umræddum bónda hresst faðmlag að áhorfi loknu. Annars hef ég aldrei áður orðið var við svona margar stafsetningarvillur í einum kreditlista. Ef til vill voru sumir eitthvað að flýta sér, sem er örlítið kaldhæðnislegt í ljósi þess að verkefnið var unnið á fimm árum. En Þorbjörn tryggir það með persónuleika sínum einum að heimsóknin verði aldrei of leiðinleg. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Einlægt innlit til kostulegs bónda en samantektinni er ábótavant og hefði mátt þétta á rennslinu.

## Frumsýningar



**ALLIED**
Rómantísk spennumynd
Aðalleikarar: Brad Pitt, Marion Cotillard, Jared Harris, Lizzy Caplan, Matthew Goode, Raffey Cassidy, Charlotte Hope, Lasco Atkins, Marion Bailey, Billy Burke
Frumsýnd: 1. desember
IMDB: 7.2
Rotten Tomatoes: 62%



**VAIANA**
Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna
Aðalleikarar: Dwayne Johnson (The Rock), Alan Tudyk, Auli'i Cravalho, Phillipa Soo
Frumsýnd: 1. desember
IMDB: 8.3
Rotten Tomatoes: 98%



**UNDERWORLD: BLOOD WARS**
Hrollvekja
Aðalleikarar: Kate Beckinsale, Theo James, Tobias Menzies, Bradley James, Charles Dance, Lara Pulver, Alicia Vela-Bailey
Frumsýnd: 2. desember
IMDB: 6.6



ÚT MEÐ ÞIG
ARNASYNIR
THE NORTH FACE
HÚFUR OG HANSKAR
VERÐ FRÁ
4.990 KR.
THERMOBALL - NORTH FACE
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
FÁANLEGIR Í ÝMSUM LITUM OG Í BÆÐI DÖMU- OG HERRASNIÐI
29.990 KR.
GÖNGUSTAFIR
LEKI EAGLE
TILBOÐ
7.990 KR.
BASE CAMP DUFFEL
TÖSKUR FRÁ THE NORTH FACE Í ÝMSUM STÆRÐUM OG LITUM
VERÐ FRÁ
16.990 KR.
MEINDL GÖNGUSKÓR
KANSAS: FÁANLEGIR Í DÖMU- OG HERRAÚTFÆRSLU
LÆKKAÐ VERÐ
34.990 KR.
BAKPOKAR
DEUTER FUTURA DAGPOKAR
FRÁ 19.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
Fatnaður á mynd: North Face




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5 - 5:40 | L |
| VAIANA ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| ALLIED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| ALLIED VIP | KL. 10:40 | VIP |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 8 - 10:45 | 9 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 | VIP |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 8 - 10:45 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| VAIANA ENSKT TAL 2D | KL. 10:40 | L |
| ALLIED | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 | 9 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 6 - 10 | 9 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 | 16 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ALLIED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| BAD SANTA 2 | KL. 10:45 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 | 9 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| ALLIED | KL. 5:20 - 8 - 10:45 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 9 - 10:45 | 9 |
| LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 - 10:40 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| ALLIED | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 9 |








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 1. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Dark Vibra II
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Í tilefni nýrrar útgáfu á tónverkum Dark Vibra, sem skipaður er Kristni Má Pálmasyni og Baldri J. Baldurssyni, hefur dúettinn fengið til liðs við sig fjóra listamenn til að gera sjö myndbönd við jafnmörg verk nýju plötunnar. Listamennirnir sem um ræðir eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Christian Elgaard, Emiliano Monaco og Nicolas Liebing. Myndböndin verða sýnd í Mengi. Miðaverð: 2.000 krónur.

**Hvað?** Leiðsögn um útskriftarsýningu VMA
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Ketilhúsið, Akureyri
Í dag verður boðið upp á leiðsögn um útskriftarsýningu listnáms- og hönnunarbrautar VMA sem var opnuð síðastliðinn laugardag. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Jólaveisla með Harold Burr
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Tónleikar og matur í Hannesarholti þar sem Harold Burr úr hinni goðsagnakenndu sveit The Platters flytur ameríska standarda, jólalög og eigin tónlist. Verð fyrir tónleika og jólaplattann er 10.900 krónur.

**Hvað?** Aðventutónleikar Sönghóps Suðurnesja
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hljómahöllin, Keflavík
Eins og undanfarin ár verður Sönghópur Suðurnesja með aðventutónleika í byrjun desember. Miðaverð 3.500 krónur.

**Hvað?** Berndsen og One Week Wonder
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Retro-kóngurinn Berndsen mætir dúndrandi hress á Húrra í kvöld. Einnig mun hljómsveitin One week wonder spila sama kvöld. Miðaverð 1.500 krónur.

**Hvað?** Fullveldispönk!
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Sveitirnar Suð, Fræbbblarnir, Jonee Jonee og Tappi tíkarrass spila á Hard Rock í kvöld í tilefni fullveldisins. Miðaverð 2.000 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Janus-markaður
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Skúlagata 19, 2. hæð
Á markaðnum verður boðið upp á fjölbreytt úrval list- og nytjahluta á góðu verði ásamt kaffi- og vöfflusölu og góðri stemningu. Ágóði sölunnar rennur í styrktarsjóð Janusar endurhæfingar en sjóðurinn styrkir þátttakendur sem eru í tímabundinni fjárhagslegri neyð. Bankareikningur sjóðsins er hjá Íslandsbanka, númer 526-26-4907, kt. 490713-0340. Öll framlög vel þegin.


**Lóa Hjálmtýsdóttir opnar sýningu á Mokkakaffi í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**Hvað?** Huglægt landslag
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gallerí Kjallari, Palóma, Naustunum
Opnun á sýningu Arnar Birgis tónlistamanns, listmálara og lokaársnema í myndlist við LHÍ verður haldin í kjallara skemmtistaðarins Paloma. Þetta er fimmta einkasýning.

**Hvað?** Innrás Snúðru og Túðru
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mokkakaffi, Skólavörðustíg
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir opnar sýningu tileinkaða systrunum Snúðru og Túðru á Mokka. Í tilefni af opnuninni er öllum hjartanlega velkomið að þiggja kakó, kaffi og með því í dag.

**Hvað?** Hvolfspegill / Upsidedome
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga
Meistaranemar við myndlistardeild Listaháskólans sýna verk sín í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Stendur sýningin til 11. desember.

**Hvað?** Um Snorra Eddu og Munkagaman – nokkur atriði úr menningarsögu íslenskra miðalda
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands
Sveinbjörn Rafnsson, prófessor emeritus í sagnfræði við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur sem hann nefnir Um Snorra-Eddu og Munkagaman – nokkur atriði úr menningarsögu íslenskra miðalda.

**Hvað?** Aðventutónleikar Sinfóníunnar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Á aðventutónleikum Sinfóníunnar hljómar hátíðleg tónlist eftir þrjá meistara 18. aldar: Bach, Händel og Mozart. Tvö hrífandi verk eftir Mozart ramma inn efnisskrána, fjörmikill forleikur að Brúðkaupi Fígarós og sinfónía nr. 39 sem var ein sú síðasta sem hann samdi. Einleikari á Aðventutónleikunum er Elfa Rún Kristinsdóttir. Miðaverð 2.500 – 7.200 krónur.

**Hvað?** Yfir til þín - Spaugstofan
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Þjóðleikhúsið
Sýning Spaugstofunnar verður sýnd í 35. sinn í kvöld. Miðaverð 5.500 krónur.

**Hvað?** Litlu jólin í Ægisgarði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ægisgarður, Eyjarslóð
Litlu jólin verða tekin með bjórþema í Ægisgarði en bruggmeistari Víking ölgerðar mætir með smakk handa gestum. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Friðarfundur: Amnesty International
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Á friðarfundi kvöldsins mun Bryndís Bjarnadóttir, herferðastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, fjalla um mannréttindahugtakið í víðu samhengi. Þeir eru á íslensku og eru öllum opnir án endurgjalds.





BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| One More Time With Feeling | 17:45, 20:00, 22:15 |
| Grimmd | 18:00 |
| Rúnturinn | 18:00 |
| Absolutely Fabulous | 20:00 |
| Baskavígin | 20:00 |
| Gimme Danger | 22:00 |
| Innsæi | 22:00 |




GEFÐU SKEMMTILEGA
GJÖF UM JÓLIN
BÍÓMIÐI, PEPSI & POPP
GJAFABRÉF Á SAMBIO.IS
EÐA Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA
pepsi
SAMBÍÓIN
Pop Corn
SAMbio.is
SAMBÍÓIN

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** Simpson-fjölskyldan
**07.30** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** The World's Strictest Parents
**11.45** Marry Me
**12.10** Léttir sprettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Before We Go
**14.35** Drumline. A New Beat
**16.25** Simpson-fjölskyldan
**16.45** Jóladagatal Afa
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** **Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.45** Masterchef USA
**20.30** **NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**21.20** **Lethal Weapon** Spennandi framhaldsþáttur sem byggður er á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer að öllu með gát en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri.
**22.05** Murder
**23.05** High Maintenance
**23.35** Borgarstjórinn
**00.05** Gåsmamman
**00.50** The Young Pope
**01.35** Banshee
**02.25** Banshee
**03.15** Person of Interest
**04.00** Jarhead 2: Field of Fire

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** League Cup
**08.40** League Cup
**10.20** Dominos deild karla
**12.10** Körfuboltakvöld
**13.40** Premier League
**15.20** League Cup
**17.00** League Cup
**18.40** Premier League World
**19.05** Domino's-deild karla
**21.10** League Cup Highlights
**21.40** NFL Gameday
**22.10** UFC Unleashed
**22.55** Premier League World
**23.25** Enska 1. deildin

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.45** Domino's-deild kvenna
**09.25** Premier League
**11.10** Premier League
**12.55** Premier League Review
**13.50** Messan
**15.20** Spænski boltinn
**17.05** Spænsku mörkin
**17.35** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**18.00** Domino's-deild kvenna
**19.40** Enska 1. deildin
**21.50** Þýski boltinn
**23.35** Þýsku mörkin
**00.00** Domino's-deild karla

## STÖÐ 3

**17.45** Mike & Molly
**18.05** League
**18.30** New Girl
**18.55** Modern Family
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Tekinn
**20.15** Veistu hver ég var?
**20.50** Supergirl
**21.35** Gotham
**22.20** Klovn
**22.50** Vicious
**23.15** NCIS: New Orleans
**00.00** Fóstbræður
**00.30** Tekinn
**00.55** Veistu hver ég var?
**01.30** Gotham
**02.10** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Kormákur
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.13** Kormákur
**11.25** Brunabílarnir
**11.47** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Kalli á þakinu
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.35** Stóri og Litli
**14.47** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.13** Kormákur
**15.25** Brunabílarnir
**15.47** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Kalli á þakinu
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.35** Stóri og Litli
**18.47** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Hetjur Valhallar – Þór



Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World
**08.50** Nedbank Golf Challenge
**14.10** RSM Classic
**17.10** Golfing World
**18.00** Hero World Challenge
**21.30** PGA Championship
**23.30** PGA: Arnold Palmer Special

## BÍÓSTÖÐIN

**12.15** Heaven Is for Real
**13.55** Hysteria
**15.35** The Future
**17.05** Heaven Is for Real
**18.50** **Hysteria** Rómantísk gamanmynd sem segir sögu ungs læknis, Mortimier Granville, sem hefur verið rekinn frá nokkrum spítölum fyrir að vefengja aðferðir eldri lækna. Hann fer að starfa með Dr. Dalrymple sem sérhæfir sig í að lækna karlmannslausar konur með ákveðnu mjaðmanuddi. Hinn ungi og aðlaðandi Mortimier er fljótur að laða að sér stóran kúnnahóp og heldur áfram rannsóknum sínum á kynlífssveltum konum með aðstoð frumkvöðuls sem hefur þróað tæki sem seinna er nefnt titrari. Þessi uppfinning gerir Mortimier að auðugum manni.
**20.30** The Future
**22.00** **Red** Hörkuspennandi mynd með Bruce Willis, Morgan Freeman og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Sérsveitarmaðurinn Frank Moses er sestur í helgan stein en þegar hátæknilegir launmorðingjar elta hann uppi, kallar hann saman gömlu sveitina sína og reynir að komast að því hver fyrirskipaði árásina.
**23.55** Flight 7500
**01.20** A Single Shot
**03.15** Red

## RÚV

**15.30** Eldsmiðjan
**16.15** Stóra sviðið
**16.50** Last Tango in Halifax
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Sáttmálinn
**18.20** Leyndarmál Absalons
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Reimleikar
**20.35** Best í Brooklyn
**21.00** Versalir
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Lögregluvaktin
**23.10** Baráttan um þunga vatnið
**23.55** Kastljós
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn og Spotify
**08.00** The McCarthys
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Síminn og Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** American Housewife
**14.20** Survivor
**15.05** The Voice Ísland
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man With a Plan
**20.35** Speechless
**21.00** This is Us
**21.45** MacGyver
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** 24
**00.35** Sex & the City
**01.00** Law & Order. Special Victims Unit
**01.45** This is Us
**02.30** MacGyver
**03.15** The Tonight Show
**03.55** The Late Late Show
**04.35** Síminn og Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




NÝTT Á STÖÐ 2

LETHAL WEAPON

Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.

SPENNANDI FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

MASTERCHEF USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



NCIS

Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



NÝTT Á STÖÐ 2

MURDER

Bresk sakamálaþáttaröð í fjórum hlutum. Í hverjum hluta er fjallað um sama málið en frá ólíkum sjónarhornum. Með hverri sögunni færumst við nær sannleikanum.



HIGH MAINTENANCE

Ungur maður hefur lífsviðurværi sitt af því að selja kannabis til ólíkra einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera taugaveiklaðir.



RED

Hörkuspennandi mynd um sérsveitarmanninn Frank Moses með Bruce Willis, Morgan Freeman og Helen Mirren í aðalhlutverkum.



KLOVN

Hressileg þáttasería um þá félaga Frank og Casper og ótrúleg ævintýri þeirra sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


NÓA Konfekt
Gullni miðinn
NÓI SÍRÍUS
LEYNIST GULLNI MIÐINN
Í ÞINNI ÖSKJU?
Kauptu konfektöskju og þú gætir **unnið 65" Samsung sjónvarp** að verðmæti 299.995 kr.*
NÓA Konfekt
*Gildir um 800 g, 1 kg og 1,2 kg öskjur.

# nettó

# Veislan byrjar hjá okkur

Franskur gæðakalkúnn á frábæru verði!



KALKÚNN HEILL - FROSINN 3 STÆRÐIR
**998 KR/KG** ❄




-25%
KALKÚNABRINGA - FERSK
ÁÐUR: ~~2.947 KR/KG~~
**2.358 KR/KG**




-27%
KJÖTSEL SVÍNASÍÐA MEÐ PURU (PURUSTEIK)
ÁÐUR: ~~1.898~~
**1.386 KR/KG**



GÆSABRINGUR
ÁÐUR: ~~3.498~~
**3.148 KR/KG** ❄



-30%
HUMAR ÁN SKELJAR - 800 GR. POKI
ÁÐUR: ~~4.998 KR/PK~~
**3.499 KR/PK**




NÝTT Í nettó
HÁTÍÐARSÚPA HUMARSÖLUNNAR, 850 ML
**1.298 KR/STK**




HUMAR BRAUÐAÐUR - 500 GR.
**2.998 KR/PK**
NÝTT Í nettó




-31%
GRANDIOSA PIZZAROLLS - 155 GR. OSTUR&SKINKA EÐA PEPPERONI
ÁÐUR: ~~429 KR/PK~~
**298 KR/PK** ❄




ALMONDY KAKA TOBLERONE - 400 GR.
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~
**798 KR/PK** ❄




-20%
ALMONDY KAKA MEÐ DAIM - 400 GR.
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~
**798 KR/PK** ❄




-20%
BRJÓSTSYKUR 140G - 15 GERÐIR
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~
**199 KR/PK**

**Tilboðin gilda 1. – 4. desember 2016**


Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KJÖTSEL

-40%

AÐVENTUSTEIK GRÍSABÓGUR
FYLLTUR M/KANEL OG EPLUM
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
1.499 KR KG

KJÖTSEL

-20%

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR
ÁÐUR: 2.798 KR/KG
2.238 KR KG

*Ferskt rauðkál í tilboði*

-50%

RAUÐKÁL
ÁÐUR: 289 KR/KG
145 KR KG

KS

KS KRYDDUÐ
HELGARSTEIK
2.598 KR KG

Opal Seafood

OPAL BIRKIREYKTUR
LAX - 300 GR
ÁÐUR: 1.977 KR/PK
1.740 KR PK

OPAL GRAFIN LAX
- 300 GR.
ÁÐUR: 1.898 KR/PK
1.670 KR PK

DAN CAKE

*Góður eftirréttur!*

-20%

KAKA PREMIUM
KREM OG SPÆNIR - 350 GR.
ÁÐUR: 549 KR/PK
439 KR PK

JÓLAKÚLUR
- 175 GR
ÁÐUR: 279 KR/PK
223 KR PK

RÚLLUTERTA
JÓLA 370 GR.
ÁÐUR: 449 KR/PK
359 KR PK

RÚLLUTERTA
HUNANGS - 300 GR.
ÁÐUR: 449 KR/PK
359 KR PK

ANNAS Original PEPPARKAKSHUS

PIPARKÖKUHÚS - 300 G
599 KR PK

Piparkökur

ÓDÝRT - JÓLAPIPARKÖKUR
- 300 GR.
269 KR PK

ANNAS Original PEPPARKAKOR

PIPARKÖKUR
- 375 G
498 KR PK

*Frábært úrval af jólasælgæti!*

Roses

Celebrations

Merryteaser

Quality Street

Quality Street

ONLY

Celebrations

Quality Street

After Eight

# Jólabíómyndadagatalið

Desembermánuður er runninn upp með sínum ys og þys. Eftir erfiðan vinnudag og bökunarkvöld er fátt betra en að hlamma sér í sófann og setja á góða jólamynd. Lífið tók saman bíómyndadagatalið til jóla. Góða skemmtun.

**1. Muppets Christmas Carol**
Skemmtileg tónlistarmynd sem er fín leið til að byrja desembermánuðinn.

**2. Richie Rich's Christmas Wish**
Mynd sem fór beint á DVD á sínum tíma en er ákaflega vanmetin snilld.

**3. Christmas Carol**
Jim Carrey er í essinu sínu í þessari ótrúlega skemmtilegu jólamynd.




**4. Love Actually**
Hér þarf ekkert að segja. Jólamynd allra jólamynda. Vonandi verður kominn snjór því þá er hún enn betri. Ekta mynd fyrir fyrsta laugardag í desember.

**5. Home Alone 2**
Vissulega skrýtið að byrja á númer 2 en við geymum hina til aðfangadags. Það er alltaf gott að hlæja og sérstaklega á sunnudegi.



**6. Lethal Weapon**
Samband Rogers Mortaugh og Martins Rigg er góð leið til að enda þennan mánudag. Hress, skemmtileg og spennandi mynd sem gerist á jólunum.




**7. Jingle All the Way**
Vöðvafjallið Arnold Schwarzenegger er hér sem vinnualkinn Howard Langston sem verður að fá Turbo-kallinn eftirsótta sem sonur hans vill í jólagjöf.



**8. Harry Potter Philosopher's Stone**
Ævintýrið um galdrastrákinn var alltaf frumsýnt um jólin en í þessari mynd er eftirminnilegt jólaatriði í Hogwart-kastalnum.

**9. Die Hard 2**
Aftur er John McClaine í þeim aðstæðum að þurfa bjarga fólki um jólin. Dulles flugvöllurinn er yfirtekinn og McClain þarf að taka á öllu sínu til að bjarga Holly sinni niður úr háloftunum.

**10. Jack Frost**
Jólin er tími nostalgíu og þá kemur Michael Keaton sterkur inn. Keaton leikur mann sem deyr í bílslysi en kemur til baka sem snjókall. Ævintýri sem er alltaf skemmtilegt.

**11. While You Were Sleeping**
Sandra Bullock í essinu sínu en hún leikur Lucy sem er frekar einmana sál. Hún bjargar ástinni sinni á jóladag og hjúkrunarkona heldur að hún sé ástin hans. Úr verður frábær saga.



**12. Scrooged**
Nútímaútgáfa af klassísku Jólaævintýri Dickens. Bill Murray leikur Skrögginn og er auðvitað frábær í því hlutverki eins og vanalega. Hann hittir fyrir drauga og þið þekkið restina.



**13. Grinch**
Jim Carrey fer á kostum í aðalhlutverki sem Trölli sjálfur í þessari kvikmyndaaðlögun á bók Dr. Seuss.

**14. The Santa Clause**
Tim Allen leikur hér fjölskylduföður, en hann er auðvitað meistari í því hlutverki, sem tekst að drepa jólasveininn og verður því að taka við hlutverki hans.



**15. Christmas Vacation**
Uppáhaldsjólamynd allra um hræðilega erfið jól Griswold-fjölskyldunnar. Þessi mynd gerir hreinlega jólin hjá sumum.

**16. Love Actually**
Myndin er það góð að hún á skilið að vera tvisvar. Nú á að horfa á föstudegi til að keyra helgina í gang og spurning hvort dansspor Hughs Grant verður leikið eftir – heima í stofu.



**17. Elf**
Will Ferrell í essinu sínu sem gaur sem hefur verið alinn upp meðal álfa en þarf að yfirgefa svæðið vegna stærðar sinnar og aðlagast mannheimum – bara þessi lýsing er fyndin.

**18. The Holiday**
Tvær konur skiptast á húsum um jólin og finna báðar bæði ástina og sjálfa sig í nýju landi. Cameron Diaz, Jude Law, Kate Winslet og Jack Black að brillera.




**19. Miracle on 34th Street**
Gamall maður segist vera jólasveinninn og þarf að verja það fyrir rétti. Hér má bæði horfa á hina sígildu útgáfu frá 1947 og endurgerðina frá 1994 – báðar frábærar.




**20. It's a Wonderful Life**
Meistaraverk Franks Capra er ekki bara ein besta jólamynd allra tíma heldur bara ein besta mynd allra tíma. Punktur.

**21. The Family Man**
The Family Man er að einhverju leyti byggð á It's a Wonderful Life svo að það er ákaflega viðeigandi að horfa á hana á þessum degi. Nick Cage á jólunum er líka plús.





**22. Die Hard**
Fyrsta Die Hard-myndin er frábær jólamynd fyrir alla þá sem eiga erfitt jólafrí sem byrjar með löngu ferðalagi og endar með því að fjölskyldan er tekin í gíslingu ... eða eitthvað.



**23. Lord of the Rings-serían**
Þeir sem eru búnir að öllu á Þorláksmessu ættu bara að nýta daginn í að horfa á þessa frábæru trílógíu og slaka á.




**24. Home Alone 1**
Á aðfangadag ætti að minna alla á að það er æðislegt að vera með fjölskyldunni og við erum öll heppin að gleymast ekki heima.


ALLIR ÚT AÐ KÍKJA!
Horfðu til himins – þar leynist fleira en þig grunar!
2. PRENTUN VÆNTANLEG
Sævar Helgi Bragason
STJÖRNU SKOÐUN
fyrir alla fjölskylduna
*Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna* fjallar um undrin sem sjá má á næturhimninum, frá sólsetri til sólarupprásar. Greint er frá því helsta sem sést með berum augum frá Íslandi, allt frá næturregnbogum og norðurljósum til gervitungla og stjörnuhrapa, að himintunglunum ógleymdum.
LJÓNIÐ
Sævar Helgi Bragason er ritstjóri Stjörnufræðivefsins, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness og einn reyndasti stjörnuskoðari landsins.
FORLAGIÐ
LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardagar 11–15 | www.forlagid.is

# Fyrsta tískulína Eddu væntanleg

**Edda Gunnlaugsdóttir** textílhönnuður hannar nýjustu fatalínu Moss Reykjavík og Gallerís sautján. Línan kemur í verslanir í dag og samanstendur af fjórtán hlutum.

Svava hafði samband við mig þegar hún átti leið til London fyrr í vor og hittumst við í kjölfarið. Þar lagði hún til að ég myndi hanna nýja línu fyrir Moss Reykjavík og Gallerí sautján. Mér fannst það vissulega mjög spennandi og að sjálfsögðu ákvað ég slá til. Ég byrjaði að vinna hjá NTC 2007 og var hjá þeim til 2013. Nokkrum dögum eftir að við Svava höfðum hist og farið yfir málin var ég komin heim til Íslands, búin að hitta teymið og allt komið á fullt í hugmyndavinnu,“ segir Edda Gunnlaugsdóttir fatahönnuður spurð út nýjustu tískulínu hennar, Edda x Moss.

Edda tók sín fyrstu skref á listabraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Í kjölfarið lærði hún textílhönnun í College of Fashion í London og útskrifaðist þaðan í vor, og er þetta því stórt tækifæri fyrir hana.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir ungan hönnuð eins og mig. Verkefnið kom upp þegar ég var að klára skólann og var þetta fullkomin tímasetning. Það er mikil viðurkenning að fá að vinna með þessu flotta fyrirtæki, sem mér þykir svo vænt um. Samstarfið hefur gengið mjög vel og þar var gaman að vinna með duglegu og hæfileikaríku fólki hjá NTC,“ segir Edda.

Aðspurð hvernig línan verði segir Edda að hún samanstandi af fjórtán flíkum, svo auðvelt er að finna eitthvað við sitt hæfi.

„Ég vildi leggja áherslu á falleg smáatriði, að fötin væru þægileg og auðvelt væri að klæðast þeim. Allar flíkurnar henta vel við fínni tilefni sem er svo skemmtilegt á þessum árstíma. Einnig er sérstaklega gaman að sjá mynstrin sín á fötunum,“ segir hún.

*Hvaðan kom innblásturinn fyrir línuna?* Innblásturinn kom úr mörgum áttum, en lokaverkefni mitt í skólanum snerist mikið um lausa þræði, náttúru og sérstaka áferð. Þaðan vann ég mynstrin. Þegar ég hannaði flíkurnar lagði ég áherslu á hvað ég myndi vilja sjá í mínum fataskáp og hvað mér fannst vanta. Línan varð að vera „Edduleg“, ef svo má að orði komast, og mér finnst okkur hafa tekist vel til,“ segir Edda en línan kemur í verslun Gallerís sautján í dag.

gudrunjona@frettabladid.is



Edda Gunlaugsdóttir hannar nýjustu Moss-línuna. MYND/HILDUR







Edda leggur áherslu á falleg smáatriði og að fötin séu þægileg. MYND/HILDUR.

# Þjóðarátak í deilingum á íslenskri tónlist

Dagur íslenskrar tónlistar er í dag og af því tilefni verður efnt til herferðar sem þjóðin öll á að taka þátt í á samfélagsmiðlum með því að nota myllumerkið #IcelandMusicDay. Þannig geta landsmenn tekið virkan þátt í markaðssetningu íslenskrar tónlistar á samfélagsmiðlum og hafið hana til vegs og virðingar á erlendri grund, eins og segir í tilkynningu frá Samtökum tónlistarrétthafa.

#IcelandMusicDay, fer þannig fram að fólk velur uppáhalds íslensku lögin sín af tónlistarveitum eins og Spotify eða Youtube, deilir og merkir 1 til 5 erlenda vini sína. Allir eru hvattir til að taka þátt og kynna íslenska tónlist fyrir erlendum vinum sínum í þessu samstillta átaki, en þetta er í fyrsta skipti svo vitað sé að heil þjóð styður svo þétt við bakið á tónlistarfólki sínu.

Enn fremur segir að máttur samfélagsmiðla sé ótvíræður og eru því þátttakendur hvattir til að virkja sem flesta; vini, vandamenn, fyrirtæki eða fjölskyldur, og bera þannig hróður íslenskrar tónlistar sem víðast á þessum merka degi.

Að venju verður efnt til þjóðarsamsöngs á þessum degi klukkan 11.15, en þá verður þremur lögum útvarpað á helstu útvarpsstöðvum landsins og allir landsmenn hvattir til að taka undir, hvar sem þeir eru staddir.

Lögin eru Vísur Vatnsenda-Rósu, Hver á sér fegra föðurland og Sautján þúsund sólargeislar úr Bláa hnettinum. **benediktboas@365.is**



**Börnin í Bláa hnettinum syngja lagið Sautjánþúsund sólargeislar eftir þau Berg Þór Ingólfsson og Kristjönu Stefánsdóttir.**



# GAUTI rappar rapp & MAGGI leikstýrir leikstjórn

**Emmsjé Gauti** frumsýnir í dag nýtt myndband við lagið Svona er þetta af plötunni 17. nóvember. Hann lýsir myndbandinu sem ákveðnu sprelli í takt við lagið sem sé það einnig. Leikstjóri myndbandsins er **Magnús Leifsson** en hann hefur getið sér gott orð sem leikstjóri tónlistarmyndbanda.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Það er lítið hægt að segja frá myndbandinu án þess að skemma fyrir – en það er allavega ekki beint söguþráður … er fólk enn að hafa söguþráð í myndböndum? Allavega er þessu leikstýrt af Magnúsi Leifssyni, en hann er orðinn vel þekktur íslenskur leikstjóri. Hann hefur líka getið sér gott orð í myndlist á undan því – alls konar myndlist: grafískri hönnun og úðabrúsalist," segir Gauti um nýjasta myndband sitt sem er við lagið Svona er þetta af nýjustu plötunni sinni, 17. nóvember.

Magnús Leifsson hefur leikstýrt þó nokkrum frábærum tónlistarmyndböndum sem hafa vakið mikla athygli. Hann gerði myndbandið við lagið Brennum allt með Úlfur Úlfur og einni lagið Tarantúlur frá sömu hljómsveit og hlaut fyrir það Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2014.

**MAGGI HEFUR EINSTAKT AUGA – BÆÐI FYRIR STAÐSETNINGUM OG LITUM. HANN SÉR HLUTINA ÖÐRUVÍSI EN AÐRIR OG HEFUR NÁÐ AÐ SKAP SÉRSTÖÐU MEÐ SÍNUM STÍL.**

„Myndbandið er jafn fullt af leik og lagið – lagið er einhvern veginn allt og ekkert, bara ég að rappa rapp og myndbandið er í raun Maggi að leika sér í kring um lagið; að leikstýra leikstjórn. Síðast þegar við Maggi unnum saman varð vídeóið Strákarnir til. Við höfum alveg haft það bak við eyrað að vinna saman aftur. Það var bara þegar þessi plata kom út og hann heyrði þetta lag „dibsaði" hann það og sagði „ég vil gera vídeó við þetta".

Ég hef engar áhyggjur af því að fólk fíli ekki útkomuna; Maggi hefur einstakt auga – bæði fyrir staðsetningum og litum. Hann sér hlutina öðruvísi en aðrir og hefur náð að skap sérstöðu með sínum stíl."



Emmsjé Gauti hefur ekki setið auðum höndum þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Magnús Leifsson pælir mikið í litum og staðsetningu eins og sést bersýnilega í þessu skoti. MYND/MAGNÚS LEIFSSON



Gauti ætlar að tvinna saman verslun, partí og frumsýningu í Húrra Reykjavík í kvöld – en leikar hefjast klukkan sex. MYND/MAGNÚS LEIFSSON

*Geturðu gefið okkur smá vísbendingu um hvernig myndband þetta er – er það leikið?*

„Það eru leikarar í vídeóinu en ég vil ekki segja hverjir það eru," segir Gauti en gefur í skyn að þarna gætu verið einhverjir gestir, mögulega svipað og í myndbandinu Strákarnir – en þar var nánast öll íslenska rappsenan í heimsókn.

*Verður eitthvað gert í tilefni þessarar útgáfu?*

„Þegar ég gaf út Vagg og veltu gerði ég vörur í kringum útgáfuna í leiðinni og ég fór í uppáhalds fatabúðina mína – Húrra Reykjavík því að mér datt í hug hvort að það væri ekki gaman að opna verslun inn í verslun, svona popup verslun. Ég sé yfirleitt bara sjálfur um að selja vörurnar ásamt umboðsskrifstofunni minni auk þess sem það er hægt að panta þær á emmsje.is en það er bara skemmtilegra fyrir fólk að geta mátað og prúttað og svona.

**ÞESSI POP-UP VERSLUN VERÐUR Á SAMA TÍMA OG FRUMSÝNINGARPARTÍIÐ Í HÚRRA. ÞAÐ VERÐUR DJ OG EINHVERJIR DRYKKIR OG ÉG VAR BÚINN AÐ LOFA SKRÚFUSNAKKI.**

Þessi pop-up verslun verður á sama tíma og frumsýningarpartíið í Húrra. Það verður DJ og einhverjir drykkir og ég var búinn að lofa skrúfusnakki. Vídjóið verður sýnt á slaginu sjö og eftir það verða einhver „raps". Partíið byrjar klukkan sex og það er ágætt fyrir fólk sem er búið að kaupa plötuna að mæta þá og fá „five" og áritun á gripinn."

Þess má geta að partíið fer fram í kvenfataverslun Húrra sem er til húsa að Hverfisgötu 78.






## BLAZIN' BOXMASTER

Original kjúklingabringa, brakandi beikon, kál, ostur, kartöfluskífa, bragðmikið salsa og toppað með sjóðheitri chipotle-sósu.

**1.099 KR.**

Blazin' Boxmaster, 3 Hot Wings, franskar, gos og Lakkrísdúndur

**1.899 KR.**



# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 23.11.16 – 29.11.16




**1** **Aflausn**
Yrsa Sigurðardóttir




**2** **Petsamo**
Arnaldur Indriðason




**3** **Heiða**
Steinunn Sigurðardóttir




**4** **Pabbi prófessor**
Gunnar Helgason




**5** **Vonda frænkan**
David Walliams




**6** **Þín eigin hrollvekja**
Ævar Þór Benediktsson




**7** **Svartalogn**
Kristín Marja Baldursdóttir




**8** **Tvísaga**
Ásdís Halla Bragadóttir




**9** **Elsku Drauma mín**
Vigdís Grímsdóttir




**10** **Svartigaldur**
Stefán Máni

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT



Skjáskot úr myndinni Rokk í Reykjavík þar sem hljómsveitin spilaði tvö lög, Hroll og Dúkkulísur.

# Snýr aftur í Tappa tíkarrass

Í kvöld fara fram fullveldispönktónleikar á Hard Rock. Þar stígur á svið Tappi tíkarrass sem spilaði síðast í Safarí árið 1985. **Eyþór Arnalds**, upprunalegur söngvari hljómsveitarinnar, mun þenja raddböndin.

Æfingar hafa gengið vonum framar. Við hittumst á þriðjudag og mundum allt og þetta lofar góðu. Vonandi munum við allt þegar við stöndum á sviðinu," segir Eyþór Arnalds en hann mun stíga á svið með Tappa tíkarrass í kvöld á fullveldispönktónleikum sem fram fara á Hard Rock.

Tappa tíkarrass er óþarfi að kynna, en í þeirri hljómsveit sleit sem Björk unglingsskónum með og sló í gegn í Rokki í Reykjavík. Björk verður reyndar ekki með að þessu sinni og því mun upprunalegur söngvari Tappans, Eyþór Arnalds, sjá um söng og önnur tilþrif. Þetta verða fyrstu tónleikar Tappa tíkarrass síðan hljómsveitin spilaði síðast í Safarí 1985.

„Ég var söngvari á undan Björk og síðar með henni. Við vorum saman í Rokki í Reykjavík en ég hætti í hljómsveitinni þegar ég fór að læra á selló," segir Eyþór. „Það má kalla þetta endurkomu mína í pönkið en hljómsveitin er svo forn að hún spilaði síðast árið 1985. Síðan hefur hún legið í dvala. En mér þykir vænt um þessa hljómsveit, þetta voru og eru miklir vinir mínir og pönkið á Íslandi var mjög fallegt."

Upphaflega áttu Taugadeildin og Q4U að spila á tónleikunum en vegna hjartaþræðingar Árna Daníels Júlíussonar duttu þær út. Í staðinn telja Suð og Tappi tíkarrass í myljandi pönk. Suð er rokktríó sem sendi frá sér sína aðra plötu á dögunum – Meira suð. Fræbbblarnir byrja kvöldið og Jonee Jonee endar það, en bandið kom síðast fram árið 1982.

„Pönkið á Íslandi var öðruvísi en pönkið í Bretlandi því það var svo mikil gleði í kringum þetta hér. Pönkið í Bretlandi var svolítið eins og stéttabarátta en á Íslandi var það ákall um frelsi. Við vorum að uppgötva að heimurinn væri fullur af möguleikum," segir Eyþór.

Síðustu ár hefur hann meira verið þekktur fyrir að vera athafnamaður og pólitíkus en ekki syngjandi á sviði. Hann er stjórnarformaður í hvalaskoðunarfyrirtækinu Special Tours sem á og rekur fjóra báta. „Það er mjög skemmtileg útgerð og jákvæður andi svífur yfir enda er ég með gott starfsfólk," segir hann kátur. **benediktboas@365.is**

## Sagan á bak við nafnið

Nafnið Tappi tíkarrass vekur alltaf athygli. Eyþór segir að það hafi verið pabbi Jakobs Magnússonar bassaleikara sem hafi átt það. „Magnús, hann var alltaf jákvæður og ákaflega skemmtilegur maður. Hann spurði okkur einhvern tímann eftir æfingu hvernig gengi og við sögðum sem svo að þetta væri allt að smella. Og þá sagði hann: Já, þetta smellur eins og tappi í tíkarrass. Þá gripum við hann á orðinu og sagan segir að þetta sé orðtæki að vestan."

## Tappi tíkarrass

**Stofnuð árið 1981.**
Stofnmeðlimir hennar voru Eyþór Arnalds (söngur), Jakob Smári Magnússon (bassi), Eyjólfur Jóhannsson (gítar), og Oddur F. Sigurbjörnsson (trommur).

Síðar bættust við þau Björk Guðmundsdóttir (söngur) og Guðmundur Þór Gunnarsson (trommur).

Sveitin gaf út tvær plötur – Bitið fast í vitið (1982) og Miranda (1983).



Eyþór Arnalds rekur nú hvalaskoðunarfyrirtækið Special Tours við Gömlu höfnina í Reykjavík. Fyrirtækið býður upp á hvalaskoðunar-, lunda-, norðurljósa-, hvata- og skólaferðir auk kvöldverðarsiglinga. Langt er síðan Eyþór steig á svið með Tappa tíkarrass. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Aðventukvöld!
30% afsláttur af gjafavöru og húsgögnum í dag!
Opið til kl. 20. Léttar vínveitingar milli kl. 18 og 20.
Hildur Rut Ingimarsdóttir kynnir Avocado uppskriftarbók
Luktir Day Home,
frá kr. 7.900,-, nú frá kr. 5.530,-
Camerich Crescent tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 585.000,-. nú kr. 409.500,-
Avocado bók
kr. 3.699,-, nú (-15%) kr. 3.145,-
LL sófaborð 90 cm,
kr. 136.700,-, nú kr. 95.690,-
Mikið úrval af púðum,
verð frá kr. 7.400,-, nú frá kr. 5.180,-
Körfur HK Living
frá kr. 7.600,- nú kr. 5.320,-
idp Sphera leðursófar og sófasett
Verð 3+1+1 995.000,- nú 696.500-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
PB home sófaborð 90x90x45 cm,
verð frá kr. 68.000,- , nú frá 47.600,-
LSA kökudiskur
kr. 9.900,-, nú kr. 6.930,-
LSA karafla
kr. 7.900,-, nú kr. 5.530,-
Teketill úr pottjárni
kr. 6.900,-, nú kr. 4.8 30,-
Riverdale ilmkerti
kr. 2.400,-, nú kr. 1.680,-
Hübsch klukka úr marmara,
kr. 19.800,-, nú kr. 13.860,-
KAK 5237 tungusófi m/hvíldarsæti í leðri
Litir; svart, mokka og dökkbrúnt. Verð kr. 498.000,-, nú kr. 348.600,-
Hübsch bakki m/skálum
kr. 11.900,-, nú kr. 8.330,-
PB home skápur 146 cm
kr. 136.000,-,nú kr. 95.200,-
Snowdrops Copanhagen mottur,margar stærðir,
verð frá kr. 28.000,- nú 19.600,- (120x160 cm)
Day Home borðlampi
kr. 59.900,-,nú kr. 41.930,-
Max Benjamin gjafaaskja
kr. 9.900,-, nú kr. 6.930,-
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16.

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Stóladagar 25% afsláttur af öllum DORMA stólum



25% AFSLÁTTUR

## WESTFIELD
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Ljósgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **52.425 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## COMFY
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll. Svart, dökkbrúnt, og koníaksbrúnt PVC leður.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## POLO
hægindastóll

Svart eða brúnt PU-leður
Stærð: 80x90 H: 105 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **29.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## CLASSIC
hægindastóll

Hægindastóll. Slitsterkt áklæði, margir litir.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## TUCSON
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt og grátt leður á slitflötum.
Stærð: 85x90 H: 104 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **74.925 kr.**



25% AFSLÁTTUR

## BUFFALO
rafmagns-lyftistóll

Þessi hallar til baka, skemill fram og lyftir þér á fætur.

Stillanlegur hægindastóll. Svart, brúnt og beigelitað leður á slitflötum.
85x90 H:106 cm.

**Fullt verð: 179.900 kr.**

Aðeins **134.925 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 12-16 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# Komdu og veldu þitt draumasæti
## - aldrei meira úrval





25%
AFSLÁTTUR

**KOLDING**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Rautt, ljós- og dökkgrátt áklæði.

**Fullt verð: 109.900 kr.**

Aðeins **84.425 kr.**

**KOLDING**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, grátt og rautt leður.

**Fullt verð: 139.900 kr.**



25%
AFSLÁTTUR

Aðeins **104.925 kr.**



25%
AFSLÁTTUR

**SILKEBORG**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **52.425 kr.**

**SILKEBORG**
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart og dökkbrúnt leður.

**Fullt verð: 99.900 kr.**



25%
AFSLÁTTUR

Aðeins **74.925 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Skuggalegar skoðanir

Í 73. grein Stjórnarskrár Íslands segir að allir þegnar landsins séu frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þetta er hið títtnefnda tjáningarfrelsisákvæði sem við erum dugleg að sveipa um okkur á hátíðisdögum. Enda tjáningarfrelsið eins og allir vita einn af hornsteinum lýðræðislegrar umræðu.

Nú hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu deilt út ákærum á hendur aðilum sem eiga að hafa gerst sekir um svokallaða hatursorðræðu bæði á netinu og í útvarpi. Lögfræðingurinn Pétur Gunnlaugsson og guðfræðingurinn Jón Valur Jensson eru báðir í þessum hópi. Þeim er gefið að sök að hafa látið óviðeigandi ummæli falla gegn hugmyndum um hinsegin fræðslu í grunnskólum landsins.

Nú er það þannig að ég styð hugmyndir um hinsegin fræðslu í grunnskólum. Skólar eru jú fræðslustofnanir og ég tel að ranghugmyndir fólks um samkynhneigð á árum áður séu enn ekki fyllilega upprættar. Fræðslan er því hið besta mál. Persónulega finnst mér fólk sem er á móti þessum áformum vera óttalegir bjánar. Það er mín skoðun og mér leyfist að halda henni fram einmitt í krafti þess tjáningarfrelsis sem hér um ræðir.

En mér dettur ekki í hug að halda því fram að þetta sama tjáningarfrelsi nái bara utan um mínar skoðanir. Tjáningarfrelsið átti einmitt að vera til að menn eins og Pétur og Jón Valur yrðu ekki ofsóttir fyrir sínar brjáluðu skoðanir. Að þeim yrði ekki hótað frelsissviptingu fyrir að halda þeim fram. En lögreglan í Reykjavík virðist nú vera á öðru máli. Það er skuggalegt.








